

**SKOÐUN** A. Kristín Jóhannsdóttir skrifar um konur á verðbréfamarkaði. 13



**MENNING** Á sjötta hundrað listamanna frá 30 löndum taka þátt í Listahátíð í Reykjavík. 30



**SPORT** Lögfræðingur Kára Kristjáns Kristjánssonar segir uppsögn Wetzlar ekki standast lög. 26







# FRÉTTABLAÐIÐ

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI*

**Miðvikudagur**
10. apríl 2013
83. tölublað 13. árgangur
Sími: 512 5000

*Samkvæmt prentmiðlakönnun Capacent Gallup janúar - mars 2012


## FRÉTTIR



**Fornminjar í hættu**
Við bæinn Akbraut í Rangárvallasýslu er kirkjugarður frá 13. öld að tapast endanlega vegna uppblásturs. 2

**Óttast bóndann** Proskaskertur þolandi kynferðisofbeldis óttast fyrrverandi stjúpföður sinn sem losnaði úr gæsluvarðhaldi í gær 2

**Ungar og óléttar** Fleiri unglingsstúlkur verða þungaðar hér á landi en í flestum öðrum Vestur-Evrópuríkjum. Brotfall unglinga úr skólum er hátt. 4

**Arnarpar reynir varp** Skemmdarverk á arnarhreiðri í Breiðafirði virðist ekki ætla að hindra arnarpar í reyna varp aftur á sama stað. 10



12

| | | | | |
|---|---|---|---|---|
| Bolungarvík | -4° | NA | 11 |
| Akureyri | -2° | NA | 7 |
| Egilsstaðir | -1° | N | 5 |
| Kirkjubæjarkl. | -1° | ANA | 4 |
| Reykjavík | 2° | NA | 7 |

**Strekkingur** Í dag má búast við strekkingi í flestum landshlutum. Él við norðurströndina og skúrir eða slydduél allra syðst. Svalt í veðri. 4

## 2 SÉRBLÖÐ

**Fasteignasölur | Fólk**




# Engin þjóðarsátt næst með íslenskri krónu

Forseti ASÍ segir fljótandi krónu ekki vera grundvöll nýrrar þjóðarsáttar. Framkvæmdastjóri SA vill kanna möguleika fastgengisstefnu. Það verður engin þjóðarsátt nema lægstu laun hækki, segir formaður Verkalýðsfélags Akraness.

**VINNUMARKAÐSMÁL** Íslensk fljótandi króna er of lítill gjaldmiðill til þess að vera grundvöllur nýrrar þjóðarsáttar. Þetta segir Gylfi Arnbjörnsson, forseti Alþýðusambands Íslands (ASÍ).

Fjölmargir stjórnmálaflokkar hafa talað fyrir mikilvægi þess að ná nýrri þjóðarsátt um stöðugleika. Í því fælist að launahækkunum yrði stillt í hóf, en unnið að því að auka kaupmátt til lengri tíma. Gylfi segir að stjórn efnahagsmála hafi ekki gert slíkt mögulegt.

„Frá því að krónunni var fleytt árið 2001 hefur þetta verið samfelld hörmungarsaga með okkar gjaldmiðil,“ segir Gylfi. Hann vísar í skýrslu Seðlabankans þar sem fram komi að krónan hafi valdið efnahagsveifluм en ekki jafnað þær. Hann segir ASÍ opið fyrir viðræðum um þjóðarsátt, en það velti á því hvernig stjórnmálamenn hyggist tryggja stöðugan gjaldmiðil.

Þorsteinn Víglundsson, framkvæmdastjóri Samtaka atvinnulífsins, segir SA vilja kanna kosti þess að taka upp fastgengisstefnu á ný. „Í kjölfar þjóðarsáttar síðast upplifðum við í fyrsta skipti, nánast í sögu hagstjórnar á Íslandi, tímabil með stöðugu gengi og lægri verðbólgu,“ segir Þorsteinn. Þá hafi verið byggt á föstu gengi.

Vilhjálmur Birgisson, forseti Verkalýðsfélags Akraness, segir hækkun lægstu launa forsendu þjóðarsáttar.

„Það er útilokað fyrir lægst launaða fólkið að taka þátt í þjóðarsátt, einfaldlega vegna þess að það verður að leiðrétta laun þess þannig að það geti framfleytt sér og sínum.“ - kóp / sjá síðu 8

> **Frá því að krónunni var fleytt árið 2001 hefur þetta verið samfelld hörmungarsaga með okkar gjaldmiðil.**
>
> *Gylfi Arnbjörnsson, forseti ASÍ*



**VORVERK Í GRASAGARÐI** Anna Margrét Elíasdóttir og Nanna Sigríður Dungal hreinsuðu í gær til í kring um fjölæringana í bláa beðinu í Grasagarðinum í Laugardal. Nanna segir að vegna yfirvofandi frostakafla bíði fullnaðarhreinsun beðsins betri tíma. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR



**VINKONUR** Elín María Árnadóttir og Elísabet Huld Þorbergsdóttir vilja safna sem mestum peningum.

Elísabet missti pabba sinn:

## Raka allt hárið á góðgerðadegi

**MENNING** „Við vorum fyrst að grínast með þetta en svo fannst okkur þetta bara svo frábær hugmynd,“ segir Elísabet Huld Þorbergsdóttir, nemi í Hagaskóla, sem ásamt Elínu Maríu Árnadóttur, vinkonu sinni, ætlar að raka af sér hárið á góðgerðadegi skólans.

Í ár eru það Amnesty International og hópurinn Ungir aðstandendur hjá Ljósinu, stuðningshóp fyrir börn og unglinga sem eiga foreldra sem hafa greinst með krabbamein, sem njóta góðs af því sem safnast. Elísabet missti föður sinn fyrir einu og hálfu ári og þekkir því vel til starfsemi Ljóssins. „Við bróðir minn fengum mikla hjálp og stuðning þaðan þegar pabbi dó. Það var þess vegna sem mig langaði að gera eitthvað sérstakt,“ segir Elísabet. - áp / sjá síðu 24

Boða útvarpsstjóra á fund:

## Lagfæri ljós eða fjarlægi mastur

**UMHVERFISMÁL** „Það er spurning hvort við getum hreinlega heimilað stöðu mastursins lengur ef það verður ekki við þessu brugðist,“ segir Björn Ingimarsson, bæjarstjóri Fljótsdalshéraðs, og tekur undir með íbúum á Eiðum sem segja yfirgengilegan ljósagang frá langbylgjumastrinu þar alveg óviðunandi. Bæjarstjórnin vill fá útvarpsstjóra á fund. „Þetta er eins og að vera með sterk, blikkandi diskóljós í andlitinu,“ segir bæjarstjórinn. - gar sjá síðu 6

Vígslubiskup á Hólum ætlar að skýra verklag fyrir presti og sóknarnefnd í dag:

# Húsavíkurprestur á fund biskups

**SAMFÉLAGSMÁL** „Ég er búin að boða fund á morgun [í dag] á Húsavík með sóknarnefndinni og sóknarprestinum þar,“ segir Solveig Lára Guðmundsdóttir, vígslubiskup á Hólum, um mál Guðnýjar Jónu Kristjánsdóttur, sem sagði sögu sína af nauðgun í Kastljósi.

Guðný Jóna greindi meðal annars frá því að Sighvatur Karlsson prestur hefði ýjað að því að hún ætti að falla frá kærunni. Agnes M. Sigurðardóttir biskup sagði í gær að Guðný hefði sýnt hugrekki og að Solveig Lára myndi fylgja málinu eftir. „Ég mun fá að heyra hvernig aðkoma prestsins var. Síðan mun ég útskýra í hverju feril svona mál eiga að fara. Það er aldrei hlutverk presta að vera einhvers konar sáttargjörðaraðilar á milli þolenda og gerenda í ofbeldismálum,“ segir Solveig Lára. Mjög mikilvægt sé að þolendum ofbeldis sé alltaf trúað og veitt fagleg hjálp. - þeb



AGNES M. SIGURÐARDÓTTIR
SOLVEIG LÁRA GUÐMUNDSDÓTTIR










## SPURNING DAGSINS



Bjarni, eiga menn ekki bara að draga ýsur á nóttunni?

**„Veiðimenn ætla allavega ekki að vera þorskar á þurru landi.“**

Veiðimenn eru ósáttir við fyrirhugað bann við silungsveiði í Þingvallavatni að nóttu til. Bjarni Júlíusson er formaður Stangaveiðifélags Reykjavíkur.

Róstusamt verður næstu vikur vegna framkvæmda við Hús íslenskra fræða:

# Sprengja út prófatímann hjá Háskólanum

**FRAMKVÆMDIR** „Auðvitað hefði verið æskilegt að þetta væri ekki beint í prófatíma,“ segir Sara Sigurðardóttir, formaður Stúdentaráðs Háskóla Íslands, um áhrif fyrirhugaðra sprenginga í grunni Húss íslenskra fræða.

Boðað hefur verið að boranir og sprengingar hefjist í grunninum í dag og að þeim verði lokið 17. maí – viku eftir próflok í háskólanum. Sprengt verður milli klukkan sex og sjö síðdegis og 45 sekúndna löng hljóðmerki send út til viðvörunar fyrir hverja sprenginguna.

Sara segist fyrst hafa frétt af málinu í gær og að það hafi ekki enn verið rætt í hópi stúdenta. „Það getur alltaf verið viss truflun af svona en þetta er kannski óhjákvæmilegt. Þetta er aðeins klukkutími á dag. Þeir virðast vera að gera þetta þegar flestir eru í matarhléi,“ bendir formaður Stúdentaráðs á.

Af tilkynningu vegna sprenginganna má ráða að þær verði ekki mjög látlausar en sagt er að óþægindum fólks verði haldið í lágmarki. „Við sprengingarnar kann að verða vart titrings í nálægum húsum og byggingum. Fylgst verður með sprengingum með skjálftamælum.“ - gar



**SPRENGJUSVÆÐIÐ** Hús íslenskra fræða rís í nágrenni Þjóðarbókhlöðunnar þar sem stúdentar lesa til prófs. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI



**VEIÐIMENN OG ÞJÓÐGARÐSVÖRÐUR FUNDA** Stjórnarmenn í Landssambandi stangaveiðifélaga hittu þjóðgarðsvörð og starfsmann hans á fundi í gær. „Málið er allt á réttri leið,“ segir Viktor Guðmundsson, formaður LS. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Veiðimenn segja Þingvallamálið á réttri leið:

## Vilja hætta við veiðibann

**STANGVEIÐI „Það er náttúrlega verið að þessu til að sjá hvort hægt er að aflétta þessu banni,“ segir Ólafur Örn Haraldsson þjóðgarðsvörður, sem í gær ræddi við fulltrúa Stangaveiðifélags Reykjavíkur, Landssambands stangaveiðifélaga og framkvæmdastjóra Veiðikortsins.**

**Ólafur segir að vel hafi farið á með mönnum á fundunum. „Það eru allir sammála um að reka af höndum okkar óleyfilega beitu og sóðaskap og auka eftirlit á nóttunni og fræðslu innan og utan veiðifélaganna,“ segir Ólafur sem kveður málið munu verða rætt áfram áður en hann geri nýja tillögu til Þingvallanefndar um veiðitímann við Þingvallavatn. Eins og kunnugt er stendur deilan um þá ákvörðun nefndarinnar að banna veiðar á nóttunni í vatninu.** - gar

# Friðlýstar minjar að tapast víða um land

Fornminjar eru að tapast víða um land án þess að þær hafi verið rannsakaðar. Uppblástur og sjávarrof eru helstu skaðvaldarnir. Við bæinn Akbraut í Rangárvallasýslu er kirkjugarður frá 13. öld að tapast endanlega vegna uppblásturs.

**FORNLEIFAR** Friðlýstar fornminjar við bæinn Akbraut í Rangárvallasýslu hafa orðið illa úti vegna uppblásturs. Bregðast þarf við hið fyrsta til að verja minjarnar eða rannsaka þær áður en allt er horfið, er álit fornleifafræðinga. Bein úr kirkjugarðinum á staðnum var aldursgreint fyrir nokkrum árum og reyndist vera frá 13. öld. Svipuð eyðilegging er uppi á teningnum á minjastöðum um allt land þar sem náttúruöflin eru stórtæk.

Ragnheiður Traustadóttir, fornleifafræðingur og aðjúnkt við Háskólann á Hólum, segir að aðkoman við bæinn Akbraut sé frekar dapurleg. „Þarna er 13. aldar kirkjugarður að blása upp og er orðinn mjög illa farinn. Beinin liggja þarna innan um grjótið. Það þarf að bregðast við hið snarasta til að verja minjarnar eða rannsaka þær áður en það verður um seinan. Það þarf fjármagn, svo einfalt er það,“ segir Ragnheiður.

Árið 1998 sótti Fornleifadeild Þjóðminjasafns Íslands tvisvar um fjárveitingu frá fjárlaganefnd Alþingis til að gera rannsókn á minjunum í landi Akbrautar. „Á þeim tíma létum við aldursgreina eitt bein sem reyndist vera frá miðri 13. öld. Við lítum á þetta sem einstakar minjar,“ segir Ragnheiður.

Árið 1989 var lögfest að ríkissjóður ætti að standa straum af því að verja friðlýstar fornminjar, sem eru um 800 á landinu. Ragnheiður veit ekki til þess að fjármagni hafi verið veitt til þessa verkefnis, að minnsta kosti ekki nægilegu. Stjórnvöldum sé ljós staða minjavörslunnar og verði að efla hana með því að leggja henni til meira fé og fjölga starfsfólki á sviðinu. Draga þurfi upp áætlun til að rannsaka og verja friðlýstar minjar og eyrnamerkja fjármagn því verkefni.

„Í þessu felast tækifæri; það er mikið atvinnuleysi á meðal fornleifafræðinga og þetta er verkefni sem ætti að setja í forgang,“ segir Ragnheiður.

En minjarnar við Akbraut eru ekki einsdæmi. Auk þess að bjarga minjum á Kolkuósi í Skagafirði undan eyðingaröflum náttúrunnar á síðustu árum hefur Ragnheiður að undanförnu kannað ástand ýmissa minjastaða og komist að því að víða eru að tapast mjög áhugaverðar minjar. Nefnir hún Reykjanes sem dæmi þar sem minjar eru að verða hafinu að bráð. „Þar eru mjög áhugaverðar minjar að glatast. Ef við eigum friðlýstar fornminjar, og samkvæmt orðanna hljóðan því einstakar, þá ættum við að gera meira til að verja þær,“ segir Ragnheiður. svavar@frettabladid.is



**MINJAR AÐ TAPAST** Mannabein frá 13. öld liggja eins og hráviði í örfoka landinu á Akbraut. MYND/RAGNHEIÐUR

### Bænhús og kirkjugarður að fjúka burt

- „Við bæjarhólinn er kirkja eða bænhús og kirkjugarður sem eru friðlýstar minjar. Þessar minjar hafa allar orðið illa úti vegna uppblásturs en enn sést til þeirra. Það má sjá þúst þar sem bænhúsið stóð og hringlaga kirkjugarðinn en af honum sést aðeins röð stórra stuðlabergssteina sem hafa staðið upp á rönd og fallið niður eða verið undirstaða hlaðins torfgarðs.“
- „Beinaleifar sjást í bænhúsþústinni. Utan kirkjugarðsins, vestan við bænhúsþústina, er mikið af koparbrotum og gjalli sem bendir til þess að þar hafi verið smiðja. Á bæjarhólnum sjálfum er dálítil þúst sem geymir vonandi enn leifar elsta bæjarins en undirstöður eins húss sjást vestast á hólnum.“ *Heimild: Fornleifastofnun Íslands: Fornleifaskráning í Rangárþingi ytra.*

Framhald Al-Thani málsins:

## Ætla ekki að mæta í réttinn

**DÓMSMÁL** Ragnar H. Hall og Gestur Jónsson ætla ekki að mæta fyrir rétt í Al-Thani málinu, en aðalmeðferð á að hefjast á morgun.

Ragnar og Gestur sögðu sig frá málinu sem verjendur Ólafs Ólafssonar og Sigurðar Einarssonar á mánudag. Þrátt fyrir að dómari hafi hafnað beiðni þeirra ætla þeir ekki að mæta og er óvíst hvort aðalmeðferðin hefjist á morgun, eins og til stóð.

Ragnar sagði í viðtali við Stöð 2 í gærkvöldi að dómari gæti ekki skikkað hann til að mæta í réttarsal gegn vilja hans. - þeb

Þefvís lögregluþjónn:

## Lögga þefaði uppi dóp í rútu

**NOREGUR Norskur lögreglumaður þefaði upp tvo kannabisplöntueigendur í strætó á mánudagskvöld.**

**Mennirnir áttu sér einskis ills von þegar lögreglumaðurinn lyktnæmi, sem var á leið til vinnu á næturvakt, kom upp um þá.**

**Í frétt VG segir að ekki liggi fyrir hversu mikið magn hafi verið um að ræða en mennirnir voru handteknir og færðir til yfirheyrslu. Talsmaður lögreglunnar sagði að lyktin af efnunum væri afar einkennandi og því ekki óeðlilegt að maður með reynslu hefði orðið hennar var.**

**„Ef þú finnur þessa lykt einu sinni, þekkir þú hana aftur.“** - þj




Gömlum manni sem grunaður er um áratugalanga misnotkun sleppt:

# Vekur ótta að maðurinn sé laus

**LÖGREGLUMÁL** Rúmlega áttræðum bónda af Snæfellsnesi, sem grunaður er um að hafa níðst kynferðislega á þroskaskertri stjúpdóttur sinni í fjóra áratugi, var sleppt úr gæsluvarðhaldi í gær.

„Þetta vekur ákveðinn ótta, það verður að segjast eins og er,“ segir María Magnúsdóttir, réttargæslumaður konunnar, um líðan skjólstæðings hennar vegna þeirrar stöðu sem upp er komin.

Maðurinn hefur setið í haldi síðan 15. mars. Varðhaldið yfir honum átti að renna út í dag en í gær var ákveðið að krefjast ekki framlengingar á því og sleppa honum úr haldi. Hann hefur setið í haldi á grundvelli rannsóknarhagsmuna og að sögn Jóns S. Ólasonar, yfirlögregluþjóns á Akranesi, þótti ekki ástæða til að krefjast áframhaldandi varðhalds yfir honum á grundvelli almannahagsmuna.

Fullyrt var í fréttum í gær að nú væri í skoðun að krefjast nálgunarbanns gegn manninum, en María vill ekkert segja um það. „Þetta er mjög viðkvæmt mál og á mjög viðkvæmu stigi og við erum að skoða alla möguleika í stöðunni.“

Konan hefur borið að tveir bræður mannsins, sem nú eru látnir, hafi einnig misnotað sig. Annar þeirra bjó á bænum hjá gamla manninum þar sem misnotkunin á að hafa átt sér stað.

Konan eignaðist ófeðraða dóttur og hefur fyrrverandi maður dótturinnar, tengdasonur konunnar, viðurkennt að hafa brotið gegn konunni. Tekin hafa verið lífsýni úr gamla bóndanum vegna gruns um að hann kunni að vera faðir dótturinnar. - sh



**SNÆFELLSNES** Maðurinn býr á bæ á Snæfellsnesi þar sem talið er að misnotkunin hafi átt sér stað í marga áratugi. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

www.peugeot.is

# PEUGEOT 208

# 3,4 L/100KM




Myndin sýnir **Peugeot 208** í Allure útfærslu.

## PEUGEOT 208

**KOSTAR FRÁ KR.**

**2.490.000**



Eldsneytiseyðsla í blönduðum akstri frá **3,4** til **4,5**L/100km og $CO_2$ útblástur (g/km) frá **87** til **104**.

MOTION & EMOTION

PEUGEOT

BERNHARD

Bernhard ehf • Vatnagörðum 24 - 26 • Sími 520 1100 • www.bernhard.is

**Umboðsaðilar:** Reykjanesbæ, Bernhard, sími 421 7800 • Akranesi, Bílver, sími 431 1985 Akureyri, Höldur, sími 461 6020 • Vestmannaeyjum, Bragginn, sími 481 1535

## GENGIÐ 09.04.2013

| | | |
|---|---|---|
| Bandaríkjadalur | 118,76 | 119,32 |
| Sterlingspund | 181,74 | 182,62 |
| Evra | 154,75 | 155,61 |
| Dönsk króna | 20,752 | 20,874 |
| Norsk króna | 20,663 | 20,785 |
| Sænsk króna | 18,477 | 18,585 |
| Japanskt jen | 1,1996 | 1,2066 |
| SDR | 178,46 | 179,52 |

**GENGISVÍSITALA KRÓNUNNAR** 211,6002

Maðurinn kannast við að hafa haft samræði við konuna en getur ekki skýrt af hverju hún er axlarbrotin:

# Kona kærði nauðgun í sameign fjölbýlishúss

**LÖGREGLUMÁL** Karlmaður á sextugsaldri situr nú í gæsluvarðhaldi að kröfu lögreglunnar á Akranesi grunaður um að hafa nauðgað konu á svipuðu reki aðfaranótt skírdags.

Fólkið þekktist ekki að neinu ráði fyrir atvikið en mun þó hafa verið að skemmta sér saman í bænum og vitni voru að samskiptum þeirra fyrr um kvöldið. Konan ber að allt hafi síðan farið úr böndunum um nóttina og maðurinn hafi nauðgað sér í sameign fjölbýlishúss.

Konan hlaut mikla áverka við aðfarirnar, brotnaði á öxl og marðist víða um líkamann. Samkvæmt heimildum Fréttablaðsins lagði hún ekki fram kæru fyrr en nokkrum dögum síðar og upphófst þá leit að manninum með aðstoð vitna.

Hann var handtekinn fyrir síðustu helgi og úrskurðaður í gæsluvarðhald til föstudagsins næstkomandi.

Maðurinn undi úrskurði Héraðsdóms Vesturlands þrátt fyrir að hafa staðfastlega neitað sök. Samkvæmt upplýsingum Fréttablaðsins kannast hann við að hafa haft samræði við konuna, en ber að það hafi verið með fullu samþykki hennar. Hann hefur hins vegar engar skýringar getað gefið á axlarbrotinu eða öðrum áverkum konunnar. - sh



**AKRANES** Maðurinn neitar alfarið sök en undi þó gæsluvarðhaldsúrskurðinum. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA



**YFIRBUGAÐUR** Maðurinn var handtekinn á skólalóðinni eins og sést á þessari mynd. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Maður gekk berserksgang:

## Stakk fjórtán með hnífi

**BANDARÍKIN, AP** Rúmlega tvítugur maður stakk fjórtán manns með hnífi í háskóla nálægt Houston í Texas í gærkvöldi.

Minnst tvö fórnarlamba mannsins voru, þegar Fréttablaðið fór í prentun í gærkvöldi, sögð vera alvarlega slösuð. Maðurinn var handtekinn á staðnum en hann var nemandi við skólann. Að sögn lögreglu hafði hann gengið á milli bygginga með hnífinn og stungið fólk af handahófi. - þeb

48 Króatar sækja um hæli:

## Hugsanlega lokkaðir hingað

**SAMFÉLAGSMÁL** Alls hafa 48 Króatar sótt um hæli hér á landi að undanförnu, mest fjölskyldufólk frá sama svæðinu í Króatíu.

Kristín Völundardóttir, forstjóri Útlendingastofnunar, sagði í fréttum Stöðvar 2 í gær að möguleiki væri á að fólkið hefði verið lokkað hingað til lands með einhverjum hætti og þess vegna væri Útlendingastofnun að skoða málið. Það sem af er þessu ári hafa 76 útlendingar sótt um hæli hér á landi sem er óvenjumikill fjöldi en 117 sóttu um hæli allt árið í fyrra.

# Meira brottfall og fleiri þunganir hér

Fleiri unglingsstúlkur verða þungaðar hér á landi en í flestum öðrum Vestur-Evrópuríkjum og brottfall unglinga úr skólum er einnig hátt. Ísland mælist samt í þriðja sæti þegar kemur að velferð barna, samkvæmt nýrri skýrslu UNICEF.

**SAMFÉLAGSMÁL** Fleiri unglingsstúlkur verða þungaðar hér á landi en í flestum öðrum Vestur-Evrópuríkjum. Aðeins verða fleiri stúlkur þungaðar í Bretlandi og á Írlandi. Þetta kemur fram í nýrri skýrslu UNICEF, Barnahjálpar Sameinuðu þjóðanna, um velferð barna í efnameiri ríkjum heimsins. Skýrslan verður kynnt í dag.

Einnig kemur fram í skýrslunni að hlutfallslega færri ungmenni á aldrinum 15 til 19 ára stunda nám á framhaldsskólastigi hér á landi en í nágrannaríkjunum. Um 85 prósent ungmenna eru í framhaldsskóla hér á landi en flest ungmenni eru í framhaldsmenntun í Belgíu, um 94 prósent.

Bergsteinn Jónsson, verkefnastjóri hjá UNICEF á Íslandi, segir bæði þunganirnar og brottfallið dæmi um það sem skoða þurfi betur hér á landi.

Þegar litið er á heildina er Ísland í þriðja sæti yfir þau lönd sem best standa sig í að tryggja velferð barna. Holland er í fyrsta sæti og Noregur í öðru sæti.

Íslensk börn eru þau næstánægðustu með líf sitt. Tvö prósent þeirra líða skort þegar kemur að efnislegum þáttum eins og sérherbergi, tölvueign á heimili og ferðalögum, en 6,5 prósent teljast hlutfallslega fátæk. Börn sem lenda undir fátæktarmörkum hér á landi virðast lenda lengra undir mörkunum en í flestum nágrannaríkjum okkar. UNICEF telur að það þurfi einnig að rannsaka nánar.



**GÓÐ Í HEILBRIGÐI** Mjög fáir íslenskir unglingar undir sextán ára reykja eða drekka. NORDICPHOTOS/GETTY

**0,2%**

Bæði ungbarna- og barnadauði almennt er minnstur hér á landi. Tæplega tvö af hverjum þúsund börnum sem fæðast hér deyja fyrir eins árs aldur og ellefu af hverjum hundrað þúsund börnum deyja á aldrinum eins til nítján ára.

„Skýrslan sýnir að drykkja unglinga og reykingar eru mun minni hér á landi en annars staðar og mikill árangur hefur náðst á þessum sviðum,“ segir Bergsteinn. Í þeim 29 ríkjum sem tóku þátt í rannsókninni höfðu fæst börn, frá 11 til 16 ára, reykt á Íslandi, um þrjú prósent, og um sex prósent þeirra höfðu orðið drukkin. Aðeins í Bandaríkjunum drukku færri börn. Hins vegar höfðu um sjö prósent íslenskra barna neytt kannabisefna.

„Segja má að skýrslan sýni hversu mikilvægt það er að fylgjast grannt með velferð barna. Börn eru viðkvæmasti þjóðfélagshópurinn,“ segir Bergsteinn. Velferð allra barna sé fjárfesting til framtíðar sem samfélagið hafi ekki efni á að vanrækja. thorunn@frettabladid.is

Ný skoðanakönnun MMR:

## Tvö ný framboð ná inn á þing

**KÖNNUN** Píratar og Björt framtíð eru einu nýju framboðin sem ná mönnum á þing samkvæmt nýrri skoðanakönnun MMR.

Samkvæmt könnuninni fengi Framsóknarflokkurinn 30,2% atkvæða yrði kosið nú. Sjálfstæðisflokkur fengi 21,2, Samfylkingin 12,3 og Vinstri græn 8,1. Stuðningur við Bjarta framtíð mælist 9,2% en 7,8% styðja Pírata. Önnur framboð kæmu ekki mönnum á þing. Könnunin var gerð dagana 5. til 8. apríl. Þátttakendur voru 906 einstaklingar á aldrinum 18 til 67 ára valdir handahófskennt úr hópi álitsgjafa MMR. Alls tóku 83,8% afstöðu. - bj

Áttu að láta völdin í Kósóvó:

## Serbar hafna samkomulagi

**SERBÍA, AP** Serbar hafa hafnað samkomulagi Evrópusambandsins um Kósóvó, en sambandið hafði gefið þeim frest þangað til í gær til að svara samningsboðinu.

Kósóvó lýsti yfir sjálfstæði árið 2008 en Serbar hafa aldrei viðurkennt það og hafa enn stjórn yfir norðurhluta Kósóvó. Sambandið vill að þeir láti af hendi völdin í skiptum fyrir að aðildarviðræður þeirra hefjist. Yfirmaður utanríkismála ESB, Catherine Ashton, sagði í síðustu viku að samkomulagið hafi verið lokatilraun ESB til að miðla málum. - þeb

**SAMGÖNGUR**

### Tvær Airbus-þotur komnar

Wow air hefur tekið í notkun tvær nýjar Airbus A320 þotur af árgerð 2010. Önnur vélin kom til landsins fyrir helgi og sú seinni í gærdag. Fyrir sumarið bætir flugfélagið svo við sig tveimur eins þotum.

HAFBERG
fiskbúð sælkerans
Laxasteikur í marineringu 1990 kr/kg
Þorskur í karrýlime 1690 kr/kg
Roðlaus/beinlaus ýsuflök 1690 (5lbs í öskju)
HEITUR MATUR Í HÁDEGINU
Opið laugardaga kl. 11–14
Gnoðarvogi 44 • Sími 588 8686

## Veðurspá

Gildistími korta er um hádegi





**SVALT NÆSTU DAGA** Í dag má búast við strekkingi eða allhvössum vindi NV-til en ívið hægari vindi annars staðar. NA-áttir ríkja næstu daga og á föstudaginn hvessir heldur sunnan til. Það kólnar heldur í veðri og áfram verður vetrarlegt norðanlands.





**Á morgun**
10-15 m/s NV-til, annars hægari.





**Föstudagur**
13-20 m/s S- og V-lands.

| | | | | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Alicante | 23° | Berlín | 9° | Friedrichshafen | 14° | Las Palmas | 22° | New York | 23° | París | 12° |
| Aþena | 19° | Billund | 6° | Gautaborg | 5° | London | 10° | Orlando | 29° | San Francisco | 21° |
| Basel | 18° | Frankfurt | 13° | Kaupmannahöfn | 5° | Mallorca | 21° | Ósló | 2° | Stokkhólmur | 3° |



**Soffía Sveinsdóttir**
veðurfréttamaður

**AUGLÝSINGADEILDIR FRÉTTABLAÐSINS–AUGLÝSINGASTJÓRI:** Jón Laufdal *jonl@frettabladid.is* **ALMENNAR SÍMI 512-5401:** Guðmundur Steinsson *gudmundurs@365.is,* Hjördís Zoëga *hjordis@frettabladid.is,* Hlynur Þór Steingrímsson *hlynur@365.is,* Laila Awad *laila@365.is,* Sigríður Dagný Sigurbjörnsdóttir *sigridurdagny@365.is,* Örn Geirsson *orn.geirsson@365.is* **FÓLK/LÍFIÐ/SÉRBLÖÐ SÍMI 512-5402:** Atli Bergmann *atli.bergmann@365.is,* Elsa Jensdóttir *elsaj@365.is,* Jóna María Hafsteinsdóttir *jmh@365.is,* Sigrún Kristinsdóttir *sigrunp@365.is,* Sigurjón Viðar Friðriksson *sigurjon@365.is,* Sverrir Birgir Sverrisson *sverrirbs@365.is* **FÓLK OG SÉRBLÖÐ EFNI:** Elín Albertsdóttir *elin@365.is* og Vera Einarsdóttir *vera@365.is* **RAÐAUGLÝSINGAR /FASTEIGNIR SÍMI 512-5403:** Hrannar Helgason *hrannar@365.is,* Viðar Ingi Pétursson *vip@365.is* **ÞJÓNUSTUAUGLÝSINGAR SÍMI 512-5407:** Arna Rut Kristinsdóttir *arnarut@365.is,* Steinunn Sandra Guðmundsdóttir *ssg@365.is,* Sigrún Helga Guðmundsdóttir *sigrunh@365.is*

# VORTILBOÐ

**20-50%** afsláttur af öllum heilsurúmum

*Smíðum rafmagnsrúm í öllum stærðum!*



## ROYAL OG CLASSIC

**Hágæða fjölstillanleg rafmagnsrúm á 30-40% afslætti.**

**12 mánaða vaxtalaus VISA / EURO greiðsludreifing***

| Rafmagnsrúm | Tvíbreið heilsurúm |
|---|---|
| Rafmagnsrúm á verði frá **190.049,-**<br>12 mánaða vaxtalaus greiðsludreifing **16.732,-** | Tvíbreið heilsurúm á verði frá **129.360,-**<br>12 mánaða vaxtalaus greiðsludreifing **11.497,-** |

* Einungis er greitt 3,5 % lántökugjald.

# VORTILBOÐ

**Frí heimsending á hjónarúmum eða tökum gamla rúmið upp í nýtt!**

## FAGLEG RÁÐGJÖF OG FRÍ LEGUGREINING

Komdu í heimsókn, prófaðu legugreininguna, og fáðu faglega ráðgjöf um val á heilsudýnum, án skuldbindinga!

*Vertu örugg/ur. Komdu í greiningu*

RúmGott býður öllum viðskiptavinum upp á fría legugreiningu með hinum byltingarkennda Xsensor Medical Pro búnaði.



**HVENÆR ER ÞÖRF Á LEGUGREININGU?**

Finnurðu fyrir eymslum í mjóbaki?
Vaknarðu oft með verki í mjöðm?
Finnurðu fyrir eymslum eða dofa í öxlunum?
Sefurðu illa vegna annara óþæginda?

- hryggskekkju
- brjósklos
- samföllnum hryggjaliðum
- spengdum hryggjaliðum
- gigt, til dæmis:
- slitgigt, vefjagigt eða liðagigt.

**FREMSTIR Í FRAMLEIÐSLU Á HEILSUDÝNUM**

**VIÐ FRAMLEIÐUM ÞITT RÚM EFTIR ÞÍNUM ÞÖRFUM**

**SÉRSMÍÐUM RÚM OG DÝNUR Í SUMARHÚS FELLIHÝSI OG TJALDVAGNA**

Löggiltir dýnuframleiðendur, starfandi í 60 ár

**RúmGott** · Smiðjuvegi 2 (við hliðina á Bónus) · Kópavogi · Sími 544 2121
Opið virka daga frá kl. 10-18 og laugardaga kl. 11-16 · www.rumgott.is

VERSLUNIN Rúm Gott ÍSLENSK HEILSURÚM

## VEISTU SVARIÐ?



**1.** Hversu margir Íslendingar verða í framboði til Alþingiskosninga ef allir flokkar ná að bjóða fram?
**2.** Við hvaða plötuútgáfu var hljómsveitin Samaris að semja?
**3.** Hversu lengi var Margaret Thatcher forsætisráðherra í Bretlandi?

**SVÖR:**

**1.** Tæplega **1**.500 **2.** One Little Indian **3.** 11 ár

Breytingar á umdeildu ákvæði tollalaganna voru afgreiddar fyrir þinglok:

# Tollamörk á verðmæti stakra hluta tekin út

**TOLLAMÁL** Tollfrelsismörk eru ekki lengur miðuð við sérstakt hámark á verðmæti staks hlutar sem ferðamenn kaupa erlendis og taka með sér heim. Þetta var staðfest með breytingu á tollalögum í síðasta mánuði.

Eins og áður hefur komið fram í umfjöllun Fréttablaðsins var tollfrelsisupphæð sem ferðamenn nutu hækkuð rétt fyrir jól, úr 65.000 krónum upp í 88 þúsund. Þá stóð til að taka út ákvæði um hámarksverðmæti staks hlutar, en það var sett inn að nýju, vegna athugasemda tollstjóra.

Í meirihlutaáliti efnahags- og viðskiptanefndar var lagt til að taka út hámark fyrir stakan hlut, athugasemd tollstjóra hefði lotið að því hvernig ætti að reikna út gjöld þegar verðmæti hlutar færi yfir mörkin.

Úr varð að einungis eru lögð gjöld á þann hluta upphæðar sem er yfir hámarksfjárhæðinni. Þannig mundu gjöld af 100.000 króna vöru einungis leggjast á 12.000 krónur.

**88.000**

eru tollfrelsismörk á vörum keyptum erlendis.

Lögin eru afturvirk frá 13. mars til 1. apríl þannig að þeir sem hafa greitt af stökum hlutum á bilinu 44 þúsund til 88 þúsund eiga rétt á endurgreiðslu. Tollstjóri mun hafa frumkvæði að því að endurgreiða. - þj



**NÝ VIÐMIÐ** Tollfrelsismörk fyrir stakan hlut keyptan erlendis voru tekin út úr tollalögum og er nú miðað við heildarverðmæti keyptra hluta. FRÉTTABLAÐIÐ/HAG

Landvernd um Þjórsárver:

# Friðlandið ætti að vera stærra

**UMHVERFISMÁL** Landvernd hefur sent Umhverfisstofnun athugasemdir sínar við drög að mörkum og skilmálum friðlýsingar Þjórsárvera og telur að friðlandið ætti að ná yfir stærra svæði. Þannig yrðu Kjálkaversfoss, Dynkur og Gljúfurleitarfoss í Þjórsá, ásamt gróðurlendum með ánni allt að virkjunarlónum, hluti af friðlandinu.

Með þessu móti telja samtökin að ná megi mun heildstæðara verndarsvæði sem endurspeglar betur vistfræðilega heild og sérstöðu Þjórsárvera og nærsvæða. Í grundvallaratriðum fagnar stjórn Landverndar hins vegar framkomnum drögum að friðlýsingarskilmálum. - shá



**FRÁ VETTVANGI** Nágrannar mannsins voru felmtri slegnir í gær, enda grunaði engan að hann myndi taka upp á slíku. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Gekk berserksgang:

# Þrettán látnir í skotæði í Serbíu

**SERBÍA, AP** Sextugur Serbi myrti þrettán manns, þar á meðal ungabarn, og særði fleiri til þegar hann gekk berserksgang með skammbyssu í gærmorgun.

Maðurinn, sem er fyrrverandi hermaður, gekk milli fimm húsa í heimabæ sínum og skaut fólk. Hann reyndi að drepa konu sína og sjálfan sig áður en lögregla náði honum en þau lifa enn, illa særð.

Ekki er vitað hvað manninum gekk til. Maðurinn var friðsemdarmaður að sögn nágranna. -þj



**FÓLK** Hagtíðindi um mannfjöldaþróun 2012 komu út í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

Fæddir umfram dána 2.581:

# Íbúum fjölgaði um 0,7% í fyrra

**HAGTÖLUR** Íbúar landsins voru 321.857 í byrjun ársins, samkvæmt nýbirtum tölum Hagstofu Íslands. Fjölgunin frá fyrra ári nemur 0,7 prósentum, eða 2.282 einstaklingum.

„Árið 2012 fæddust 4.533 börn, 2.317 drengir og 2.216 stúlkur, en 1.952 létust. Fæddir umfram dána voru því 2.581,“ segir vef Hagstofunnar. Þá kemur fram að í fyrra hafi 6.276 flutt úr landi, en 5.957 til landsins. Brottfluttir umfram aðflutta voru því 319 í fyrra. Hagstofan greinir frá því að drengir sem fæddust í fyrra geti vænst þess að ná 80,8 ára meðalaldri, en stúlkur 83,9 ára aldri. - óká

Norsk skoðanakönnun:

# Stjórnarskipti eru í kortunum

**NOREGUR** Hægriflokkurinn og Framfaraflokkurinn fengju samtals 87 þingsæti og hreinan meirihluta á norska þinginu ef gengið yrði til kosninga nú. Þetta kemur fram í könnun sem gerð var fyrir TV 2.

Núverandi stjórnarflokkar, undir forystu Jens Stoltenberg, fengju aðeins 68 þingmenn. Verkamannaflokkur Stoltenbergs heldur sjó en Miðflokkurinn og Sósíalíski vinstriflokkurinn hrapa í fylgi og eru nálægt því að detta út af þingi. Norðmenn ganga að kjörborði í september. - þj

# Boða útvarpsstjóra til sín vegna leifturljósa

Íbúar í nágrenni langbylgjumastursins á Eiðum kvarta ákaft undan taktlausum og ofurbjörtum leiftrum frá mastrinu. Þeir vilja nýjan ljósabúnað eða að mastrið fari annað. Bæjarstjórinn tekur undir þetta og vill fá útvarpsstjóra til fundar eystra.

**UMHVERFISMÁL** „Þetta er eins og að vera með sterk, blikkandi diskóljós í andlitinu nánast allan sólarhringinn,“ segir Björn Ingimarsson, bæjarstjóri Fljótsdalshéraðs, sem vill útvarpsstjóra á fund vegna bilaðra öryggisljósa í langbylgjumastrinu á Eiðum.

Öryggisljósin í hinu 220 metra háa Eiðamastri eiga að vara flugmenn við mastrinu. Ljósin hafa verið heimamönnum mikill þyrnir í augum vegna þess hversu títt þau eru biluð og senda þá firnabjart, krampakennt leiftur út yfir sveitina. Úrbóta hefur oft verið krafist og nú hefur enn einum undirskriftalistanum verið komið til bæjarstjórnarinnar í von um að hún grípi inni í.

Íbúarnir segja undarlegt að önnur ljósin, sem sögð eru þjóna flugöryggi, séu sum biluð langtímum saman á meðan hin ljósin senda út af alltof miklum styrk og úr takti.

Þórarinn Ragnarsson á Brennistöðum sendi bæjarstjóra bréf í eigin nafni og tekur þar undir með Eiðamönnum. „Nú verða þetta sextán ár í haust sem fólk hefur þurft að búa við þetta ástand, sem er auðvitað óviðunandi og áreitið af ljósunum rosalegt og engin leið að venjast þessu,“ skrifar Þórarinn bæjarstjóranum.

Að sögn Þórarins hefur staðan verið sérlega slæm í vetur. „Því það hafa verið svo mikil svell og harðfenni þannig að blikkið endurspeglast um allar jarðir og fjallið líka.“

Íbúarnir segjast ekki una ástandinu lengur. Annaðhvort verði að skipta um ljósabúnað „eða hreinlega að þessu mannvirki verði í heild sinni að finna annan stað fjarri mannabyggð“.

Björn bæjarstjóri segir útvarpsmenn hafa viðurkennt að hafa á sínum tíma farið ódýra leið í ljósabúnaðinum og fengið það í bakið. „Það er spurning hvort við getum hreinlega heimilað stöðu mastursins lengur ef það verður ekki við þessu brugðist. En ég vil gjarnan trúa því að það sé hægt að leysa þetta án þess að taka niður mastrið,“ segir Björn.

Bæjaryfirvöld hafa sem fyrr segir óskað eftir útvarpsstjóra á fund. „Okkur hefur verið boðið að koma til fundar fyrir sunnan en það er ekki það sem við erum sækjast eftir. Það er langbest að fara yfir svona hluti á staðnum,“ segir bæjarstjórinn.

gar@frettabladid.is



## Krampakennd leiftur úr biluðu ljósamastri

Héraðsbúi sakar Ríkisútvarpið um skeytingarleysi með því að laga ekki biluð leifturljós í langbylgjumastri þrátt fyrir ábendingar um ónæði af þeim. Um sé að ræða viðvörunarljós vegna flugumferðar en hending sé hvernig þau virki.

**UMHVERFISMÁL** „Þetta er bara eins og hjá vitleysingum,“ segir Þórhallur Pálsson, arkitekt á Eiðum, sem sent hefur harðort kvörtunarbréf til útvarpsstjóra vegna mikils ónæðis af biluðum leifturljósum á langbylgjumastri Ríkisútvarpsins.

Þórhallur segir mikinn og ótaktvissan ljósagang stafa af mastrinu sem er 220 metra hátt og var formlega tekið í notkun á Eiðum árið 1999. Þrjú leifturljós, hvert í sinni hæð á mastrinu, eigi að vera í takt og senda frá sér viðvörunarljós fyrir flugvélar. Ljósastyrkurinn eigi að vera mestur þegar bjartast sé en draga eigi úr honum eftir því sem rökkvi.

Í bréfi sínu til RÚV undirstrikar Þórhallur að Héraðsbúar hafi áður margsinnis bent á ástandið á leifturljósunum. Í mars 2004 ræddi DV við Sigurð Ragnarsson, þáverandi formann umhverfisnefndar Austur-Héraðs.

**FRÉTTABLAÐIÐ 24. NÓVEMBER 2011** Barátta íbúa við truflandi ljósagang í langbylgjumastrinu á Eiðum hefur staðið um árabil án viðunandi árangurs að þeirra mati.

> **Því það hafa verið svo mikil svell og harðfenni þannig að blikkið endurspeglast um allar jarðir og fjallið líka.**
>
> *Þórarinn Ragnarsson á Brennistöðum*




# ALMENNT HLUTAFJÁRÚTBOÐ
12.–16. apríl 2013

Fyrirtækjaráðgjöf Fjárfestingarbankasviðs Arion banka hefur umsjón með almennu útboði á 60% hlut í Vátryggingafélagi Íslands hf., en seljandi áskilur sér rétt til að stækka útboðið í allt að 70%.

Fjárfestum eru boðnar þrjár áskriftarleiðir, eða svokallaðar tilboðsbækur. Seljandi óskar eftir áskriftum á verðbilinu 6,75–7,95 krónur á hlut í tilboðsbækur A og B, en allir hlutir sem seldir verða í þeim bókum verða á sama verði. Framangreint verðbil samsvarar því að heildarandvirði hlutafjár í VÍS sé 16,9–19,9 milljarðar króna. Seljandi óskar eftir áskriftum í tilboðsbók C á lágmarksverði 6,75 krónur á hlut, en öllum hlutum sem seldir verða í þessari tilboðsbók útboðsins verður úthlutað á því gengi sem viðkomandi fjárfestir býður.

Stefnt er að því að útboðið marki grunninn að dreifðu eignarhaldi á VÍS og geri félaginu kleift að uppfylla lágmarksskilyrði NASDAQ OMX Iceland um dreifingu hlutafjár hjá félögum sem fá hlutabréf tekin til viðskipta í Kauphöllinni. Markmið seljandans er jafnframt að fá ásættanlegt verð fyrir eign sína.

► TILBOÐSBÓK A

**10% hluta boðnir fjárfestum sem vilja kaupa hlut að andvirði 100.000–50.000.000 kr.** Fjárfestar skila áskrift rafrænt á vef Arion banka, www.arionbanki.is. Til þess notar fjárfestir notandanafn sitt og lykilorð að netbanka Arion banka, eða kennitölu sína og lykilorð sem hann pantar á áskriftarvefnum og fær sent um hæl sem rafrænt skjal í netbanka sinn hjá hvaða íslenska viðskiptabanka sem er.

► TILBOÐSBÓK B

**30,1% hluta boðnir fjárfestum sem vilja kaupa hlut að andvirði meira en 50 milljónir króna.** Fjárfestar eru beðnir að hafa samband við Fyrirtækjaráðgjöf eða Hlutabréfamiðlun Fjárfestingarbankasviðs Arion banka og skila áskrift rafrænt, en til þess notar fjárfestir kennitölu sína og lykilorð sem hann fær sent í netbanka sinn.

► TILBOÐSBÓK C

**Fjárfestum boðnir fjórir 2,475% eignarhlutir, samtals 9,9%.** Fjárfestar eru beðnir að hafa samband við Fyrirtækjaráðgjöf eða Hlutabréfamiðlun Fjárfestingarbankasviðs Arion banka og skila áskrift rafrænt, en til þess notar fjárfestir kennitölu sína og lykilorð sem hann fær sent í netbanka sinn.

Auk þessarar grunnskiptingar verður **10–20% hluta ráðstafað í eina eða fleiri af tilboðsbókunum** eftir því sem verð og magn eftirspurnar gefur tilefni til.

## ÚTHLUTUN

Komi til þess að eftirspurn í útboðinu verði meiri en sem nemur stærð útboðsins, þá verða áskriftir í tilboðsbók A skertar um allt að 75% (utan áskriftir 100–500 þús.kr. og áskriftir starfsmanna VÍS að hámarki 3 milljónir kr.) og þurfi að koma til frekari niðurskurðar verða hæstu áskriftir lækkaðar frekar. Úthlutun til fjárfesta í tilboðsbókum B og C verður samkvæmt einhliða ákvörðun seljanda, sem taka mun mið af markmiðum útboðsins.

## ÁSKRIFTARTÍMABIL OG ÞÁTTTAKA

Áskriftartímabil stendur frá föstudeginum 12. apríl klukkan 10.00 til þriðjudagsins 16. apríl klukkan 16.00.

Þátttaka í útboðinu er heimil aðilum með íslenska kenntölu sem eru fjárráða og ráða búi sínu sjálfir og með þeim takmörkunum sem kunna að leiða af lögum. Það þýðir m.a. að erlendir aðilar, skv. skilgreiningu 1.mgr. 1.gr. laga um gjaldeyrismál nr. 87/1992, skulu sýna fram á að þeim sé heimilt að fjárfesta í verðbréfunum sem boðin eru í útboðinu, sbr. 13.gr.m og 13.gr.b. í gjaldeyrislögunum.

Eindagi kaupverðs er áætlaður 23. apríl 2013. Stefnt er að því að 24. apríl 2013 verði fyrsti dagur viðskipta með hluti VÍS á Aðalmarkaði Kauphallarinnar.

**Minnt er á að fjárfesting í hlutabréfum felur í sér áhættu og að áskrift í útboðinu er bindandi.** Fjárfestar eru hvattir til að kynna sér vel upplýsingar um VÍS og skilmála útboðsins sem er að finna í lýsingu VÍS dagsettri 27. mars 2013 sem gefin er út á íslensku. Fjárfestum er sérstaklega bent á kafla um áhættuþætti. **Lýsinguna má nálgast rafrænt á vis.is/fjarfestar og arionbanki.is. Hana má einnig nálgast innbundna í höfuðstöðvum VÍS að Ármúla 3 í Reykjavík og hjá Arion banka í Borgartúni 19 í Reykjavík.**

**Nánari upplýsingar um útboðið má nálgast á arionbanki.is, svo og með tölvupósti á visipo2013@arionbanki.is eða í síma 444 7000 milli kl. 9.00 og 20.00 meðan áskriftartímabilið stendur yfir.**

Arion banki




# Lítil sátt virðist vera um nýja þjóðarsátt

Stjórnmálaflokkarnir tala fyrir nýrri þjóðarsátt að loknum kosningum. Aðilar vinnumarkaðarins misspenntir fyrir slíku. ASÍ segir það ófært með fljótandi krónu. Ekki hægt að leiðrétta fyrst ákveðna hópa, segir formaður Samiðnar.

**FRÉTTASKÝRING**
Verður ný þjóðarsátt?

Áberandi hefur verið í orðræðu stjórnmálaleiðtoga í kosningabaráttunni að nauðsynlegt sé að ná saman um nýja þjóðarsátt. Þar er vísað til samninga sem gerðir voru árið 1990, en þá náðist að vinna á verðbólgunni með hóflegum launahækkunum, markvissri peningastjórnun og stöðugu gengi.

Elín Björg Jónsdóttir, formaður BSRB, segir opinbera starfsmenn tilbúna til viðræðna um slíkt. „Það sem skiptir okkur máli er auðvitað stöðugleiki og aukinn kaupmáttur. Við erum tilbúin að koma að öllum leiðum sem eru færar að því markmiði.“

Finnbjörn A. Hermannsson, formaður Samiðnar, segir það hlutverk sitt að ná sem hagstæðustum kjörum fyrir sína félagsmenn. Þjóðarsátt geti verið þáttur í því. „Það þarf þá náttúrulega að vera þess eðlis að allir taki þátt í því. Það séu ekki einhverjir laumufarþegar sem telja sig þá ekki þurfa á því að halda.“

Finnbjörn vill ekki útskýra við hverja hann á með því, ekki sé rétt að benda á ákveðin samtök í þeim efnum. „En það er fullt af aðilum sem telja að þeir þurfi fyrst að fá leiðréttingu, áður en hægt er að fara í þjóðarsátt. Ég held að það sé allt samfélagið sem þurfi að fá leiðréttingu áður en farið er í þjóðarsátt.“

Vilhjálmur Birgisson, formaður Verkalýðsfélags Akraness, segir hins vegar engar forsendur fyrir þjóðarsátt nema lægstu launin verði leiðrétt fyrst.

Ólafía B. Rafnsdóttir, verðandi formaður VR, segir að verkalýðshreyfingin verði að taka forystu um nýja þjóðarsátt um stöðugleika á vinnumarkaði og fá stjórnvöld og atvinnuveitendur til liðs við sig til að tryggja mannsæmandi laun.




**LAUNAFÓLK** Nauðsyn nýrrar þjóðarsáttar hefur iðulega verið nefnd í kosningabaráttunni. Aðilar vinnumarkaðarins eru þó ekki sammála um hvernig hægt sé að ná henni og hverjar séu forsendur hennar. FRÉTTABLAÐIÐ/DANÍEL

**Krónan verður vandamál**

Gylfi Arnbjörnsson, forseti ASÍ, telur hins vegar útilokað að ná fram markmiðum þjóðarsáttar með núverandi gjaldmiðli.

„Þetta er svo lítill gjaldmiðill og svo grunnur markaður. Hann getur verið svo kvikur og sveiflukenndur af einhverjum allt öðrum ástæðum en undirliggjandi efnahagsástæðum, að það var niðurstaða Seðlabankans að krónan hefur verið upphaf efnahagssveiflu, en ekki niðurlag. Gjaldmiðillinn hefur valdið efnahagssveiflu, en ekki verið þáttur í því að jafna hana.“

Gylfi segist ekki útiloka að hægt verði að koma á þjóðarsátt. Áherslur stjórnmálamanna í gjaldmiðlamálum fari hins vegar ekki saman við vilja þeirra til þjóðarsáttar. „Við hljótum að spyrja að því áður en yfir lýkur, áður en það verður gerður hér kjarasamningur á einhverjum svona nótum, hvaða innlegg ætla stjórnmálamenn að hafa til að leggja slíkum kjarasamningi það til sem þarf? Það er stöðugur gjaldmiðill.“

**Fastgengisstefna skoðuð**

Þorsteinn Víglundsson, framkvæmdastjóri Samtaka atvinnulífsins, segir mikilvægt að ná þjóðarsátt. Launahækkanir þurfi að vera hógværar til að ýta ekki undir verðbólgu sem éti þær upp.

Þorsteinn vill skoða hvort horfið verði frá verðbólgumarkmiðum Seðlabankans og tekin upp fastgengisstefna á ný. Slíkt hafi gefið góða raun við síðustu þjóðarsátt og þótt aðstæður hafi breyst þurfi að fara saman aðhaldssöm ríkisfjármálastefna, aðhald í launabreytingum og stöðugt gengi, sem meðal annars byggi á fastgengisstefnu. En er það hægt með krónuna?

„Það er alveg ljóst að það að endurreisa trúverðugleika í kringum peningastjórn og aflétta höftum með krónu verður erfitt verkefni, en við vitum ekki hvert við stefnum í augnablikinu í þeim efnum.“

kolbeinn@frettabladid.is





# 59.900
Pr stk.

**GT-261 Frystikista**
205 lítra frystikista í A+ orkuflokki með hraðfrystingu. Breidd 95 cm.
- Hitastillir
- HxBxD: 82,3 x 94,7 x 56 cm
- Fullt verð kr. **69.900**

**EH-5604 Eldavél**
50 cm breið eldavél. Tilvalin í sumarbústaðinn eða stúdíóíbúðina.
- HxBxD: 85 x 50 x 60 cm
- Fullt verð kr. **64.900**




**GSP-3012 Uppþvottavél**
Hljóðlát uppþvottavél með 6 þvottakerfum.
- 3xA toppeinkunn
- Hraðkerfi og pottakerfi
- Aðeins 49 dB(A)
- HxB: 85 x 59,5 cm
- Fullt verð kr. **79.900**



**TA-60 Þurrkari**
6 kg þurrkari fyrir barka
- Fyrir viðkvæman og venjulegan þvott
- 140 mín. tímastillir
- Fullt verð kr. **64.900**



**WM-6810 Þvottavél**
Einföld og góð þvottavél með 23 mismunandi þvottakerfum. A+ orka
- Stillanlegur vinduhraði
- Tekur allt að 6 kg af taui
- Fullt verð kr. **69.900**




**KGC-240/45A Kæli- og frystiskápur**
Kæliskápur með góðum frysti.
- 171 lítra kælir og 41 lítra frystir
- HxBxD 143 x 55 x 58 cm
- Fullt verð kr. **64.900**

## 10.-17. apríl 2013
# VERÐFALL VIKUNNAR

exquisit

**KGC-300/70 Kæli- og frystiskápur**
177 cm hár með þremur skúffum.
- HxBxD: 177 x 55 x 60 cm
- Fullt verð kr. **89.900**




VERÐFALL KR.
**77.777**
SPARAÐU 12.123

exquisit

**GS-175A Frystiskápur**
160 lítra frystiskápur með 5 stórum og rúmgóðum skúffum.
- Hraðfrysting
- Aðvörunarljós
- HxBxD: 144 x 56 x 60 cm
- Fullt verð kr. **74.900**




VERÐFALL KR.
**64.900**
SPARAÐU 10.000




VERÐFALL KR.
**9.750**
35% AFSLÁTTUR

DOMO

**DO-9036G Heilsugrill**
Stórt og öflugt mínútugrill með **2000W elementi** sem tryggir að safinn lokist inní kjötinu svo það haldist meyrt og lúffengt. Burstað stál.
- Viðloðunarfríar steikarplötur með djúpum riffluðum rákum og hallandi grillfleti svo að fitan safnast saman í bakka fyrir neðan grillið
- Hitastillir 90°-230°C
- XXL grillplötur 30 x 27 cm
- Fullt verð kr. **14.990**

# ÖLL GRILL 35% AFSLÁTTUR




VERÐFALL KR.
**22.990**
SPARAÐU 7.000

AEG

**ASC-6910 SuperCyclone ryksuga**
**Enginn ryksugupoki.** Auðveld losun með tveimur handtökum.
- 1800W mótor
- Cyclonic tækni - óhindraður sogkraftur án þess að metta og blinda loftinntak
- **Öragnafilter** fyrir smærstu agnir
- Gúmmíhjól sem vernda viðkvæm gólf
- **Stillanlegur sogkraftur** og skaft
- 3 í 1 munnstykki og bursti
- Lóðrétt eða lárétt geymslustaða
- Aðeins 5,75 kíló
- Fullt verð kr **29.990**

1800W MÓTOR | 8 M VINNURADÍUS | CYCLON

Electrolux

**ZE-310M ErgoSpace ryksuga**
Náðu lengra með þessari vönduðu Electrolux ryksugu með 13 metra vinnuradíus.
- 1800W hljóðdeyfður mótor
- Notar **S-Bag** örtrefjapoka
- Afar góður sogkraftur
- Gúmmíhjól sem vernda viðkvæm gólf
- **Stillanlegur sogkraftur** og skaft
- 3 í 1 munnstykki og bursti
- Lóðrétt eða lárétt geymslustaða
- Aðeins 5,4 kíló
- Fullt verð kr **24.990**

VERÐFALL KR.
**19.990**
20% AFSLÁTTUR




1800W MÓTOR | HLJÓÐLÁT | 13M VINNURADÍUS




SIEMENS

**HB23GB540S ofn**
Siemens stendur alltaf fyrir sínu.
- EcoClean **létthreinsikerfi** - brennir upp agnir og óhreinindi á bakhlið.
- Títaníum glanslgerjungur - auðveldur í þrifum.
- Tölvuklukka með hringingu og LED stöfum.
- 7 eldunarkerfi þ.á.m. **pizzakerfi** og hraðhitun.
- Innfellanlegir stjórnrofar.
- SoftClosing **hæglokun** á hurð.
- **XL 62 lítra** ofn í A orkuflokki.
- Fullt verð kr **119.900**

VERÐFALL KR.
**99.900**
SPARAÐU 20.000

BLÁSTUR | LÉTT ÞRIF

exquisit

**UBH-08W Eldhúsvifta hvít**
4 hraðastillingar og gott vinnuljós.
- Fyrir kolasíu eða útblástur
- HxBxD: 10 x 59,5 x 47 cm
- Fullt verð kr. **14.990**



VERÐFALL KR.
**9.990**
34% AFSLÁTTUR

Rafha ehf

**Opið**
virka daga 9-18
laugardaga 11-17

Suðurlandsbraut 16 108 Reykjavík
Sími 5880500
**www.rafha.is**

Sony Center

www.sonycenter.is



Allt það besta frá Sony í snjallsíma

Hágæða vatnsþéttur Android snjallsími
SONY XPERIA Z
- 5" TFT snertiskjár með HD upplausn
- 13 megapixla myndavél, LED flass
- HD videoupptaka

TILBOÐ 129.990.- Verð áður 139.990.-



Vatnsþéttur Android snjallsími
SONY XPERIA V
- 4,3" TFT snertiskjár með HD upplausn
- 13 megapixla myndavél, LED flass
- HD videoupptaka

VERÐ 99.990.-



Frábær Android snjallsími
SONY XPERIA TIPO
- 3,2" TFT snertiskjár með rispuvörn
- 3,15 megapixla myndavél
- Videoupptaka

VERÐ 22.990.-



Góð kaup á snjallsíma
SONY XPERIA J
- 4" TFT snertiskjár með HD upplausn
- 5 megapixla myndavél, LED flass
- Videoupptaka

TILBOÐ 39.990.- Verð áður 43.990.-



Vatns og rykvarinn Android snjallsími
SONY XPERIA GO
- 3,5" TFT snertiskjár með HD upplausn
- 5 megapixla myndavél, LED flass
- HD Videoupptaka

VERÐ 48.990.-

Sony Center
Verslun Nýherja Borgartúni / 569 7700
Verslun Nýherja Kaupangi Akureyri / 569 7645



**HAFÖRN** Svo virðist sem skemmdarverk mannanna hafi ekki gert arnarparið afhuga varpi þetta árið. MYND/RÓBERT A. STEFÁNSSON

Skemmdarverk á arnarhreiðri tilefni sérstakrar vöktunar úr landi og af sjó:

# Arnarpar reynir varp að nýju

**NÁTTÚRA** Skemmdarverk á arnarhreiðri í eyju á sunnanverðum Breiðafirði virðist ekki ætla að hindra arnarparið í að reyna varp aftur á sama stað. Það hefur nú byggt upp nýjan hreiðurlaup. Vegna skemmdarverksins verður hreiðrið vaktað úr landi og af sjó, segir í frétt Náttúrustofu Vesturlands.

Fyrir tæpu ári varð uppvíst um skemmdarverk á arnarhreiðri í eyju á Breiðafirði þar sem ungt arnarpar hafði búið sig undir varp. Ekkert varð úr því vegna skemmda sem unnar voru. Á þeim tíma fóru fulltrúar Náttúrustofu Vesturlands og Fuglaverndar í eyjuna til að skoða verksummerki og var aðkoman ófögur. Sýnilegar skemmdir höfðu verið unnar á hreiðrinu með því að róta í því og kasta hluta hreiðurefnisins fram af klettum niður í fjöru. Skemmdirnar voru tvímælalaust af mannavöldum.

Að þessu sinni munu ýmsir aðilar fylgjast vandlega með hreiðrinu úr landi og af sjó. Einnig er í skoðun að setja upp vöktunarmyndavél í nágrenni við hreiðrið.

Örninn hefur verið strangfriðaður í tæpa öld og ekki þarf að taka fram að skemmdarverkið var skýlaust lögbrot. - shá

Opinn stjórnmálafundur ASÍ á Grand Hótel, fimmtudaginn 11. apríl kl. 19.30

ÞJÓÐ Á TÍMAMÓTUM

Formönnum þeirra flokka sem eiga sæti á þingi og bjóða fram í alþingiskosningunum 2013 er boðið til að ræða:

1. Gengis- og verðlagsmál
2. Atvinnu- og menntamál
3. Nýtt félagslegt húsnæðiskerfi

Þátttakendur:


Gylfi Arnbjörnsson, forseti ASÍ


Signý Jóhannesdóttir, varaforseti ASÍ, fundarstjóri


Þóra Arnórsdóttir, umræðustjórn


Árni Páll Árnason, formaður Samfylkingarinnar


Bjarni Benediktsson, formaður Sjálfstæðisflokksins


Björn Valur Gíslason, varaformaður Vinstrihreyfingarinnar - græns framboðs


Guðmundur Steingrímsson, formaður Bjartrar framtíðar


Sigmundur Davíð Gunnlaugsson, formaður Framsóknarflokksins

Alþýðusamband Íslands

Fundurinn verður sendur beint út á www.asi.is

Fasteignamarkaðurinn:

## Meiri umsvif og meiri velta

**FASTEIGNIR** Alls var 96 kaupsamningum þinglýst vegna fasteignakaupa á höfuðborgarsvæðinu í síðustu viku. Þetta eru talsvert meiri umsvif en á sama tíma í fyrra þegar 64 samningum var þinglýst.

Þar að auki jókst velta töluvert, úr 1.700 milljónum í þrjá milljarða, og meðalupphæð á samning fór úr 27,4 milljónum upp í 31,5 milljónir. Meðaltalsvelta síðustu tólf vikur hefur verið 3,5 milljarðar, en á sama tíma í fyrra var meðaltalsvelta á viku 2,7 milljarðar. - þj

Nefnd sem fjallar um þjóðaröryggisstefnu Íslands er við það að skila af sér:

# Tryggja þarf snurðulaust samstarf við heri

**ÞJÓÐARÖRYGGI** Tryggja þarf að borgaralegar stofnanir hér á landi geti unnið snurðulaust með erlendum herjum að björgunarstörfum eða til að takast á við náttúruhamfarir þar sem slík mál eru almennt á höndum herja nágrannaríkjanna.

Þetta er meðal þess sem fjallað er um í skýrslu nefndar sem fjallað hefur um þjóðaröryggisstefnu Íslands síðustu mánuði. Valgerður Bjarnadóttir, formaður nefndarinnar, segir almennt samstöðu innan hennar um flest mál. Skýrslan verður væntanlega afhent utanríkisráðherra fyrir kosningar.

Skýrslan verður ekki mikil að vöxtum, rétt rúmar tíu blaðsíður, en í henni verður ekkert óþarfa orðaskrúð, segir Valgerður. Utanríkisráðherra, eða arftaki hans eftir kosningar, mun svo nota skýrsluna sem grunn til að móta þjóðaröryggisstefnu Íslands.

Valgerður segir að lagt verði til grundvallar að Ísland sé herlaus þjóð sem grundvalli sínar varnir á gömlum stoðum; aðild að Atlantshafsbandalaginu og varnarsamningnum við Bandaríkin. Þá verði lögð áhersla á málefni norðurslóða.

„Það hefur verið ágætis samstaða í nefndinni um hvaða atriði skuli leggja áherslu á,“ segir Ragnheiður Elín Árnadóttir, þingmaður Sjálfstæðisflokksins, sem á sæti í nefndinni. Hún á von á því að hægt verði að afhenda skýrsluna á næstunni. - bj



**SAMSTARF** Fulltrúar Vinstri grænna í nefndinni boða sérstakar bókanir við kafla um Atlantshafsbandalagið og loftrýmisgæslu. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA



**ICELANDAIR** Icelandair Group hefur verið stórtækt í flugvélakaupum síðustu misseri. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Icelandair Group:

## Kaupir tvær flugvélar enn

**VIÐSKIPTI** Icelandair Group gekk í gær frá kaupum á tveimur Boeing 757 200 flugvélum. Félagið hafði áður haft vélarnar á langtímaleigu. Kaupverðið í viðskiptunum er ekki gefið upp.

Flugvélarnar hafa verið nýttar í leiguflugsverkefni og verða þær áfram notaðar þannig, í það minnsta fyrst um sinn. Í takt við aukin umsvif Icelandair hefur félagið keypt nokkrar nýjar flugvélar síðustu misseri. Í janúar keypti félagið tvær notaðar Boeing 757 200 flugvélar af American Airlines og þá gekk það frá kaupum á tólf nýjum Boeing 737 MAX8 flugvélum í haust sem bætast í flota félagsins árið 2018. - mþl

Matís og Hafró í samstarfi:

## Örverur í hafi rannsakaðar

**HAFRANNSÓKNIR** Matís, í samstarfi við Hafrannsóknastofnun, hefur að undanförnu staðið að rannsóknum á örverum í hafinu umhverfis Ísland. Þetta er í fyrsta sinn sem slík rannsókn fer fram. Markmiðið er að skoða bæði fjölda mismunandi örveruhópa og fjölbreytileika á mismunandi hafsvæðum og dýptum.

Heilbrigði örverusamfélagsins er skilyrði fyrir því að líf í efri lögum fæðukeðjunnar þrífist og því er mikilvægt að afla frekari þekkingar á þessu sviði. Í framtíðinni er hugsunin sú að hægt verði að fylgjast með framvindu og breytingu á örverusamsetningu milli ára sem getur hjálpað til við að meta áhrif loftslagsbreytinga á lífkerfið og frumframleiðslu þess. - shá

Færri þinglýsa leigusamningi:

## Samningum fækkar um 7%

**HAGTÖLUR** Á landinu öllu var heildarfjöldi þinglýstra leigusamninga um íbúðarhúsnæði 644 í nýliðnum mánuði samkvæmt samantekt Þjóðskrár Íslands. Samningum fjölgaði um 0,8 prósent frá fyrra mánuði, en fækkar um 6,9 prósent sé horft ár aftur í tímann.

Mest er breytingin á höfuðborgarsvæðinu. Þar fækkar þinglýstum samningum um fimmtung milli ára, voru 478 í mars í fyrra miðað við 384 í mars á þessu ári. Nokkrar sveiflur eru í öðrum landshlutum en líkast til er óvarlegt að draga af þeim miklar ályktanir vegna þess hve fáir samningar eru á bak við tölurnar. - óká




nordural.is
EFLA VERKFRÆÐISTOFA
Elkem Ísland
NORÐURÁL

# SKOÐUN

113 Húsvíkingar ættu að biðjast fyrirgefningar:

## Hvaða tilgangi þjónar það?

Af hverju eru fjölmiðlar að varpa ljósi á þetta erfiða mál núna og hvaða tilgangi þjónar það?“ spurði Reinhard Reinhardsson, fyrrverandi bæjarstjóri á Húsavík, þegar blaðakona Fréttablaðsins vildi spyrja hann álits á viðtali Kastljóss Ríkissjónvarpsins við Guðnýju Jónu Kristjánsdóttur.

Guðnýju Jónu var nauðgað á Húsavík fyrir fjórtán árum. Vitni var að glæpnum og gerandinn játaði hann í fyrstu fyrir lögreglu, en dró játninguna til baka fyrir dómi. Sektardóm fékk hann engu að síður.




Ólafur Þ. Stephensen

olafur@frettabladid.is


Guðný Jóna lýsti því í viðtalinu hvernig henni varð ekki vært í bænum eftir að hún kærði nauðgunina. Sumir hættu að horfa í augun á henni og heilsa henni, aðrir atyrtu hana og neituðu að trúa henni. Sumir, þar með talinn sóknarpresturinn, reyndu að fá hana til að hætta við að kæra kynferðisglæpinn. Um þverbak keyrði þegar 113 manns skrifuðu undir opinbera yfirlýsingu til stuðnings nauðgaranum eftir að hann hlaut dóm.

Hvaða tilgangi þjónar það? spyr bæjarstjórinn fyrrverandi. „Það er ekki til neins að velta þessu upp,“ segir Sighvatur Karlsson sóknarprestur, spurður um sinn hlut í málinu.

Tilgangurinn er þó alveg augljós. Guðný Jóna sýnir mikinn kjark með því að ræða þetta mál jafnyfirvegað og opinskátt og raun ber vitni. Frásögn hennar, og umfjöllun fjölmiðla, ætti að stuðla að því að fyrirbyggja sams konar viðbrögð, hvort heldur er í smáum samfélögum eða stórum, þegar grunur vaknar um kynferðisbrot – eða þau eru framin í vitna viðurvist eins og átti við í hennar máli.

Guðný sagði að líkast til hefði hún, 17 ára gömul, ekki ákveðið að kæra glæpinn hefði hún getað séð viðbrögð samfélagsins fyrir. Opinská umfjöllun um mál af þessu tagi eykur vonandi líkurnar á að fórnarlömb kynferðisbrota hiki ekki við að segja frá þeim og leita réttlætis.

Viðbrögðin við nauðgunarkærunni á Húsavík árið 1999 eru ekkert einsdæmi á Íslandi, þótt það sé sjaldgæft að fordómarnir í garð þolenda kynferðisbrota séu opinberlega skjalfestir eins og þar. Jafnvel velmeinandi fólk virðist geta farið algjörlega út af sporinu í einhvers konar viðleitni til að varðveita frið og samheldni í litlu samfélagi, eins og sóknarpresturinn á Húsavík viðurkennir hálfpartinn í Fréttablaðinu í gær að hafa gert. En það bætir sjaldnast samfélag að þagga niður glæpi og misgjörðir.

Séra Sighvatur segist biðjast auðmjúkur afsökunar „hafi ég sært einhvern“. Það er gott hjá honum að biðjast afsökunar en hefði verið hreinlegra að viðurkenna bara mistökin.

Guðný Jóna sagði frá því að sumir þeirra sem skrifuðu upp á yfirlýsinguna dæmalausu hefðu síðan haft samband við hana og beðist fyrirgefningar. Hún hefði fyrirgefið þeim öllum.

Nú virðist blasa við að allir Húsvíkingarnir 113, sem lögðu nafn sitt við einelti í garð þolanda alvarlegs glæps – alltént þeir sem enn eru á meðal okkar – skrifi upp á nýja yfirlýsingu, þar sem Guðný Jóna er beðin fyrirgefningar. Það myndi stuðla að því að græða sárin í samfélaginu og segja skýrt við þolendur kynferðisbrota: Ekki vera hrædd við að segja frá.

Þá væri tilganginum náð.


FRÉTTABLAÐIÐ

**ÚTGÁFUFÉLAG:** 365 miðlar ehf. **STJÓRNARFORMAÐUR:** Ingibjörg S. Pálmadóttir **FORSTJÓRI OG ÚTGÁFUSTJÓRI:** Ari Edwald **RITSTJÓRAR:** Ólafur Þ. Stephensen *olafur@frettabladid.is,* Mikael Torfason *mikael@frettabladid.is* Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds.

ISSN 1670-3871







## FRÁ DEGI TIL DAGS

**Gulrætur og kylfa**

Mikið hefur verið rætt um það hvernig Framsóknarflokkurinn hyggst nýta krónueignir erlendra kröfuhafa bankanna til að bæta úr skuldavanda heimilanna. Friðrik Már Baldursson, prófessor í hagfræði, segir umræddan hagnað fráleitt vera í hendi. Um hann þurfi fyrst að semja. Sé viðtal Fréttablaðsins við Sigmund Davíð Gunnlaugsson, sem birtist í mars, skoðað sést hins vegar vel að Sigmundur Davíð gerir sér vel grein fyrir þessu. Hann vill beita vogunarsjóðina, sem eiga kröfurnar, bæði gulrót og kylfu, skapa hvata en þeir þyrftu líka að standa frammi fyrir því að það yrði þeim ekki til hagsbóta spiluðu þeir ekki með. Ríkið geti til dæmis nýtt sér fullveldisrétt sinn með því að greiða kröfuhöfunum út í íslenskum krónum.

**Sérstakur skattur**

Sigmundur Davíð nefndi einnig sem leið að skattleggja einfaldlega þær upphæðir sem greiddar yrðu út. Undir það hefur Bjarni Benediktsson, formaður Sjálfstæðisflokksins, tekið, en hann sagði í viðtali við Fréttablaðið að það væri möguleg leið; mjög há skattgreiðsla á útgreiðsluna.





**Alvöru Austfirðingur**

Ber er hver að baki nema sér bróður eigi og ljóst er að Bjarni er ekki ber að baki með annan varaformanninn, Kristján Þór Júlíusson, sér við hlið. Hann kvartaði yfir því á fundi Sjálfstæðisflokksins á Austurlandi að fjölmiðlar legðu formanninn í einelti, af hverju töluðu þeir ekki meira um Sigmund Davíð? Kristján sagði það aumingjaskap ef Austfirðingar fylktu sér ekki um þann Austfirðing sem Sjálfstæðisflokkurinn byði upp á, frekar en Sigmund Davíð. „Við þurfum ekki sendingar að sunnan til að hafa vit fyrir okkur,“ sagði Kristján, sending að norðan.

kolbeinn@frettabladid.is

## HALLDÓR




# Afnemum verðtryggingu

STJÓRNMÁL




Magnús Orri Schram
alþingismaður


Jafnaðarmenn vilja burt með verðtryggingu og lægri vexti. Það er ósanngjarnt að borga tvisvar og hálfu sinni fyrir íbúð þegar Danir borga fyrir eina og hálfa íbúð. Þarna munar heilli íbúð. Því segja jafnaðarmenn: burt með verðtryggingun og lækkum vextina.

**En af hverju er verðbólga?**

Verðbólgan skapast vegna breytinga á gengi krónunnar. Verðtryggingu var komið á 1980 til að tryggja að peningarnir héldu verðgildi sínu þrátt fyrir verðbólgu. Þannig veldur verðbólgan því að lánin hækka. Verðbólga á Íslandi er þrisvar sinnum hærri en innan evrulanda. Vextir á Íslandi eru ríflega tvisvar sinnum hærri en í Evrópu.

**Dýrari íbúðir**

Þess vegna borgum við meira fyrir íbúðirnar en aðrir. Krónan veldur hærri vöxtum og hærri verðbólgu. Úr þessum vítahring verður ekki komist nema með upptöku annarrar myntar því þá lækka vextirnir og verðbólgan.

**20% niðurfelling?**

Það væri gaman ef við gætum lækkað skuldir allra. En í raun myndi slíkt ekki breyta miklu. Ef við hefðum til dæmis lækkað skuldir heimilanna um 20% árið 2009 og 40 milljón króna lán hefði þá farið í 32 milljónir, væri það lán komið í 39 milljónir í dag, þökk sé verðbólgunni. Á móti værum við með 220 milljarða reikning og þyrftum að hækka skatta eða skera niður. Heimilin væru þannig í verri stöðu fjórum árum síðar.

**➜ Það er hins vegar til ein leið úr þessu basli. Hún er sú að ljúka viðræðum við ESB og ganga í myntsamstarf á næsta kjörtímabili.**

**Breytum kerfinu**

Þess vegna er mikilvægt að breyta kerfinu því annars verðum við áfram föst og gerum ekki annað en að ýta vandanum áfram og yfir á börnin okkar. Það er hins vegar til ein leið úr þessu basli. Hún er sú að ljúka viðræðum við ESB og ganga í myntsamstarf á næsta kjörtímabili.

**27.apríl**

Þannig er valið skýrt í næstu kosningum. Annaðhvort breytum við kerfinu eða ýtum vandanum á undan okkur. Þess vegna telur Samfylkingin mikilvægt að halda áfram viðræðum við ESB.


FRÉTTABLAÐIÐ Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík **Sími:** 512 5000, *ritstjorn@frettabladid.is* **FRÉTTASTJÓRAR:** Arndís Þorgeirsdóttir *arndis@frettabladid.is,* Kristján Hjálmarsson, *kristjan@frettabladid.is* og Trausti Hafliðason *trausti@frettabladid.is* **HELGAREFNI:** Sigríður Björg Tómasdóttir, ritstjórnarfulltrúi, *sigridur@frettabladid.is* **MENNING:** Bergsteinn Sigurðsson *bergsteinn@frettabladid.is* **DÆGURMÁL:** Kjartan Guðmundsson *kjartan@frettabladid.is* **LJÓSMYNDIR:** Pjetur Sigurðsson *pjetur@frettabladid.is* **FRAMLEIÐSLUSTJÓRI:** Kolbrún Ingibergsdóttir *kolbrun@frettabladid.is* **ÚTLITSHÖNNUN:** Silja Ástþórsdóttir *siljaa@frettabladid.is*

# Konur á verðbréfamarkaði

FJÁRMÁL



A. Kristín Jóhannsdóttir
samskipta- og markaðsstjóri NASDAQ OMX Iceland

Fregnir berast af því að almenningur sé farinn að líta til fjárfestinga í hlutabréfum í auknum mæli. Þetta eru góðar fréttir þar sem þátttaka almennings í hlutabréfaviðskiptum er nauðsynleg til að renna frekari stoðum undir hlutabréfamarkaðinn. Það er líka fagnaðarefni að fyrirtæki séu farin að ná aftur til fjárfesta. Þau þurfa fjármagn til vaxtar og til að efla reksturinn, og fjárfestar vilja geta valið um leiðir til ávöxtunar á sparifé sínu.

Við höfum stundum vísað í könnun sem Viðskiptablaðið stóð fyrir árið 2011 þar sem fram kom sláandi munur á fjárfestingaráformum kvenna og karla, en skv. niðurstöðum könnunarinnar hafði einungis 4% kvenna í hyggju að fjárfesta á hlutabréfamarkaði næstu 12 mánuði á eftir, samanborið við 17% karla.

### Minni áhættusækni

Þessi afar litli áhugi kvenna er tilefni til frekari skoðunar. Á hlutabréfamarkaðnum í dag (einstaklingar) eru karlar tvöfalt fleiri en konur í hluthafahópi fyrirtækja (janúar 2013 – skráð fyrirtæki). Kvenhluthafar eru 29% af heildinni en karlar 57%. Aðrir eigendur eru lífeyrissjóðir, verðbréfasjóðir, fyrirtæki og aðrir lögaðilar. Þessi staða endurspeglar ekki þann fjölbreytileika sem við viljum að markaðurinn beri vott um. Þrátt fyrir miklar breytingar á högum kvenna undanfarna áratugi með aukinni menntun, þátttöku á vinnumarkaði og hærri launum, þá líta þær ekki til fjárfestinga á hlutabréfamarkaði í sama mæli og karlar til að ávaxta sparnað sinn til framtíðar eða taka þátt í uppbyggingu atvinnulífs í gegnum viðskipti með skráð hlutabréf. Það hefur sýnt sig í könnunum erlendis að þær konur sem hafa áhuga á verðbréfamarkaðnum líta síður á hlutabréf sem álitlegan fjárfestingarkost en horfa frekar til sjóða og ríkistryggðra fjármálagerninga. Það bendir því flest til þess að þær nálgist fjárfestingar á annan hátt en karlar og er áhættusækni þeirra að jafnaði minni.

Í febrúar sendum við út könnun á meðal kvenkyns meistaranema í Háskólanum í Reykjavík og félagskvenna í FKA, Félagi kvenna í atvinnulífinu, til að kanna afstöðu þeirra til verðbréfamarkaðarins. Um 1.200 konur fengu könnunina og svarhlutfall var um 33%. Í könnuninni var meðal annars spurt í hverju þær fjárfestu, hvernig þær mætu þekkingu sína á verðbréfamarkaði og hvort þær gætu hugsað sér að fjárfesta í hlutabréfum á næstu 12 mánuðum. Í stuttu máli voru niðurstöður þær að 59% kvennanna fjárfesta að einhverju marki – mest í séreignarlífeyrissparnaði (68%) og þar á eftir í skráðum hlutabréfum (33%). Jafnvel þótt stór hluti þeirra hafi ekki í hyggju, eða sé óviss um, að fjárfesta á verðbréfamarkaðnum á næstunni (58%), er mikill meirihluti hópsins mjög eða nokkuð jákvæður gagnvart því að fræðast meira um markaðinn, tækifæri á honum og hvað beri að varast (83%). Þær nefndu áhættufælni, varkárni og tímaskort sem helstu ástæður fyrir lítilli þátttöku kvenna á markaðnum, en einnig að konur væru hugsanlega ekki eins áhugasamar um efnið og að sterkar hefðir væru til staðar.

### Viljum ryðja brautina

Við viljum ryðja brautina og í samstarfi við FKA, NASKAR Investments (fjárfestingarfélag í eigu kvenna) og VÍB stöndum við fyrir verkefni þar sem sýnileiki og þátttaka kvenna á markaðnum og fræðsla verða aðalmarkmið. Tíu konum hefur verið boðið til hringborðsumræðna 11. apríl þar sem niðurstöður könnunarinnar verða ræddar og hvað megi gera til að auka þátt kvenna á markaði. VÍB mun bjóða upp á námskeið um verðbréfamarkaðinn fyrir byrjendur og lengra komna, hvort sem þær vilja byrja að fjárfesta eða bara læra meira um markaðinn og fylgjast betur með hvernig lífeyrissjóðurinn þeirra og séreignalífeyrissjóðurinn vinnur.

**➜ Við teljum mjög mikilvægt að fá að heyra frá konum um hvernig þær nálgast fjárfestingar...**

Við teljum mjög mikilvægt að fá að heyra frá konum um hvernig þær nálgast fjárfestingar, hvað geti stuðlað að aukinni þátttöku þeirra og hvaða nálgun er farsælust. Líklegt er að niðurstöður úr þeim umræðum verði gagnlegar fyrir alla; fjárfesta og fyrirtæki, fjármálastofnanir, konur og karla. Markaðurinn mun vafalaust njóta góðs af. Konur eru helmingur allra mögulegra fjárfesta framtíðarinnar, þeirra sjónarmið eru nauðsynleg til að auka fjölbreytt skoðanaskipti á markaði sem munu styrkja hann til frambúðar.


Jarðvegsþjappa á „þjöppuðu“ verði
PC 1442 Shatal jarðvegsþjappa
Stærð plötu: 400 x 550 mm
Þyngd: 80 kg
Mótor: Honda bensín 5,5 hö
Miðflóttaafl á plötu: 1400 kg
Mesti hraði áfram: 26 m/mín
Víbratíðni: 93 Hz
199.900,- m. VSK
(fleiri stærðir á lager)
LÆKKUM VERÐIÐ Á BYGGINGAVÖRUM



Reykjavík - Akureyri
Reykjanesbæ
Vestmannaeyjum
Meiri gæði / Lægra verð
MÚRBÚÐIN
– Afsláttur eða gott verð?
Sími 412 2500 - sala@murbudin.is - www.murbudin.is


# Kapp um app – Íslendingaapp

NETIÐ



Kristrún Halla Helgadóttir
sagnfræðingur hjá Íslenskri erfðagreiningu

18. janúar 2003 var Íslendingabók sett á netið. Hún er samstarfsverkefni Friðriks Skúlasonar og Íslenskrar erfðagreiningar. Að þessu tilefni Íslensk erfðagreining og Verkfræði- og náttúruvísindasvið (VoN) Háskóla Íslands að standa fyrir samkeppni meðal háskólanemenda um besta hugbúnaðinn (appið) fyrir snjallsíma og spjaldtölvur. Um 200.000 manns fengið lykilorð að Íslendingabók og eru flettingar yfir 40.000 á hverjum degi.

Í Íslendingabók má orðið finna þétt net tenginga á milli einstaklinga og flesta þá Íslendinga sem uppi hafa verið frá því á 18. öld. Það sem gerir okkur kleift að byggja upp gagnagrunn eins og Íslendingabók eru vel skráðar og vel varðveittar frumheimildir eins og manntöl og kirkjubækur sem ná jafnvel aftur á 17. öld.

**➜ Með þessari samkeppni gefst ekki einungis kostur á að auka þjónustuna við hina fjölmörgu notendur Íslendingabókar...**

Með þessari samkeppni gefst ekki einungis kostur á að auka þjónustuna við hina fjölmörgu notendur Íslendingabókar einnig að tefla saman í liði af nemendum úr ólíkum greinum og jafnvel ólíkum háskólum. Keppnin hvetur til þverfaglegs samstarfs. Það reynir ekki aðeins á færni í forritun heldur einnig í hönnun, nýbreytni og kynningu. Spennandi verður síðan að sjá afraksturinn hjá liðunum. Við hvetjum landsmenn til að koma og sjá kynningar liða sem fram fara laugardaginn 13. apríl kl. 13.00 í sal Íslenskrar erfðagreiningar við Sturlugötu 8. Einnig verður hægt að fylgjast með í beinni útsendingu á vefnum www.hi.is


KATLA MANAGER SELECTION
Société d'Investissement à Capital Variable
14, boulevard Royal – L-2449 LUXEMBOURG
R.C.S. Luxembourg B 72.942
(the „SICAV“)

ANNUAL GENERAL MEETING OF SHAREHOLDERS

The Board of Directors is pleased to convene the shareholders of KATLA MANAGER SELECTION to attend the annual general meeting to be held at the registered office of the SICAV on 29 April 2013 at 11.00 a.m. with the following agenda:

1. Report of the Board of Directors and of the approved statutory auditor
2. Approval of the annual accounts as at 31 December 2012
3. Allocation of the results
4. Discharge to the directors
5. Renewal of the mandate of the approved statutory auditor
6. Statutory elections
7. Miscellaneous

The shareholders are advised that no quorum for the statutory general meeting is required and that decisions will be taken by simple majority of the votes cast. Proxies are available at the registered office of the SICAV. Shareholders, who wish to attend the annual general meeting, are requested to inform the Board of Directors (Fax nr: +352 49 924 2501 – ifs.fds@bdl.lu) at least five calendar days prior to the annual general meeting.



Umhverfisstyrkir Landsbankans

Samfélagssjóður Landsbankans veitir fimm milljónir króna í umhverfisstyrki. Markmið umhverfisstyrkja er að styðja við umhverfis- og náttúruvernd. Umsóknarfrestur er til 6. maí 2013.

Verkefni sem einkum koma til greina:
» Verkefni á sviði náttúruverndar, t.a.m. skógrækt, landgræðsla og hreinsun landsvæða.
» Verkefni er tengjast rannsóknum á náttúrugæðum.
» Verkefni er styðja betra aðgengi fólks að náttúru landsins.
» Verkefni er nýtast til verndar landsvæðum, t.d. vegna ágangs búfénaðar eða ferðamanna.
» Verkefni er auka þekkingu og vitund almennings á umhverfismálum.
» Verkefni er hvetja til umhverfisvæns hátternis.

Umsóknarfrestur
Umsóknarfrestur vegna umhverfisstyrkja er til og með 6. maí 2013. Dómnefnd verður skipuð sérfræðingum á sviði náttúru- og umhverfisverndar. Sótt er um umhverfisstyrki rafrænt á landsbankinn.is.

Samfélagssjóður Landsbankans hefur það hlutverk að veita styrki til verðugra verkefna. Árlega eru ferns konar styrkir veittir: Námsstyrkir, nýsköpunarstyrkir, samfélagsstyrkir og umhverfisstyrkir.

Nánari upplýsingar á landsbankinn.is

Landsbankinn landsbankinn.is 410 4000

JÓNSSON & LE'MACKS • jl.is • SÍA

# Stóri dagu



Milljónaveltan
stækkar enn og
er nú **30 milljónir**

PIPAR\TBWA • SÍA • 131141

# Ekki missa af
# **STÓRA DEGINUM** í dag

Á dögum eins og þessum geta **útgreiddir vinningar orðið yfir 100 milljónir** króna.



## EINN MIÐI – ÞREFALDIR MÖGULEIKAR

**A**

AÐALÚTDRÁTTUR

**70.000.000**

Í Aðalútdrætti vinna um **3.000** manns allt frá 5 þúsund krónum upp í **25 milljónir**. Að meðaltali eru um **74 milljónir** greiddar út.

**30**

***MILLJÓNAVELTAN***

**30.000.000**

Í **Milljónaveltunni** drögum við út **30 milljóna** vinning sem hækkar um aðrar **10 milljónir** í næsta mánuði ef hann gengur ekki út.

**1**

MILLJÓN Á MANN

5 x **1.000.000**

Í **Milljón á mann**, fá **5 heppnir** vinningshafar **eina milljón** króna. Aðeins er dregið úr seldum miðum.

DRÖGUM
**Í DAG**
10. APRÍL

Fáðu þér miða fyrir **kl. 18.00**

Tryggðu þér miða á www.hhi.is, í síma 563 8300 eða hjá næsta umboðsmanni.

HAPPDRÆTTI
HÁSKÓLA ÍSLANDS
*Vænlegast til vinnings*



†

Elskulegur eiginmaður minn,

**HERMANN STEFÁNSSON**
**Eskihlíð 20a,**

lést á Landspítalanum við Hringbraut, mánudaginn 1. apríl. Útförin fer fram frá Fossvogskapellu fimmtudaginn 11. apríl kl. 15.00.

**Olga Halldórsdóttir**



†

Faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,

**ÓLAFUR HALLDÓRSSON**
**dr. phil.,**

sem andaðist á Landspítalanum við Hringbraut að kvöldi 4. apríl sl. verður jarðsunginn frá Hafnarfjarðarkirkju föstudaginn 12. apríl kl. 15.00. Þeim sem vilja minnast hins látna er bent á MS-félagið (s. 5688620).

**Lilja Ólafsdóttir** **Guðmundur Jónsson**
**Dagrún Steinunn Ólafsdóttir**
**Karl Ólafsson** **Helga Steingerður Sigurbjörnsdóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn.**



†

Elsku maðurinn minn, faðir okkar, afi og langafi,

**BJARNI ÓLAFSSON**
**Langholtsvegi 202,**

sem lést á LSH deild K-2 4. apríl sl. verður jarðsunginn frá Langholtskirkju föstudaginn 12. apríl, kl. 13.00.

**Sjöfn Ingólfsdóttir**
**Guðmundur Hólm Bjarnason**
**Þórir Bjarnason** **Sesselja Arthursdóttir**
**Guðmann Bjarnason** **Guðfinna Pjetursdóttir**
**Sigurður Bjarnason** **Jónína Sóley Snorradóttir**
**Ragnar Svanur Bjarnason** **Lára Júlíusdóttir**
**Sigríður Rósa Bjarnadóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn.**



†

Eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,

**HÉÐINN HÖSKULDSSON**
**frá Bólstað,**
**Furulundi 13d, Akureyri,**

sem lést á Fjórðungssjúkrahúsinu á Akureyri 3. apríl, verður jarðsunginn frá Akureyrarkirkju mánudaginn 15. apríl klukkan 13.30.

**Ingileif Ólafsdóttir**
**Ólafur Héðinsson** **Guðrún Halla Gunnarsdóttir**
**Guðrún Pálína Héðinsdóttir** **Tómas Jóhannesson**
**Ragnheiður Héðinsdóttir** **Halldór Halldórsson**
**Sigrún Ágústa Héðinsdóttir** **Jóhann Thorarensen**
**Höskuldur Héðinsson**
**barnabörn og barnabarnabörn.**



**VERKEFNISSTJÓRINN** „Vonir standa til að við getum aukið kvótann hér á næstu árum," segir Kristján sem hér hefur Raufarhöfn og Melrakkaás í baksýn. MYND/JÓNAS FRIÐRIK

# Aðstoðar íbúana í því sem til framfara horfir

Kristján Þ. Halldórsson verkfræðingur hefur verið ráðinn hjá Byggðastofnun sem verkefnisstjóri á Raufarhöfn. Þar mun hann fylgja eftir atvinnu- og byggðaþróunarverkefni á svæðinu.

Ég á að leiða verkefni sem íbúum hefur komið saman um að styrki byggðarlagið, þó að einn og sér geri ég engin kraftaverk." Þetta segir Kristján Þ. Halldórsson verkfræðingur, sem nýlega var ráðinn til eins árs til að fylgja eftir atvinnu- og byggðaþróunarverkefni á Raufarhöfn sem hófst á síðasta ári.

Að því standa Byggðastofnun, Norðurþing, Atvinnuþróunarfélag Þingeyinga, Háskólinn á Akureyri og íbúar Raufarhafnar. Kristján segir verkefnið unnið á forsendum samfélagsins á Raufarhöfn og nágrenni, sem sagt íbúanna sjálfra. „Mitt hlutverk er að standa með íbúunum og aðstoða þá eftir mætti í því sem til framfara horfir," útskýrir hann.

Kristján er fæddur og alinn upp í Núpasveitinni. Hann býr á Kópaskeri en keyrir daglega til Raufarhafnar og kveðst um hálftíma ef vel gengur. „Ég fer yfirleitt heiðina ef veður og færð leyfir en stundum er betra að þræða ströndina, þar er heldur minna dimmviðri í norðanhríð."

Íbúum á þessum slóðum hefur fækkað mikið á einum áratug. Kristján segir hefðbundinn sauðfjárbúskap heyra sögunni til á norðanverðri Melrakkasléttu en myndarlegur búskapur er á Leirhafnartorfu á Vestursléttu og svo austan Raufarhafnar. Föst búseta og hlunnindabúskapur er á nokkrum bæjum og í þó nokkrum tilvikum hefur húsakosti verið haldið ágætlega við og fjöldi eigenda hefur orlofsdvöl um lengri eða skemmri tíma á jörðunum. Á Raufarhöfn hafi íbúum fækkað úr tæplega 300 árið 2001 í 169 um síðustu áramót.

„Það gefur augaleið að sjávarútvegur hefur verið og er meginstoð í atvinnulífi Raufarhafnar og því er nærtækast að leita tækifæra á þeim vettvangi. Vonir stóðu til þess að Byggðastofnun fengi, með nýju kvótafrumvarpi, tækifæri til að úthluta heimildum til byggðarlaga sem hefðu farið mjög illa út úr tilfærslu heimilda. Það mál kláraðist ekki fyrir þinglok en vonandi verður það tekið upp að nýju jafnskjótt og þing kemur saman," segir hann.

**„Sléttan býður upp á mikla möguleika í náttúrutengdri ferðamennsku, ekki síst í fuglaskoðun**

Ferðaþjónusta er eitt af því sem horft er til, að sögn Kristjáns. Hann nefnir í því sambandi uppbyggingu Heimskautsgerðis sem hafin er á Melrakkaási, rétt norðan Raufarhafnar. Einnig segir hann þörf á meira gistirými. „Sléttan býður upp á mikla möguleika í náttúrutengdri ferðamennsku, ekki síst í fuglaskoðun, og einnig ættu að vera talsverðir möguleikar varðandi veiðar í vötnum og jafnvel stangveiði í sjó," segir hann.

Skyldi aldrei hafa komið til tals að gera Sléttuna að þjóðgarði sökum síns sérstæða náttúrufars? „Þeirri hugmynd var hreyft á íbúafundi um daginn," upplýsir Kristján. „Það er ótímabært að fullyrða nokkuð um þjóðgarð en ég býst við að það sé vel þess virði að skoða hvaða möguleikar eru fyrir hendi og finna hvaða farvegur er heppilegastur til að umgengni um svæðið verði sem best, í sátt við landið og eigendur þess."

gun@frettabladid.is



†

Elsku demanturinn okkar,

**LOVÍSA HRUND SVAVARSDÓTTIR**
**Einigrund 14, Akranesi,**

sem lést 6. apríl, verður jarðsungin frá Akraneskirkju þriðjudaginn 16. apríl kl. 14.00. Þeim sem vilja minnast hennar er bent á Umhyggju, félag til styrktar langveikum börnum.
Rnr. 0101-15-371020 kt. 581201-2140.

**Svavar S. Guðmundsson** **Hrönn Ásgeirsdóttir**
**Ásgeir Sævarsson** **Karen Lind Ólafsdóttir**
**Heiður Sævarsdóttir** **Ryan J. Karazija**
**Engilbert Svavarsson**
**Ólafur Ingi, Almar Kári, Úlfur Esra, Eva Hrönn**
**og aðrir aðstandendur.**



†

Ástkær móðir mín, tengdamóðir, amma og langamma,

**STEFANÍA BJÖRG ÁSTVALDSDÓTTIR**
**Dvalarheimili aldraða, Sauðárkróki,**

lést 3. apríl. Útförin fer fram frá Sauðárkrókskirkju 13. apríl kl. 11.00.

**Gylfi B. Geiraldsson**
**Jóhanna Evertsdóttir**
**Sigrún B. Gylfadóttir** **Jón E. Jónsson**
**Stefanía H. Gylfadóttir** **Óskar Þ. Sveinsson**
**Gerður A. Gylfadóttir** **Kristinn V. Traustason**
**og barnabarnabörn.**



†

Elskulegur faðir minn, tengdafaðir, afi og langafi,

**KRISTINN ÞORLEIFSSON**
**Dalvík,**

sem lést 1. apríl á Dvalarheimili aldraða, Dalbæ, verður jarðsunginn frá Dalvíkurkirkju föstudaginn 12. apríl kl. 13.30. Þeim sem vildu minnast hans er bent á Dalbæ.

**Össur Kristinsson** **Berglind Andrésdóttir**
**Birgir Össurarson**
**Björg Össurardóttir** **Einar Einarsson**
**Sigrún Össurardóttir** **Haraldur Ólafsson**
**og langafabörn.**


## *Fjölbreytt úrval legsteina*
## *Frí áletrun og uppsetning*

Sjá nánar á granithollin.is sími 555 38 88
Bæjarhrauni 26 (á móti Fjarðarkaupum)



Graníthöllin

*Bæjarhrauni 26 - 220 Hafnarfirði*
*www.granithollin.is*
*Sími 555 38 88*




†

Elskuleg eiginkona mín, dóttir, móðir, tengdamóðir og amma,

**SESSELJA SIGNÝ SVEINSDÓTTIR**
**(SISSA)**
**Vallargerði 37, Kópavogi,**

lést á Landspítalanum 5. apríl sl. Útförin verður auglýst síðar.

**Sveinn Baldursson**
**Baldur Sveinsson** **Anna María Halwa**
**Valgeir Sveinsson**
**Sigurður Sveinsson**
**Sveinn Þorsteinsson** **Guðrún Stefánsdóttir**
**og barnabörn.**



†

Ástkær eiginmaður minn, sonur minn, faðir okkar, tengdafaðir og afi,

**ÓSKAR JÓHANN BJÖRNSSON**
**Lóurima 14, Selfossi,**

lést á heimili sínu 5. apríl.

**Fyrir hönd aðstandenda,**

**Sigríður Haraldsdóttir**
**Björn Jóhann Óskarsson**
**Aðalbjörg Katrín Óskarsdóttir** **Hákon Daði Hreinsson**
**Erna Karen Óskarsdóttir** **Bjarki Rafn Kristjánsson**
**Jóhanna Ósk Óskarsdóttir**
**og barnabörn.**

White-Westinghouse - amerísk gæða heimilistæki

Þvottavél 12 kg Þurrkari

Taka 12 Kg · Hljóðlát
Stórt op > auðvelt að hlaða
Sparneytin amerísk tæki.

<Þvottvélin tekur heitt og kalt vatn

Afkastamikill þurrkari >

Amerísk gæðavara

RAFVÖRUR
DALVEGI 16c · 201 KÓPAVOGI
SÍMI 568 6411 · WWW.RAFVORUR.IS



Gólfhitakerfi
Ekkert brot ekkert flot

- Þægilegur hiti góð hitadreifing
- Hitasveiflur / Stuttur svörunartími
- Aðeins 12mm þykkar hitadreifiplötur
- Fljótlegt að leggja
- Ekkert brot ekkert flot
- Dreifiplötur límdar beint á gólfið
- Gólfefni lagt beint á dreifiplötur (flísar, parket)
- Hentar vel í eldra húsnæði jafnt sem ný hús og sumarhús
- Flooré gólfhitakerfi er einfalt, fljótlegt og þægilegt

Skemmuvegur 10 (blá gata) 200 Kópavogur
Sími 567 1330 Fax 567 1345 www.hringas.is

Hringás ehf.



Vissir þú að...
börn eiga rétt á að leika sér

Barnaheill
Save the Children á Íslandi




# VIRÐING FYRIR FUGLUM

**FUGLASKOÐUN** *Vinsældir fuglaskoðunar aukast ár frá ári. Vor og haust eru skemmtilegasti tíminn til að skoða fugla hérlendis.*

Fuglaskoðun er að verða sífellt vinsælli tómstundariðja hérlendis. Hana er hægt að stunda allt árið um kring um nánast allt land. Vor og haust eru þó besti tíminn til að stunda fuglaskoðun að sögn Aðalsteins Arnar Snæþórssonar, líffræðings hjá Náttúrustofu Norðausturlands. „Auðvitað er hægt að skoða fugla hérlendis allt árið og hver árstími hefur sinn sjarma. Vor og haust eru þó skemmtilegasti tíminn. Á vorin streyma fuglarnir til landsins og þá eru þeir í sínu fegursta skarti og tilhugalífið í fullum gangi. Þegar líður á sumarið ber minna á fuglunum og sumir fara í felubúning. Á haustin er svo besti tíminn til að sjá sjaldgæfar fuglategundir sem hrekjast oft til Íslands vegna veðurs og vinda.“

Fuglaskoðun er áhugamál sem hentar öllum aldurshópum. Hana er hægt að stunda alla ævi án mikils tilkostnaðar að sögn Aðalsteins. „Það þarf engan búnað til að njóta fugla en auðvitað er skemmtilegra að hafa góðan sjónauka til að sjá þá betur úr fjarska. Góð fuglabók kemur sér líka vel til að greina tegundirnar.“

Þrátt fyrir gott úrval fugla hérlendis segir Aðalsteinn að lítið sé um spörfugla en þeim mun meira af vatnafuglum og sjófuglum sem auðvelt sé að sjá í miklum mæli. „Svo hafa hinir ýmsu landshlutar sín sérkenni. Mývatn er óumdeilanlega þekktasti fuglastaður landsins en þar er gríðarlegur fjöldi votlendisfugla og andavarp með því mesta sem gerist í heiminum. Ef fólk vill skoða sjófugla má leita þeirra í sjávarbjörgum og úteyjum umhverfis landið. Mófugla má finna alls staðar og skógfuglar finnast í skógum landsins. Þetta fer allt eftir því hverju maður sækist eftir.“

Fyrir þá sem vilja prófa fuglaskoðun segir Aðalsteinn helst mikilvægt að menn þekki sín takmörk og virði almennar reglur um útivist í náttúrunni. „Síðan á að bera virðingu fyrir fuglunum og njóta þeirra eins og kostur er án þess að valda truflun á þeirra lífi.“

**FUGLAR SKOÐAÐIR** Fuglaskoðunarhúsið í Leiruvogi í Mosfellsbæ er heppilegur staður fyrir þá sem vilja prófa fuglaskoðun.
MYND/TÓMAS G. GÍSLASON



**ÁHUGAMAÐUR UM FUGLA** Aðalsteinn Örn Snæþórsson, líffræðingur hjá Náttúrustofu Norðausturlands.
MYND/ÚR EINKASAFNI


HÁMARKS MYNDGÆÐI Á LÁGMARKS VERÐI

Ótrúlega vel búið 50" Panasonic Smart Plasma sjónvarp með 4.000.000:1 skerpu og 0.001 millisek. svartíma. Tækið fyrir þá sem vilja framúrskarandi myndgæði á ótrúlegu verði.

50" Panasonic

Panasonic TXP50UT50Y
199.990
VERÐ ÁÐUR 249.990

Sjónvarpsmiðstöðin
RAFTÆKJAVERSLUN • SÍÐUMÚLA 2 • SÍMI 568 9090 • WWW.SM.IS







# FJÖLSKYLDAN NÁNARI EFTIR GOTT SUMARFRÍ

**BARA GLEÐI** *Samkvæmt nýrri bandarískri könnun er ákaflega mikilvægt að fjölskyldur fari saman í sumarfrí. Bæði börn og fullorðnir tóku þátt, alls 3.600 manns, en það var US Travel Association sem stóð að henni.*

Meira en 60% fullorðinna svarenda sögðust eiga sínar fyrstu minningar frá fjölskylduferðalagi á aldrinum 5-10 ára. Jafnframt voru svarendur sammála um að fjölskyldufríið hefði verið einstaklega ánægjulegt og skildi eftir mjög góðar minningar, jafnvel betri en frá afmælisdögum. Nútímabörn, sem alla jafna sitja við tölvur eða snjallsíma, voru sammála um að frí með fjölskyldunni væri það allra skemmtilegasta sem þau gerðu. Margir svöruðu því til að þeirra „bestu minningar“ væru úr sumarfríum fjölskyldunnar. Allir aldursflokkar voru sammála um að ánægjan væri ekki einvörðungu í gegnum ljósmyndir frá fríinu heldur ættu þeir ljúfar minningar sem hlýjaði alla ævi. Einnig þótti mörgum vænt um minjagripi sem keyptir voru í slíkum ferðalögum.

Fjölskylduferð, hvort sem hún er farin að vori, sumri eða vetri gæti þess vegna verið mikilvæg til að minnast fortíðarinnar með gleði. Ljóst er af þessari könnun að foreldrar ættu að fara með börnum sínum í styttri eða lengri ferðir, eyða tíma með þeim og njóta afslappaðra og notalegra samverustunda. Það gerir öllum gott. Sömuleiðis kom fram í könnuninni að ef amma og afi væru einnig með á ferðalagi yrði sambandið við þau nánara á eftir.

Ferðalögin eru ekki skilgreind en flestir vildu gera eitthvað nýtt, öðruvísi og spennandi. Flestir vildu upplifa eitthvað sem ekki væri hægt á heimaslóðum. Gott er að hafa börnin með í ráðum þegar ferðalagið er skipulagt.

Í svörum barnanna kom fram að fjölskyldan ræddi um sumarfríið í langan tíma eftir að heim var komið. Fjölskyldan varð nánari á eftir og hafði sameiginlegt áhugamál að ræða um. Það þykir því ljóst að þeir peningar sem fara í frí með börnunum skila sér margfalt til baka.

**GAMAN SAMAN**
Fjölskyldan nýtur sín vel saman í afslöppuðu umhverfi. Minningarnar gleymast aldrei, ef marka má bandaríska könnun.

**GRÆNN APRÍL**

# HVERSU STÓRT ER ÞITT FÓTSPOR?

***Þú kannt að gjóa augunum á fæturna og velta fyrir þér hvaða skónúmer þú keyptir síðast, en með spurningunni er ekki verið að vísa til fótsporsins sem þú markar með eigin fæti.***

Spurningin snýr að hinu vistfræðilega fótspori (e. ecological footprint) sem þú markar með tilveru þinni og lífsstíl. Oftast er það mælt út frá því hversu mikil kolefnislosun fylgir lífsstíl þínum. Það ræðst til að mynda af því hversu eyðslufrekum eða eyðslugrönnum bíl þú ekur og hversu mikið þú ekur, því við akstur losnar kolefni út í andrúmsloftið. Sama á við ef ferðast er með flugvélum eða skipum eða ef slík farartæki eru vinnutækin þín.

Sé málið skoðað nánar, þá markar þú líka þitt vistfræðilega fótspor með því sem þú kaupir, hvort sem það er matvara eða önnur vara, út frá því um hversu langan veg þessi vara hefur verið flutt til að komast á markað í nágrenni við þig. Víða erlendis, þar sem rafmagn er framleitt með kolum eða jarðgasi, skilar hitun húsa og vatns af sér mun meiri kolefnislosun en hér á landi, þar sem rafmagnsframleiðslan er frá vatnsaflsvirkjunum og um 86% landsmanna hafa aðgang að heitu vatni úr jörðinni. Vistfræðilegt fótspor hvers og eins markast því einnig af aðstæðum í hverju landi.



Margir velja að „stroka“ eða „jafna út“ hluta af sínu vistfræðilega fótspori með því að kaupa kolefnisjöfnun á akstur bifreiða sinna eða ferðalög með flugvélum.

Á erlendum vefsíðum er einnig hægt að kaupa kolefnisjöfnun fyrir heimilið, en gert er ráð fyrir að vistfræðilegt fótspor fjögurra manna fjölskyldu í Bandaríkjunum skilji eftir sig um 50.000 tonn af kolefnislosun árlega. Hægt er að reikna út vistfræðilegt fótspor sitt á www.orkusetur.is.

**GOTT MÁL**
***GRÆNUM APRÍL* hvetur þig til að kanna hversu stórt fótspor þitt er og finna leiðir til að minnka það. Nánar um APRÍLSKÓGA á *www.graennapril.is.***






**FÓLK ER KYNNINGARBLAÐ** sem býður auglýsendum að kynna vörur og þjónustu í formi viðtala og umfjallana ásamt hefðbundnum auglýsingum. Blaðið fylgir Fréttablaðinu daglega.

Útgefandi: **365 miðlar** | Ábyrgðarmaður: **Jón Laufdal**
Sölumenn: **Jónína María Hafsteinsdóttir, jmh@365.is,** s. 512 5473
**Sverrir Birgir Sverrisson, sverrirbs@365.is,** s. 512 5432
**Elsa Jensdóttir, elsaj@365.is,** s. 512-5427 | Hönnun: **Silja Ástþórsdóttir**




Eigendur fasteignasölunnar Mikluborgar eru Óskar R. Harðarson og Jason Guðmundsson, héraðsdómslögmenn og löggiltir fasteignasalar. MYND/VILHELM

# Fasteignasalan Miklaborg – Í stærð fasteignasölunnar felst ávinningur

**Frá stofnun hefur Miklaborg verið í fararbroddi fasteignasala þegar kemur að innleiðingu ýmissa nýjunga. Fasteignasalan vinnur með langtímamarkmið í huga þegar kemur að þjónustu við viðskiptavini. Hjá Mikluborg starfar breiður og góður hópur starfsmanna með ólíka menntun. Allar eignir eru metnar á sérstökum verðmatsfundum þar sem allir sölumenn fyrirtækisins sitja.**

Fasteignasalan Miklaborg var stofnuð árið 2007 og er stærsta fasteignasalan í Reykjavík með um 625 eignir á skrá. Miklaborg hefur frá stofnun verið í fararbroddi annarra fasteignasala þegar kemur að innleiðingu ýmissa nýjunga, til dæmis í heimasíðugerð og snjallsímaforriti sem veitir viðskiptavinum aðgang að fasteignum í símann eftir staðsetningu viðskiptavinarins hverju sinni. „Öll slík þjónusta skiptir máli fyrir viðskiptavininn. Við höfum alla tíð lagt mikla áherslu á fjölbreytta þjónustu gagnvart viðskiptavinum okkar og að hafa á að skipa úrvals starfsfólki sem býr yfir mikill þekkingu á fasteignamarkaðnum,“ segir Óskar R. Harðarson, framkvæmdastjóri Mikluborgar og annar stofnenda fasteignasölunnar.

Hann segir aðaláherslu í starfsemi fasteignasala vera tvíþætta. „Annars vegar snýr hún að þjónustu og markaðssetningu beint út á við gagnvart kaupanda og seljanda og þar skiptir höfuðmáli að fasteignasalan sinni sínu verki af alúð og þekkingu. Hins vegar snýst þetta um verkferla. Í fasteignaviðskiptum skipta miklar fjárhæðir um hendur. Því skiptir gríðarlegu máli að öll skjalagerð og samskipti við fjármálastofnanir séu í lagi. Hjá Mikluborg er því stöðugt umbótastarf í gangi innan fyrirtækisins með það að markmiði að bæta hvort tveggja, markaðssetningu eigna og trausta verkferla í skjalagerð. Innan fyrirtækisins þurfa að starfa fagmenn í hvoru tveggja.“

## Breiður starfsmannahópur

Þannig skiptir máli að sögn Óskars að umgjörð og rekstur fasteignasölunnar sé traustur og að unnið sé með langtímamarkmið um góða þjónustu við viðskiptavini í huga. „Það skiptir líka máli hvernig við getum gert okkur gildandi á markaði og verið áberandi með þeim hætti að það gagnist viðskiptavinum okkar sem best. Við viljum byggja upp langtímasamband við viðskiptavini okkar og eiga viðskipti við fjölskyldur til lengri tíma.“

Í dag starfa nítján manns hjá Mikluborg, þar af fimm menntaðir sem löggiltir fasteignasalar og tveir héraðsdómslögmenn. „Hjá okkur starfar breiður og góður hópur starfsmanna með ólíka menntun. Það hefur ávallt verið stefna Mikluborgar að skapa gott starfsumhverfi fyrir starfsmenn sína og að veita þeim aðgang að bestu mögulegu tækjum sem í boði eru til að kynna vöru viðskiptavina okkar. Einnig skiptir miklu máli að skapa góða umgjörð fyrir viðskiptavinina. Því höfum við lagt mikla áherslu á sýnileika, bæði á netinu, í blöðum og í útvarpi. Það skiptir nefnilega höfuðmáli fyrir viðskiptavininn að sú fasteignasala sem hann velur sé sýnileg á markaði, njóti trausts og velvildar. Sú fasteignasala sem ekki gerir það fær ekki til sín viðskiptavini.“

## Eignir metnar á fundum

Að sögn Óskars skiptir höfuðmáli fyrir viðskiptavininn að starfsmenn þeirrar fasteignasölu sem hann velur búi yfir þekkingu til að höndla eign þeirra til sölu. „Það er gert allt of lítið úr þeim þætti þegar seljendur og kaupendur ákveða að velja fasteignasölu. Í dag eru starfandi um 80-100 fasteignasölur hérlendis og eru flestar þeirra afar smáar í sniðum. Það þýðir einfaldlega að óvíst er hvort viðkomandi fasteignasala hafi nauðsynlega þekkingu og reynslu til að selja viðkomandi eign. Fasteignir eru þess eðlis að það er ekki til neitt listaverð þegar um verðlagningu er að ræða heldur byggist verðmatið yfirleitt á samanburði við aðrar sambærilegar eignir sem seldar hafa verið nýlega.“ Þar kemur styrkur Mikluborgar vel fram þar sem fasteignasalan býr yfir stærstu eignaskrá höfuðborgarsvæðisins en í því felst mesta þekkingin á réttu verði eigna. Þannig geta viðskiptavinirnir treyst því að sölumenn Mikluborgar meti eignina af þekkingu og fagmennsku.

„Allar eignir eru metnar á verðmatsfundum þar sem allir sölumenn fyrirtækisins sitja. Á fundunum er hver og ein eign kynnt með lýsingu eignar og myndum og síðan er komist að sameiginlegri niðurstöðu um rétt verð eignar. Í því felst að enginn einn sölumaður, hugsanlega með takmarkaða reynslu, mæti heim til fólks og „skjóti“ á líklegt söluverð án stuðnings frá gagnabanka eins og Miklaborg býr yfir. Þannig geta viðskiptavinir treyst á að þeir fá sem réttast verð fyrir eign sína við sölu.“

# Kraftmikill hópur Fasteignasölunnar Torgs veitir toppþjónustu

Kraftur, traust og árangur eru grunngildi Fasteignasölunnar Torgs í Garðabæ. Þar starfar breiður hópur reynslumikilla sölumanna sem hefur að markmiði að veita viðskiptavinum allra bestu þjónustu sem völ er á. Fasteignasalan Torg hefur markvisst aukið markaðshlutdeild sína síðustu ár sem rekja má til þess að sölumenn hennar vinna eftir afar skilvirku lykilkúnnakerfi.

Hjónin Hafdís Rafnsdóttir og Sigurður Gunnlaugsson eru afar samhent enda eiga þau saman og stjórna fasteignasölunni Torgi á Garðatorgi 5. Hún er sölustjóri og hann er framkvæmdastjóri og löggiltur fasteignasali. Hjá ört stækkandi fyrirtækinu starfar vandaður og fjölbreyttur starfsmannahópur sem þau hjónin telja grunninn að velgengni fasteignasölunnar.

„Við erum með einstaklega gott, kraftmikið og úrræðagott söluteymi hjá okkur. Við erum með alls fjórtán einstaklinga í söludeildinni auk Hafdísar. Svo eru þrír starfsmenn í samningadeild auk mín en alls eru starfsmenn hjá Torgi nítján,“ segir Sigurður og Hafdís bætir við: „Hjá okkur eru sex löggiltir fasteigna-, fyrirtækja- og skipasalar, auk þess sem fjórir til viðbótar eru í námi til löggildingar.




Starfsmannahópur Fasteignasölunnar Torgs er afar fjölbreyttur en hefur það sameiginlega markmið að veita viðskiptavinum sem allra besta þjónustu. MYND/GVA

### Starfa eftir lykilkúnnakerfi

Fasteignasalan Torg leggur mest upp úr þjónustuþættinum gagnvart sínum viðskiptavinum. „Best er að útskýra það þannig, að viðskiptavinir okkar geta verið í vinnunni sinni á meðan við erum í vinnunni okkar,“ segir Hafdís og tekur fram að fasteignasalan Torg hafi ávallt unnið út frá lykilkúnna-kerfi. „Þannig fær hver og einn viðskiptavinur okkar tengilið sem sér um öll samskipti á milli hans og stofunnar, sér um öll samskipti á milli seljanda og kaupanda og samhæfir allar upplýsingar, allt efni sem afhent er og sent út frá stofunni. Einu nafni köllum við það „Toppþjónustu“ Fasteignasölunnar Torgs,“ útskýrir Hafdís. Hún telur upp að í Toppþjónustu stofunnar felist til dæmis að vera með fagljósmyndara, að útbúa eignamöppu yfir hverja eign sem inniheldur allar upplýsingar um eignina, söluyfirlit, teikningar, myndir sem og upplýsingar um hverfið o.fl. Öll þessi atriði skila sér í persónulegri þjónustu en ella. Til þess að geta staðið undir Toppþjónustu-þættinum styðja þau Hafdís og Sigurður við sí- og endurmenntun allra starfsmanna. „Stofan heldur reglulega námskeið og kemur á fyrirlestrum um efni sem varðar okkar starfsgrein. Þetta gerum við til að byggja upp þjónustuþáttinn,“ bendir Hafdís á.

### Fjölbreyttur sölumannahópur

Á söludeild Torgs starfar afar fjölbreyttur hópur einstaklinga og því ættu allir viðskiptavinir að geta fundið tengilið við stofuna sem þeim líkar. „Við erum með sölufulltrúa frá um 26 ára og upp í 67 ára. Þessir einstaklingar hafa ólíkan bakgrunn, reynslu og menntun en allir eiga þeir það þó sameiginlegt að vera vel þjálfaðir, notast við vel útfært kerfi stofunnar og hafa að markmiði að veita toppþjónustu,“ upplýsir Sigurður og bætir við að allir starfsmenn vinni eftir grunngildum stofunnar sem eru: Kraftur, traust og árangur.




Hjónin Hafdís Rafnsdóttir og Sigurður Gunnlaugsson eru eigendur Fasteignasölunnar Torgs.



Það er alltaf nóg að gera á Fasteignasölunni Torgi og raunar hafa umsvifin aukist ár frá ári.

Allir í söludeild Torgs eru 100% árangurstengdir í starfi og segir Sigurður það skila sér í betri þjónustu. „Þau eru mjög meðvituð um hvað gengur og gengur ekki í kynningarstarfi á fasteignum. Starfsfólk okkar er fljótt að skipuleggja sig og er fókuserað á að leysa vandamál hvers og eins þar sem hagsmunir seljenda og kaupenda eru hafðir að leiðarljósi,“ segir hann.

### Markaðshlutdeildin vex

Fasteignasölunni Torgi hefur vaxið ásmegin undanfarið og hefur aukið markvisst markaðshlutdeild sína ár frá ári. „Við höfum vaxið hraðar en markaðurinn í heild sinni og því sannarlega náð að beisla það kerfi sem við vinnum eftir,“ segir Sigurður. Hann bendir á að helstu samkeppnisaðilar Torgs vinni eftir öðrum kerfum á borð við pottakerfi og/eða svæðiskerfi og þar skilji meðal annars á milli. „Þá höfum við einnig notað það markaðstæki, samhliða lykilkúnnakerfinu, að árangurstengja okkar starfsfólk, allt til þess að viðskiptavinir okkar fái betri og meiri þjónustu,“ segir hann.

„Það er yfirlýst stefna Fasteignasölunnar Torgs að veita bestu þjónustu sem völ er á en við stefnum ekki endilega á að vera stærsta stofan,“ segir Hafdís, sem finnst vel hafa til tekist og segir

> **Nánari upplýsingar um Fasteignasöluna Torg má nálgast á vefsíðunni www.fasttorg.is.**

að áfram verði haldið á sömu braut. „Að veita toppþjónustu til okkar viðskiptavina og leysa betur og hraðar þau vandamál sem upp koma er okkar meginmarkmið.“

Útgefandi: 365 miðlar ehf., Skaftahlíð 24, s. 512 5000 Umsjónarmenn auglýsinga: Sigrún Kristinsdóttir, sigrunk@365.is, s. 512 5455 Ábyrgðarmaður: Jón Laufdal.

# Fasteign.is – fasteign fyrir þig

**Vel menntað og þjálfað starfsfólk og öflug upplýsingagjöf er meðal þess sem Ólafur B. Blöndal, eigandi fasteignasölunnar Fasteign.is, segir mikilvægt þegar kemur að fasteignaviðskiptum.**

Fasteign.is var stofnuð árið 2000 og er öflug fasteignasala á sviði íbúðarhúsnæðis, nýbygginga og sölu stærra atvinnuhúsnæðis og eignasafna. Einnig er rekin fyrirtækjadeild sem heldur úti vefnum www.fyrirtaekjakaup.is.

Ólafur segir mikilvægt atriði að bjóða upp á góða heimasíðu þar sem yfir 90 prósent allra kaupenda sjái eignir í fyrsta sinn á vefnum. „Við leggjum mikið upp úr góðri heimasíðu, eins og nafn fyrirtækisins, Fasteign.is, gefur til kynna. Það er enginn vafi á því að vefurinn er nútíð og framtíð upplýsingagjafar á sviði fasteignaviðskipta. Þá vorum við að setja nýja og glæsilega síðu í loftið sem verður svo í framhaldi snjallvefur eða svokölluð „mobile"-síða," segir Ólafur og bætir við að snjallvefur sjái til þess að heimasíðan, söluyfirlit og myndir verði aðgengilegri í snjallsímum og spjaldtölvum.

Spurður um hvað skipti mestu máli í fasteignaviðskiptum segir Ólafur vel menntað starfsfólk grunninn að góðum viðskiptum. „Það getur verið ansi flókin skjalagerð sem fylgir fasteignaviðskiptum. Þegar þarf að færa lán með sér, flytja á milli aðila, jafnvel á víxl eða greiða upp, því er mikilvægt í flókinni skjalagerð að fagmennska sé í fyrirrúmi." Hjá Fasteign.is starfa rekstrarhagfræðingur, viðskiptafræðingur, innanhússarkitekt, löggiltur fasteigna-, fyrirtækja- og skipasali og löggiltur leigumiðlari. „Flestir hafa starfað í tíu til tuttugu ár við fasteignasölu. Okkar fólk sér einnig um að veita fólki góðar og réttar upplýsingar um lán og lánakjör sem eru síbreytileg. Við höfum átt í góðu samstarfi við bankana og fylgjumst vel með öllum breytingum á lánamarkaði."

Ólafur var um tíma varaformaður Félags fasteignasala og barðist þar meðal annars fyrir símenntun fasteignasala og innleiðingu ástandsskoðunar. „Það var ekki hljómgrunnur fyrir því að innleiða ástandsskoðun í lög á sínum tíma. Við á Fasteign.is bendum fólki á að taka fagmann með sér og ástandsskoða eignir," segir Ólafur og hnykkir á því að símenntun starfsfólks sé nauðsynleg vegna örra breytinga á fasteignamarkaði. „Bæði breytist skjalavinnslan, lánaumhverfi og allt er tengist fasteignaviðskiptum, og er því mikilvægt að vera ávallt með nýjustu upplýsingar."

Fasteign.is er með starfsstöð í glæsilegum húsakynnum að Suðurlandsbraut 18 ásamt því að reka, í samvinnu við Hauk Þór Hauksson, rekstrarhagfræðing hjá Investis, fyrirtækjavefinn Fyrirtækjakaup.is sem er samstarfsvettvangur fyrirtækjanna Fasteign.is ehf. og Investis fyrirtækjaráðgjafar ehf.



Haukur Þór Hauksson, framkvæmdastjóri Fyrirtækjakaupa.is og Ólafur B. Blöndal, eigandi Fasteign.is, fyrir miðju ásamt samstarfsfólki. MYND/GVA

## *Sérfræðingar í kaupum, sölu og sameiningu*

**Fyrirtækjakaup.is er vettvangur fyrir kaup og sölu á litlum og meðalstórum fyrirtækjum. Þar starfa sérfræðingar með breitt tengslanet.**

Fyrirtækjakaup.is er samstarfsverkefni Investis fyrirtækjaráðgjafar og Fasteign.is en með samstarfinu er leitast við að þjóna fyrirtækjaeigendum enn betur við kaup og sölu á fyrirtækjum, verðmat, söluskýrslur og leit að kaupendum.

„Við erum sérfræðingar í sölu, kaupum og sameiningu fyrirtækja og rekstrareininga frá fimmtíu milljónum upp í milljarð. Okkar helsta verkefni er að verðmeta fyrirtæki og þar liggur mikið að baki," segir framkvæmdastjórinn og rekstrarhagfræðingurinn Haukur Þór Hauksson.

„Við höfum verið í þessu síðan 2006 og selt tugi fyrirtækja. Það voru erfiðir tímar eftir hrun en síðustu ár hefur verið uppgangur enda er það með fyrirtæki eins og annað; eigendur verða gamlir, flytja, skilja eða söðla um og fyrirtæki ganga kaupum og sölum eins og hvað annað. Þá er gott að hafa vettvang þar sem tryggt er að kaup og sala gangi sem allra best fyrir sig." Haukur segir mikla fjármálaútreikninga fylgja fyrirtækjasölu. „Það felst mikil vinna í því að verðmeta fyrirtæki og eru fjölmargir þættir sem koma til. Þá skiptir sérmenntun og reynsla miklu máli. Eins erum við með mjög breitt tengslanet sem nýtist viðskiptavinum okkar vel."

Vefurinn fyrirtækjakaup.is er einkar aðgengilegur. Þar er hægt að leita að kaupendum og seljendum og skoða yfirlit yfir fyrirtæki á skrá. „Það eru reyndar ekki allir viðskiptavinir okkar sem óska eftir því að vera á vefnum en þá kemur breitt tengslanet að góðum notum."

# Bær er framsækin fasteignasala með öflugt starfsfólk

**Fasteignasalan Bær var stofnuð árið 2011 af þeim Snorra Sigurfinnssyni og Guðbergi Guðbergssyni, sem báðir eru löggiltir fasteignasalar. Með þeim starfar öflugt teymi starfsmanna sem með góðri samvinnu sér til þess að allir viðskiptavinir Bæjar fá úrvalsþjónustu í gegnum allt kaup- og söluferlið.**

Fasteignasalan Bær var stofnuð árið 2011 en eigendurnir, þeir Snorri og Guðbergur, hafa báðir langa reynslu af fasteignaviðskiptum. „Þegar við stofnuðum Bæ fylgdi okkur fjöldi reyndra starfsmanna sem hefur tekið þátt í uppbyggingu og þróun fasteignasölunnar. Hjá okkur í Ögurhvarfi í Kópavogi starfa nú um tuttugu starfsmenn, þar af sjö löggiltir fasteignasalar og einn lögfræðingur, ásamt sölumönnum og starfsmönnum sem vinna við skjalagerð og frágang," segir Snorri og Guðbergur bætir við: „Bær er því ein af stærstu fasteignasölum landsins."

### Allar gerðir fasteigna um allt land

Frá upphafi hefur það verið styrkur fasteignasölunnar að geta boðið upp á fjölbreytt úrval eigna á söluskrá. „Við erum með allar gerðir íbúðarhúsnæðis á höfuðborgarsvæðinu, ásamt atvinnuhúsnæði og fyrirtækjum á söluskrá. Þessu til viðbótar höfum við opnað starfsstöð á Selfossi og sótt af krafti inn á fasteignamarkað Suðurlands með góðum árangri enda með heimamenn að störfum þar," segir Guðbergur. Þá hefur einn starfsmaður fasteignasölunnar sinnt Norðurlandi af kostgæfni auk þess sem jarða- og lóðasala, ásamt sumarhúsasölu, hefur verið á könnu nokkurra starfsmanna.



Snorri Sigurfinnsson (til vinstri) og Guðbergur Guðbergsson.

### Hvað þarf til að selja fasteign

Það hefur verið keppikefli starfsmanna Bæjar þegar fasteign er tekin í sölu að kappkosta að veita persónulega úrvalsþjónustu sem skilar árangri. „Að veita bestu þjónustu sem í boði er á markaðnum er okkar aðalmarkmið," segir Snorri og heldur áfram: „Það gerum við með því að hafa ávallt reynt starfsfólk til taks. Starfsmenn okkar sýna sjálfir allar eignir og mæta alltaf á staðinn með áhugasömum kaupendum. Eftirfylgni er mjög mikilvæg og er öllum áhugasömum kaupendum fylgt eftir og þeim veitt öll hugsanleg aðstoð. Hjá Bæ er það ófrávíkjanleg regla að starfsmenn fasteignasölunnar, sem taka eign í sölu, gefa upp sitt persónulega GSM-númer og netfang í öllum auglýsingum á netinu og annars staðar til að alltaf náist í þá." Guðbergur bætir svo við að kaupendur sem sitja við tölvuna á kvöldin eða um helgar hafi þannig óheftan aðgang að fasteignasalanum. Þetta er að mati þeirra félaga algjört lykilatriði við söluferli eigna frá upphafi til enda, ásamt fagmennsku, heiðarleika og vandvirkni. „Þessi vinnubrögð hafa skilað fasteignasölunni Bæ mjög góðum árangri," segir Snorri ánægður.



Starfsmenn Fasteignasölunnar Bæjar kappkosta að veita persónulega úrvalsþjónustu og mæta til að mynda alltaf á staðinn með áhugasömum kaupendum. MYND/VILHELM

### Netið og nútíminn

Þeir félagar segja netið klárlega þann miðil sem skipti mestu máli við kynningu á fasteignum í dag og segir Guðbergur einkar mikilvægt að fasteignasalan bjóði upp á góðar myndir við kynningu á eignum og sé vakandi fyrir öllum þeim tækifærum sem netmiðillinn býður upp á. Snorri bætir við að það allra nýjasta í dag sé skráning eigna á netið með lengdar- og breiddargráðum svo viðskiptavinir geti auðveldlega fundið þær með snjallsímum sínum. „Heimasíðan okkar, www.fasteignasalan.is, var til dæmis nýlega endurhönnuð í þeim tilgangi að auðvelda upplýsingaflæði til viðskiptavina."

### Mannauður

Snorri og Guðbergur eru hæstánægðir með starfsfólk sitt og hrósa því í hástert fyrir vel unnin störf. „Auður hvers fyrirtækis er starfsfólkið og af því erum við svo sannarlega auðugir sem endurspeglast í þeim fjölda kaupsamninga sem haldnir eru hér í hverjum mánuði á Fasteignasölunni Bæ."

# Bjóða fasta lága söluþóknun

Ekki borga of mikið er slagorð fasteignasölunnar Skeifunnar, en eitt helsta markmið eigenda er að bjóða hagstæða söluþóknun.

Fasteignasalan Skeifan var stofnuð árið 1985 og er samanlagður starfsaldur starfsmanna 75 ár. Sérstaða Skeifunnar er föst lág söluþóknun á fasteignir upp að sextíu milljónum.

„Söluþóknun okkar á allar eignir upp að sextíu miljónum er 299.900 með virðisaukaskatti. Viðskiptavinurinn ákveður svo það þjónustustig sem hann vill og borgar í samræmi við það,“ segir Sigurður Hjaltested, löggiltur fasteignasali og einn eigenda fasteignasölunnar og nefnir dæmi: „Aðili sem á eign upp á 35 milljónir og vill sýna hana sjálfur borgar 330.525 krónur með vsk. En þar af eru 30.625 krónur gagnaöflunargjald. Ef hann vill að við sýnum eignina og vill fá fulla þjónustu þá leggjast 62.750 krónur ofan á verðið. Fullt gjald með vsk. er því 393.275 krónur. Þessi eigandi myndi því borga undir einu prósenti í sölulaun.“

Sigurður segir helsta markmið Skeifunnar að vera með hagstæðari söluþóknun. „Fólk hefur úr mun minna að spila en fyrir hrunið, ég tala nú ekki um þegar lánin eru búin að éta upp stóran hluta af eignum fólks, og því viljum við lágmarka allan kostnað. Af þeim eignum sem kosta yfir 60 milljónir rukkum við aðeins 0,8% söluþóknun. Viðskiptavinir okkar borga því lægri söluþóknun en auglýst er annars staðar, enda er slagorðið okkar: Ekki borga of mikið.“

En hvað skiptir mestu máli við sölu fasteigna? „Það sem skiptir mestu máli er að fasteignasalar átti sig á því að þeir eru í 95 prósentum tilvika að sýsla með aleigu fólks. Þegar ég byrjaði í fasteignasölu sagði mér reyndari maður að ég þyrfti að átta mig á því að ég væri ekki að selja þvottavélar. Ég væri í raun að aðstoða fólk við að kaupa fyrstu eða næstu fasteign en ekki að selja því. Fasteignasalar eiga að vera heiðarlegir og ráðleggja fólki eftir bestu samvisku. Vönduð vinnubrögð skipta miklu máli.“

En hvernig fer það saman að gæta bæði hagsmuna sölu- og kaupaðila? „Okkar verk er að koma á sölu þannig að báðir aðilar séu ánægðir. Þegar sala er komin á þarf að passa upp á að rétt gögn liggi fyrir og ekki halli á annan aðilann. Ef upp kemur ágreiningur þá þarf fasteignasalinn að passa upp á hlutleysi sitt og fara í einu og öllu eftir lögum og reglum.“

Flestar eignir sem Skeifan er með á sölu eru á Stór-Reykjavíkursvæðinu en þó er tekið við öllum eignum. Vinsælustu eignirnar eru að sögn Sigurðar á verðbilinu 25 til 50 milljónir. „Þetta eru fjölbýli, hæðir, minni séreignir, parhús eða raðhús. Þá eru einbýlishús á einni hæð alltaf vinsæl. Eins finnum við fyrir því að stærri eignir eru farnar að hreyfast betur.“ Sigurður segir mikinn uppgang á fasteignamarkaði og þá sérstaklega í sölu eigna á ofangreindu verðbili. „Ég tel að það sé vöntun á markaðnum og nú þarf að fara að byggja meira af nýjum íbúðum.“

En ráðleggið þið fólki eitthvað varðandi fjármögnun? „Við ráðleggjum okkar viðskiptavinum að leita til sérfræðinga þegar kemur að fjármögnun. Okkar sérþekking snýr frekar að því sem viðkemur söluferlinu. Við getum sagt viðskiptavinum hvað við persónulega myndum gera en segjum þeim þó alltaf að leita frekari upplýsinga hjá sérfræðingum.



Viðskiptavinir Skeifunnar borga, að sögn Sigurðar, lægri söluþóknun en auglýst er annars staðar.
MYND/GVA

# Ástandsskoðun mikilvæg

Hjördís D. Bech gaf út ritið Ástandsskoðun fasteigna árið 2008 eftir að hafa farið illa út úr fasteignakaupum. Ritinu er ætlað að gera fasteignakaup ábyrgari og koma í veg fyrir ágreiningsmál og svik í fasteignaviðskiptum.

Fjöldi fagaðila leiðbeindu og rýndu efni ritsins áður en það kom út. „Verkfræðingar, byggingafræðingar, píparar, rafvirkjar, lögfræðingar, fasteignasalar, húsasmiðir og fleiri komu að því og hefur það hlotið lof víða. Í ritinu eru meðal annars upplýsingar um hvað beri að hafa í huga við kaup eigna eftir aldri. „Þegar nýbygging er keypt þarf til dæmis að vera búið að ganga úr skugga um hver sé byggingastjóri. Eins þarf að kanna byggingarstig, vottanir og hvort búið sé að greiða öll gjöld ásamt fleiru.“

Ætlast er til að fenginn sé óháður fagaðili, til dæmis smiður, til að fylla út gátlista sem er í ritinu. Síðan kvitta smiðurinn, fasteignasalinn, kaupendur og seljendur undir. Skjalinu er svo þinglýst með öllum pappírum. Komi upp ágreiningsmál er allt til skjalfest og ábyrgðin skýrari,“ segir Hjördís en hún hnykkir á því að mikilvægt sé að fólk geri sér grein fyrir áhættunni sem fylgi því að kaupa óástandsskoðaða eign.

Von Hjördísar var að ritið lægi fyrir á öllum fasteignasölum og yrði notað þar sem tæki til að gera fasteignakaup öruggari. Það hefur hins vegar ekki gengið eftir. Ritið er lítið notað og áhugi fasteignasala virðist að hennar sögn takmarkaður. „Sennilega eru of miklir hagsmunir í húfi.”

Í dag er ritið fáanlegt í A4, Eymundsson og Pennanum. „Ætlun mín var að láta 10 prósent af hverju seldu riti renna í tannverndarsjóð barna. Ritið hefur hins vegar lítið selst svo ég gaf nokkur hundruð eintök á fasteignasölur. Fólk ætti því að geta nálgast það á einhverjum þeirra. Ef ég get komið í veg fyrir að ein fjölskylda missi aleiguna þá er mínum tilgangi náð,” segir Hjördís.

Nýlega var Hjördísi ráðlagt að senda ritið til Atvinnu- og nýsköpunarráðuneytisins. Hjördís sendi Steingrími J. Sigfússyni það til yfirlestrar og vonast til að ráðuneytið vilji kaupa réttinn. „Best væri ef ríkið sæi sér hag í því að dreifa því frítt til landsmanna á netinu,“ segir Hjördís.


Hjördís hefur lagt það til við atvinnu- og nýsköpunarráðherra að dreifa ritinu frítt á netinu.

**„Komi upp ágreiningsmál er allt til skjalfest og ábyrgðin skýrari.**



## *Lán til íbúðarkaupa*

Þegar fjárfest er í íbúð er ágætt að kynna sér hvað er í boði hjá lánveitendum. Á heimasíðu Íbúðalánasjóðs kemur fram að hámarkslán til íbúðarkaupa sé 20 milljónir króna að frádregnum lánum á fyrri veðréttum. Lánað er allt að 80% af kaupverði íbúðar og er lánstími 20, 30 eða 40 ár. Vextir eru annaðhvort 4,2% eða 4,7% en lánin eru verðtryggð og miðast hún við vísitölu neysluverðs.

Allir sem eru í fasteignaleit þurfa að fara í gegnum greiðslumat en það er hægt að gera rafrænt hjá Íbúðalánasjóði.

Þeir sem vilja gera endurbætur á eigin húsnæði eiga einnig möguleika á láni hjá Íbúðalánasjóði að hámarki 20 milljónir. Lánað er fyrir 80% af heildarkostnaði endurbóta. Sömu vaxtakjör eru á framkvæmdalánum og íbúðalánum. Hægt er að kynna sér möguleikana á ils.is. Einnig er rétt að skoða hvað bankarnir bjóða á heimasíðum þeirra eða hjá þjónustufulltrúum.

## Vespur

Vespa 50cc ,00. Parfnast smá lagfæringar. Uppl. í styrmirsvavarsson@gmail.com

## Hjólbarðar




**FRÁBÆR DEKKJATILBOÐ**
Ný og notuð dekk í miklu úrvali. Tökum notuð dekk uppí ný. VAKA S: 567 6700.

## Lyftarar




**KÖRFUBÍLALEIGA**
Ódýr og góð þjónusta. NÝ vinnuhæð 35 metrar. S. 893 3573.



Til sölu Toyota rafm.lyftari - Árgerð 2005 - Lyftigeta 2.500kg - Lyftihæð 4,7 m - Hliðarfærsla - Kraftvélar s. 535-3500.

## Bátar



Smíðum álhurðir í báta stóra sem smáa. Skoðaðu heimasíðuna okkar alugluggar.is Hafðu samband og fáðu tilboð. S. 557 5757.

## Varahlutir

**EÐAL PARTAR**
Eigum varahluti í margar tegundir af Mercedes Benz og marga fleiri bíla. Opið frá kl. 10-18 virka daga. Auðbrekka 4 (bakvið) S. 555 1159

Varahlutir í VW Golf, Polo,Yaris, Skoda Oktavia árg. ,03, Ford fiesta ,98, Honda Civic og Kangoo. Viðgerðir. Gírkassar. Bremsuviðgerðir, renni diska og skálar. Kaupi bíla. Uppl. í s. 892 7852.

**SMÁPARTAR.IS**
Eigum mikið úrval af varahlutum í Subaru árg. ,97 til ,02, Skoda Octavía árg. ,00 til ,07. Honda CR-V árg. ,05.W Polo ,07 Passat ,01. Suzuki Baleno árg. ,00. Smápartar.is Sími 5675040-7785040.

## Viðgerðir

**BÍLFIX**
Bílaviðgerðir á betra verði. Bílfix Smiðjuvegi 10, rauð gata. S. 778 3911. www.bilfix.is



**10 ÁRA GÖMUL VERÐ!**
Tilboð: Yfirfara reiðhjól 2.800.- . Fljót og góð þjónusta. Reiðhjólaþjónustan Vagnhöfða 6, S. 821 0040.

# ÞJÓNUSTA

## Pípulagnir

**PÍPULAGNIR**
Faglærðir píparar geta bætt við sig verkefnum í bæði viðhaldi og nýlögnum. Vönduð vinnubrögð. Uppl. í s. 663 5315.

**FAGLÆRÐIR PÍPARAR**
Tökum að okkur viðhald og nýlagnir, vönduð vinnubrögð mikil reynsla. Pípulagnaþjónusta Reykjavíkur S: 770 4499.

**GAUI PÍP**
Getur bætt við sig verkefnum endurlagnir, viðgerðir, skólp, dren, snjóbræðsla. Uppl. s. 821 5789

## Hreingerningar




Hreingerningar - Bónun - Bónleysing Flutningsþrif - Þrif eftir iðnaðarmenn thvegillinn.is - Stofnað 1969 Traustir og vanir menn.

**A-Ö PRIF&HREINLÆTI S. 662 0662**
Hreingerningar, Flutningsþrif, Gólfbónun, Teppahreinsun og Húsgagnahreinsun.




## Garðyrkja




GARÐLIST 554 1989

## Bókhald

Bókhald, VSK, laun, skattskýrslur og stofnun fyrirtækja. Fagleg vinnubrögð á sanngjörnu verði. Bókhald og þjónusta ehf. Sími 511 2930.

**SKATTFRAMTAL 2013**
Framtalsþjónusta fyrir einstaklinga og rekstraraðila. Mikil reynsla - hagstætt verð. Uppl. í síma 517-3977 / 897-1877. www.fob.is.

## Málarar

Getum bætt við okkur inni- og útiverkefnum. Vönduð vinnubrögð og góð umgengni. Tilboð eða tímavinna. Lítið Mál ehf. Sigurður 896-5758.

**BJÖSSI MÁLARI KEMUR HÚSINU Í STAND!**
Geri tilboð í málningarvinnu utan húss sem innan. Einnig múr- og þakrennuviðgerðir. Hagstætt verð. S: 896 4824 malarameistarar@simnet.is malarameistarar.is

**MÁLARAMEISTARI**
Tek að mér alla almenna málningarvinnu f. húsfélög, einstaklinga og fyrirtæki. Fagmennska og sanngjarnt verð. Egill s. 868 5171 & egillsverris@gmail.com

## Búslóðaflutningar

Ert þú að flytja? Búslóðafl., fyrirtækjafl., píanófl. o.fl. Extra stór bíll. Flutningabj. Mikaels. S. 894 4560 www.flytja.is flytja@flytja.is

## Húsaviðhald




**VIÐHALD**
fasteignaviðgerðir
Allt viðhald ehf. annast viðhald og viðgerðir fasteigna fyrir fyrirtæki, húsfélög og einstaklinga.
Við önnumst m.a.:
• múrviðgerðir • þakviðgerðir • málningarvinnu • trésmíðavinnu • pípulagnir • raflagnir • flísalagnir.
Hringdu og við gerum þér tilboð, þér að kostnaðarlausu.
• Sími 567 6699. Sendu okkur email og við gerum þér tilboð. • kristjan@vidhald.is

**ÓLI SMIÐUR**
Smíða allt inni sem úti, mikil reynsla, vönduð vinna. Sími 698 9608 Óli.

## Nudd

Slökunarnudd í miðbæ Reykjavíkur. S. 694 7881 Zanna Volkova.

Ertu aum/aumur í hálsi, höfði, mjóbaki þá er þetta rétta stofan fyrir þig. Nudd fyrir heilsuna. Gerður Ben nuddari S: 698 2260

## Spádómar

**SPÁSÍMINN 908 5666**
Stjörnuspá. Tarot. Árspá. Draumráðningar, ást og peningar. Andleg hjálp. Trúnaður.

**KÆRLEIKS-LJÓSIÐ**
Spámiðill Tarot lestur og kristalkúla
566 7311
Tímapantanir í síma 869 4650

## Rafvirkjun




**RAFLAGNIR OG DYRASÍMAKERFI S. 896 6025**
Tilboð dyrasímakerfi, töfluskipti. Löggildur rafverktaki. Rafneisti@gmail.com

## Trésmíði

**Uppsteypa mannvirkja.**
**Dynkur ehf**
**S. 894 2454 Ragnar**

# KEYPT & SELT

## Til sölu



**LOK Á HEITA POTTA OG HITAVEITUSKELJAR.**
Eigum til á lager lok í stærðum, 217x217, 217x235, 235x235, 217x174, 8 hyrndlok á Unaðskel og Blómaskel frá Trefjum. Lokin þola 1000 kg jafnarðarþunga af snjó. Sterkustu lokin á markaðinum í dag. Litir: Brúnt eða Grátt. www.Heitirpottar.is Sími 777 2000




## Óskast keypt

**KAUPUM GULL - JÓN & ÓSKAR**
Kaupum gull til að smíða úr. Spörum gjaldeyri. Heiðarleg viðskipti. Aðeins í verslun okkar Laugavegi 61.
**Jón og Óskar - jonogoskar.is**
**s. 552-4910.**

**KAUPI GULL !**
Ég, Magnús Steinþórsson gullsmíðameistari, kaupi gull, gull peninga og gull skartgripi. Kaupi allt gull, nýlegt, gamalt og illa farið. Leitið til fagmanns og fáið góð ráð.
**Uppl. á demantar.is í s. 699 8000 eða í Pósthússtræti 13 ( við Austurvöll ), Verið velkomin**

**KAUPUM GULL**
og aðra eðalmálma gegn framvísun persónuskilríkja.
**Sigga & Timo Linnetsstíg 2, 220 Hafnarfjörður S. 565 4854 www.siggaogtimo.is**

**STAÐGREIÐUM GULL, DEMANTA OG ÚR.**
Hringar, hálsmen, armbönd, Rolex, Cartier, Patek Philippe o.fl. Hringdu núna og fáðu tilboð þér að kostnaðarlausu! www.kaupumgull.is
**Opið alla daga 11-18, Kringlan - 3. hæð ( Hagkaupsmegin )**
**Upplýsingar í síma 661 7000.**

## Til bygginga



**HARÐVIÐUR TIL HÚSBYGGINGA**
**SJÁ NÁNAR Á: WWW.VIDUR.IS**
Vatnsklæðning, panill, pallaefni, parket, útihurðir, ofl. Gæði á góðu verði. Nýkomnar Eurotec A2 harðviðarskrúfur. Penofin harðviðarolía. Indus ehf, Óseyrarbraut 2 Hf, Uppl.hjá Magnúsi í símum 660 0230 og 561 1122.

# HEILSA

## Heilsuvörur

Árangur næst með Herbalife. Frítt lífstílsmat. Hringdu núna S. 896 4662 Edda Borg & www.lifsstill.is

**TAKTU ÁKVÖRÐUN NÚNA.**
Betri árangur með Herbalife Kaupauki. Rannveig s.8625920,rkb.heilsuskyrsla.is

## Nudd

**TANTRA NUDD**
Ekta vígsla í leyndardóma Tantra með Tantra nuddi. Einstæð upplifun fyrir þör, konur og karla. 112 Reykjav. S. 698 8301 www.tantra-temple.com

Nudd Nudd Nudd tilboð í dag, tímapantanir. Uppl. í s. 616 6469. Nuddstofan Svæði 105 Holtin.

## Snyrting

Viltu losna við bólur og hrukkur. Hvernig væri að prófa Dui cleaning tækið mitt ? Ókeypis prufutími. Sími 698 2260.

# SKÓLAR & NÁMSKEIÐ

## Ökukennsla

Kenni allan daginn Toyota 2011, hjálpa við endurtökupróf og akstursmat. Ævar Friðriksson s. 863 7493.

# HÚSNÆÐI

## Húsnæði í boði

**LEIGJENDUR, TAKIÐ EFTIR!**
Þið eruð skrefi á undan í leit að réttu íbúðinni með hjálp Leigulistans. Kíktu inn á www.leigulistinn.is eða hafðu samb. við okkur í s. 511 1600.

## Húsnæði óskast

Young couple expecting a baby looking for an apartment to rent in Hfj 220-221. 1-2 bedrooms in good price from 1-st og may. 894 7591 or 844 1908.

## Atvinnuhúsnæði

**TIL LEIGU MIÐSVÆÐIS Á HÖFUÐBORGARSVÆÐINU**

150 - 750 fm húsnæði sem hægt er að nýta sem lagerhúsnæði, fyrir léttan iðnað eða verkstæði. Öflugt loftræstikerfi, niðurföll með olíugildrum, stórar innkeyrsludyr, allt að 4 metra lofthæð, greið aðkoma að húsnæðinu, matvöruverslanir, veitinga og kaffihús í göngufæri.

**Allar nánari upplýsingar veitir Sverrir í s. 661-7000**

**TIL LEIGU MIÐSVÆÐIS Á HÖFUÐBORGARSVÆÐINU**

20 - 50 fm vel staðsettar skrifstofur eða skrifstofuhæðir 3 - 400 fm með glæsilegu útsýni, fjölmörg bílastæði, greið aðkoma að húsnæðinu, matvöruverslanir, veitinga og kaffihús í göngufæri. Möguleiki á að leigja stakar skrifstofur eða heila hæð.

**Allar nánari upplýsingar veitir Sverrir í s. 661-7000**

Fyrst.is
Fyrirtæki og Fasteignir

**HÖFUM TIL LEIGU MARGSKONAR ATVINNUHÚSNÆÐI.**
Verslunarhúsnæði - 50 til 1500 fermetra Skrifstofurými - 20 til 2500 fermetra, stakar eða heil hús. Iðnaðarhúsnæði - Allar mögulegar stærðir Lagerhúsnæði - Sendu fyrirspurn, mikið úrval.
**Ef þú ert að leita að leiguhúsnæði eða vilt leigja út, sendu okkur upplýsingar á: jonvikingur@fyrst.is**
**Símar 533 1316 - 892 1316 - Alltaf opið.**

## Geymsluhúsnæði

**WWW.GEYMSLAEITT.IS**
Sér geymslur frá 3.900. 1 til 17m2. Aðgangur kl. 8-22 alla daga. Ný sérhönnuð geymsluhús, upphitað og vaktað. S: 564-6500.

**WWW.BUSLODAGEYMSLA.IS**
Búslóðageymsla Olivers 150 kr. á dag hvert bretti. Starfað í yfir 25 ár. S. 567 4046 & 892 0808.

**GEYMSLULAUSNIR.IS**
Búslóðageymsla og flutningar. Gott verð, sækjum og sendum. S. 615-5005.

**GEYMSLUR.COM**
Frá kr. 3990 hjá Ikea í Garðabæ og Fiskislóð í Reykjavík. S. 555 3464

## Gisting

ÍBÚÐ Í KÖBEN.is
12 GLÆSILEGAR ÍBÚÐIR Á BESTA STAÐ Í KÖBEN TIL LEIGU
ALLT ÁRIÐ UM KRING
STAÐSETNING
FLENSBORGGADE 39
Verð frá 1050 dkr/nóttin
f. 3ja herb.íb. Nánari uppl. í síma 891 8612 | +45 2711 1038
apartments.cph@gmail.com
www.ibudikoben.is
stracta

# ATVINNA

## Atvinna í boði

VDO Borgardekk

Óskum eftir starfsmanni á dekkjaverkstæði okkar í törnina og jafnvel meira. Viðkomandi þarf að vera vanur, jákvæður og hafa góða þjónustulund. Umsóknir óskast sendar á verslun@vdo.is VDO Borgardekk. Borgartún 36. S: 588 9747

Full time grill chef or experienced kitchen workers wanted to work in a busy downtown bistro.must be positive ,hard working and have an ability to work in a team environment. please forward cv to glennmoyle@gmail.com to arrange an interview

Ráðskona óskast í sveit, einnig óskast vön manneskja í sauðburð. Uppl. í síma 846 4288

Culiacan óskar eftir starfsmanni í eldhús, unnið er alla virka daga frá 07:00-15:00. Uppl. í s. 868 8489

Rótgróin Hársnyrtistofa miðsvæðis í Reykjavík, óskar eftir samstarfsaðilum. Áhugasamir: Vinsamlega sendir fyrirspurn á netfangið. Trunadurno1@gmail.com

Óska eftir skipsstjóra og vélaverði á rækjkuveiðar. Uppl. s. 898 0504

**BYLTING Á ÍSLANDI**
XL XT og Sturla Jónsson skila þjóðinni frelsi Til handfæraveiða allt árið. Þitt er valið.

## Atvinna óskast

**VANTAR ÞIG SMIÐI, MÚRARA EÐA JÁRNABINDINGAMENN?**
Höfum á skrá menn sem óska eftir mikilli vinnu. Geta hafið störf nú þegar.
**Proventus starfsmannaþjónusta S. 661 7000. Proventus.is**

# TILKYNNINGAR

## Fundir

REYKJAVÍKUR AKADEMÍAN

**AÐALFUNDUR REYKJAVÍKUR-AKADEMÍUNNAR**
Félags sjálfstætt starfandi fræðimanna, verður haldinn miðvikudaginn 24. apríl kl. 12:15 í fundarsal félagsins að Hringbraut 121, 4. hæð. Á dagskrá eru venjuleg aðalfundarstörf samkvæmt lögum félagsins og stjórnarkjör. Atkvæðisrétt á fundinum hafa félagsmenn sem eru viðstaddir og hafa greitt félagsgjald
**www.akademia.is**

## Tilkynningar

**ERTU UPPLJÓSTRARI? ERINDI UM REYNSLU UPPLJÓSTRARA**
Vegna ráðstefnu sem haldin verður 24. apríl nk. viljum við gjarna heyra frá einstaklingum sem hafa dregið fram í dagsljósið ágalla í starfsemi á vinnustað sínum og eru tilbúnir að segja frá reynslu sinni.
**Nánari upplýsingar í síma 892 4125**

## Einkamál

Rauða Torgið
Sönn tilbreyting • Heit ævintýri
Stefnumót: 905-2000 • 535-9920
Konur, allt frítt í s. 555-4321
Karlar auglýsa frítt, 535-9922
Heitar kynlsögur
905-2002 • 535-9930
Símadömur • live spjall
908-6000 • 535-9999

# atvinna

**SMIÐIR**
ERUM MEÐ VANA SMIÐI SEM ÓSKA EFTIR MIKILLI VINNU.
UPPLÝSINGAR Í S. 777 2 333
HANDAFL EHF

**VERKAMENN**
ERUM MEÐ VANA VERKAMENN SEM ÓSKA EFTIR MIKILLI VINNU.
UPPLÝSINGAR Í S. 777 2 333
HANDAFL EHF

# fundir / mannfagnaður

## Aðalfundur FFR

Boðað er til aðalfundar Félags flugmálastarfsmanna ríkisins **fimmtudaginn 18. apríl 2013 kl. 18:00** í sal Verslunarmannafélags Suðurnesja að Vatnsnesvegi 12 í Reykjanesbæ.

**Dagskrá:**
**Venjuleg aðalfundarstörf**
**Lýst stjórnarkjöri**
**Tillaga stjórnar að breyttu félagsgjaldi**
**Önnur mál**
**Boðið verður upp á veitingar.**
**Félagsmenn fjölmennið!**

*Stjórn FFR*

FFR FÉLAG FLUGMÁLASTARFSMANNA RÍKISINS

# tilkynningar

Reykjavíkurborg
Umverfis- og skipulagssvið

## Auglýsing um breytingar á deiliskipulagi í Reykjavík

**Í samræmi við 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010, eru hér með auglýstar tillögur að breytingum á deiliskipulagi í Reykjavík.**

**Kvosin - Landsímareitur.**
Tillaga að breytingu á deiliskipulagi Kvosarinnar – Landsímareitur. Í breytingunni felst breytt uppbygging á reitnum samkvæmt uppdráttum. Skipulagssvæðið afmarkast af Aðalstræti, Vallarstræti, Thorvaldsenstræti og Kirkjustræti.
Nánar um tillöguna vísast til kynningargagna.

**Ferjuvogur 2 - Vogaskóli.**
Tillaga að breytingu á deiliskipulagi Vogaskóla. Í breytingunni felst heimild til að breyta hluta bílakjallara í skólarými og fækka bílastæðum.
Nánar um tillöguna vísast til kynningargagna.

Tillögurnar liggja frammi í þjónustuveri Reykjavíkurborgar að **Borgartúni 12-14**, 1. hæð, virka daga kl. 8:20 – 16:15, frá 10. apríl 2013 til og með 23. maí 2013. Einnig má sjá tillögurnar á heimasíðunni, ***www.skipbygg.is***. Eru þeir sem telja sig eiga hagsmuna að gæta hvattir til að kynna sér tillögurnar. **Ábendingum og athugasemdum við tillögurnar skal skila skriflega, til umhverfis – og skipulagssviðs, b.t. skipulagsfulltrúa, eða á netfangið *skipulag@reykjavik.is*, eigi síðar en 23. maí 2013. Vinsamlegast notið uppgefið netfang fyrir innsendar athugasemdir með tölvupósti.**

Reykjavík 10. apríl 2013
Skipulagsfulltrúi Reykjavíkur

BORGARTÚNI 12-14 - 105 REYKJAVÍK - SÍMI 411 1111 - MYNDSENDIR 411 3071

# fasteignir

ATVINNUHÚS EHF

## GLÆSIBYGGING
## 2.296 FM.





Til sölu er glæsileg og vönduð húseign við Askalind. Fjölnota hús. Á götuhæð er m.a. 1.273 fm. sýningar- og skrifstofurými. Á jarðhæð er m.a. 946 fm. rými með gólfsíðum gluggum sem hentar vel fyrir hverskyns þjónustustarfsemi og lagerhald. Laus strax.

Atvinnuhús ehf • Atli Vagnsson hdl., lögg. fasteignasali
Hverfisgata 4 • 101 Reykjavík • Sími: 561 4433 / 698 4611
atli@atvinnuhus.is

## KROSSGÁTA



**LÁRÉTT**
**2.** land, **6.** rún, **8.** þvottur, **9.** skyggni, **11.** tveir eins, **12.** óstilltur, **14.** rófa, **16.** pot, **17.** af, **18.** fálm, **20.** persónufornafn, **21.** þjappaði.

**LÓÐRÉTT**
**1.** íþrótt, **3.** stefna, **4.** trjátegund, **5.** for, **7.** starfræksla, **10.** ar, **13.** skarð, **15.** rótartauga, **16.** margsinnis, **19.** eldsneyti.

**LAUSN**
**LÁRÉTT: 2.** kúba, **6.** úr, **8.** tau, **9.** dér, **11.** rr, **12.** ókyrr, **14.** skott, **16.** ot, **17.** frá, **18.** fum, **20.** ég, **21.** tróð.
**LÓÐRÉTT: 1.** júdó, **3.** út, **4.** barrtré, **5.** aur, **7.** rekstur, **10.** ryk, **13.** rof, **15.** tága, **16.** oft, **19.** mó.




# Menn ofar málefnum

**BAKPANKAR**
Stígs Helgasonar



Kosningar eru í aðsigi og það er sem við manninn mælt að hver klisjusvolinn á fætur öðrum er byrjaður að kappjórtra gömlu tugguna um að við eigum „að fara í boltann en ekki í manninn“ – annað sé svo ómálefnalegt. Hvílíkt bull.

**SJÁLFUR** nenni ég ekki að lesa stefnuskrár framboða nema eins og starfið krefst af mér. Ég veit af fenginni reynslu að helmingur þeirra verður eftir á klippiborðinu þegar stefnuyfirlýsing ríkisstjórnar er límd saman og hinn helmingurinn vill svo vatnast út og oftar en ekki drukkna í kjaftaflóði í þinglok.

**NEI,** ég læt boltann eiga sig og fer beint í manninn; ég hlusta á fólk tala, horfi í augun á því og hugsa: er þessi manneskja skynsöm, hreinskilin, skelegg, staðföst? Eða hviklyndur og sérplæginn amlóði og vitleysingur í þokkabót? Er hún sammála mér? Treysti ég henni? Og umfram allt: hvernig mun hún bregðast við öllum þeim óvæntu viðfangsefnum sem kjörtímabilið snýst jú mestallt um að leysa? Ég þykist yfirleitt sjá það fljótlega.

**ÞAÐ** er samt ekki þar með sagt að skoðun mín á fólki sé klöppuð í stein til eilífðarnóns. Lengi hélt ég til dæmis að tiltekinn maður væri hálfviti. Sá dómur byggði á því þegar við samstarfsmennirnir vorum að ferja stóreflis þökurúllur þvert yfir vinnusvæði á Kringlumýrarbrautinni sumarið 2004, frekar en 2005, sem varð til þess að viðkomandi neyddist til að hægja ívið á jeppanum sínum. Hann gerði gott betur en það, stöðvaði, skrúfaði niður rúðuna og æpti, ekki jafnfögrum tóni og vænta mátti, að við værum „helvítis hommatittir“. Það var ekki vel meint. Hélt svo sína leið undan flauti bílanna sem höfðu raðast upp á eftir honum.

**SÍÐAN** hefur mér vitaskuld lærst að Geir Ólafsson er gæðablóð og toppmaður – þótt hann hafi kannski ekki verið upp á sitt sprækasta þennan bjarta dag sem var svo sólríkur alls staðar nema í hjartanu á honum. Boðskapur þessarar dæmisögu er sá að þeir pólitíkusar sem hafa gengið fram af mér, sumir ítrekað, með kolgölnu rugli geta enn bjargað ærunni, einna helst með því að fara sómasamlega með Hamraborgina og mæta vel á Valsleiki.

**NÚ,** svo er mér líka fjarska annt um að leiðtogar lífs míns tali vandað og fallegt mál (og noti ekki sífellt frasa á borð við „að fara í boltann en ekki manninn“) og gæti allt eins látið það ráða afstöðu minni. Þá bregður svo við að tveir flokksformenn hafa numið íslensku á háskólastigi. Og bara annar þeirra er í mínu kjördæmi. Heppinn.

## MYNDASÖGUR

**PONDUS** Eftir Frode Øverli




**GELGJAN** Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




**HANDAN VIÐ HORNIÐ** Eftir Tony Lopes




**BARNALÁN** Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman




VAXTALAUSAR
12 MÁN
AFBORGANIR
3,5% lántökugj.
EINFÖLD ÁKVÖRÐUN
VELDU ÖRYGGI
FYRIR ÞIG OG ÞÍNA
ÞÚ PASSAR HANN
VIÐ PÖSSUM ÞIG
Continental
NANKANG
Hankook
driving emotion
Mastercraft
JEPPADEKK
Dekkjaverkstæði
Smurþjónusta
Smáviðgerðir
Hjólastillingar
Bremsuklossar
Rúðupurrkur
Rúðuvökvi
Rafgeymar
Peruskipti
SÓLNING
Renndu við
www.solning.is
Smiðjuvegi 68-70, Kópavogi ☎ 544 5000
Hjallahrauni 4, Hfj ☎ 565 2121
Rauðhellu 11, Hfj ☎ 568 2035
Fitjabraut 12, Njarðvík ☎ 421 1399
Eyrarvegi 33, Selfossi ☎ 482 2722
– UMBOÐSMENN UM LAND ALLT –


1VP 815


RECRUITING!
THE FABULOUS INTERNATIONAL
SUNSHINE CLUB
SEEKS NEW MEMBERS
Plain Vanilla operates in Reykjavik and San Fransisco and is building the world's first trivia social platform. We believe we are building something special and we need people to join us and make it all happen. In particular:
1. Infrastructure Engineer
2. Python Developer
3. Android Developer
4. Unity3D Developer
5. iOS Developer
6. Interactive Designer
7. Office Manager
8. Content Editor
9. Community Manager
10. Regional Manager for China
Plain Vanilla
AFTER HOURS
SUNSHINE CLUB
EST. 2012
REYKJAVIK & SAN FRANCISCO
More info at www.plainvanilla.is/jobs

## HVAÐ? HVENÆR? HVAR?

**MIÐVIKUDAGUR 10. APRÍL 2013**

### Fundir

**08.15** Ársfundur Stofnunar Árna Magnússonar í íslenskum fræðum verður haldinn á Hótel Sögu.

### Uppákomur



**16.00** Stofnun Vigdísar Finnbogadóttur í erlendum tungumálum býður til bókamessu í Hannesarholti, Grundarstíg 10. Auður Hauksdóttir, Kristín Guðrún Jónsdóttir og fleiri fræðimenn munu kynna bækur sínar og svara spurningum viðstaddra. Aðgangur er ókeypis og öllum heimill.

### Fyrirlestrar

**12.00** Haldinn verður opinn fundur í fundarsal Norræna hússins, á vegum Norræna hússins og Alþjóðamálastofnunar Háskóla Íslands. Fulltrúar stjórnmálaflokka ræða um norræna samvinnu og helstu málefnin sem henni tengjast.

**12.00** Friðrika Tómasdóttir, MA í frönskum fræðum við Háskóla Íslands, heldur fyrirlestur undir yfirskriftinni Hlutverk og staða vinnukonunnar í verkum Balzacz. Fyrirlesturinn fer fram í stofu 106 í Odda HÍ. Aðgangur er ókeypis og öllum heimill.

*Upplýsingar um viðburði sendist á hvar@frettabladid.is*

# Skipsflautur opna Listahátíð

Í opnunaratriði Listahátíðar í Reykjavík verða skipin í Reykjavíkurhöfn notuð sem hljóðfæri þegar fluttur verður konsertinn Vessel Orchestra eftir Lilju Birgisdóttur. Hátíðin verður sett 17. maí.

Listahátíð í Reykjavík verður sett með nýju verki á miðbakka Reykjavíkur föstudaginn 17. maí. Fluttur verður skipsflautukonsertinn Vessel Orchestra eftir Lilju Birgisdóttur. Þá er blásið í skipslúðra skipanna í Reykjavíkurhöfn eftir fyrirmælum höfundarins, sem verður búinn talstöð og mun stjórna flotanum í verki sem vart mun fara fram hjá fólki í nágrenninu.

Lokatriði hátíðarinnar verður einnig tónverk, en af allt öðrum toga. Það er skrifað fyrir Eldborg og önnur hljóðfæri ekki notuð við flutning þess. Það eru Ilan Volkov og Hlynur Aðils Vilmarsson eru höfundar verksins sem verður flutt af kanópíunni, stóru smíðisvirki yfir sviði Eldborgar sem má færa upp og niður til að breyta hljómburði í salnum.

Þess á milli verða margvísleg atriði sem spanna vítt svið lista; tónleikar, myndlistarsýningar, gjörningar og dans.

„Áhersla Listahátíðar í Reykjavík í ár er á hið skapandi rými þar sem listgreinarnar mætast; á tilurð nýrra verka og endurgerð eldri verka, á nýsköpun, en einnig á söguna sem uppsprettu andagiftar," sagði Hanna Dóra Styrmisdóttir, listrænn stjórnandi hátíðarinnar, við kynningu hennar í Sólheimasafni í gærdag en Hanna Dóra segir styrkleika Listahátíðar meðal annars felast í fjölbreytninni. Sú fjölbreytni birtist meðal annars „í óvenjulegum fjölda listamanna, innlendra og erlendra, sem taka þátt í eða eiga verk á hátíðinni, en einnig í áherslu hátíðarinnar á margbreytilega upplifun áhorfandans."

Þess má geta að hátt á sjötta hundrað listamenn taka þátt í Listahátíð í Reykjavík í ár, frá um þrjátíu löndum.

Sýningarstaðir eru margir, meðal annars Harpa, Norræna húsið, Listasafn Íslands og Hafnarborg.

sigridur@frettabladidi.is



**KONURNAR Á BAK VIÐ LISTAHÁTÍÐ** Þær Steinunn Þórhallsdóttir kynningarstjóri, Hanna Styrmisdóttir, listrænn stjórnandi, og Auður Rán Þorgeirsdóttir framkvæmdastjóri Listahátíðar kynntu í gær dagskrá Listahátíðar í Reykjavík. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

## Margmiðlunartónleikar og myndlistarsýning

Á opnunardag Listahátíðar verða tónleikar í Eldborgarsal Hörpu með Bang On a Can All-Stars sem er hinn rafmagnaði útvörður hópsins, sem leikur jöfnum höndum klassík, djass, heimstónlist og tilraunakenndar samtímatónsmíðar. Hér flytja þau Field Recordings sem er nýjasta verkefni hópsins, margmiðlunartónleikar, þar sem flutt verða tón- og myndverk eftir Miru Calix, Christian Marclay, Tyondai Braxton, Jóhann Jóhannsson og fleiri. Þennan dag verður einnig opnuð myndlistarsýningin Mannshvörf í Listasafni Íslands. Svo rekur hver atburðurinn annan en nánari upplýsingar um hátíðina er að finna á heimasíðu Listahátíðar í Reykjavík www.artfest.is.



# Vori fagnað á Flúðum

Árnesingar fagna vori með söng og kveðskap á Flúðum á morgun. Gamanið verður endurtekið síðar í lágsveitunum. Flutt verður nýtt ljóð um kríuna.

Kvæðamenn, skáld og söngvarar koma saman á Flúðum á morgun með dagskrá sem nefnist Syngjandi vor sem Ingi Heiðmar Jónsson organisti hefur undirbúið ásamt fleirum. Sigríður skáldkona í Arnarholti flytur vorljóð og gestir syngja saman vorsöngva við undirleik Inga Heiðmars.

Meðal þess sem sungið verður í Hreppunum er nýtt ljóð um kríuna eftir Ragnar Böðvarsson á Selfossi þar sem fyrsta vísan er svona:

*Þú kemur úr suðrinu kría mín góð*
*með klofið og gerðarlegt stél*
*og dálítið frekjuleg, hávær hljóð*
*sem hæfa þér býsna vel.*

Ragnar vill ekki kalla sig staðarskáld Selfoss en viðurkennir að vera nokkurs konar hirðskáld Inga Heiðmars.

„Það hefur talsvert verið sungið af mínum söngtextum á samkomum hér í Flóanum, sem Heiðmar Ingi hefur staðið fyrir, og eitt ljóð verður frumflutt á morgun." segir Ragnar. En syngur hann sjálfur? „Já, ég syng í kór eldri borgara og svona þegar fólk kemur saman. Ég býst samt ekki við að fara upp að Flúðum en það verður önnur Syngjandi vorsamkoma hér á Selfossi 29. apríl og þá er mjög líklegt að ég mæti."

Dagskráin hefst klukkan 15.30. -gg



**RAGNAR BÖÐVARSSON** Ljóð hans um kríuna verður frumflutt á morgun. Hann hefur líka ort óð til melgresisins sem oft er sunginn í Flóanum. MYND/ANNA MARÍA SIGURJÓNSDÓTTIR



**PAULINE OLIVEROS** Pauline Oliveros hefur haft djúp áhrif á bandaríska tónlist með tónverkum sínum, spuna, hugleiðslu og mjög sérstökum tónleikaviðburðum.

## Sinfó leitar flytjenda fyrir Tectonics

Sinfóníuhljómsveit Íslands auglýsir eftir þátttakendum til að flytja verk Pauline Oliveros „Willowbrook, generations and reflections" á Tectonics-tónlistarhátíðinni. Verkið verður flutt á tónleikum í hótelgrunninum suðvestan við Hörpu, laugardaginn 20. apríl kl. 17.00.

Áhugasamir eru boðaðir á tvær æfingar í Hörpu, í kvöld klukkan hálfátta í Hörpuhorninu og á miðvikudaginn 17. apríl frá sex til átta. Lengd verksins er óákveðin sem og fjöldi flytjenda sem mega mæta með hljóðfæri eða án. Allt verkið er spunnið út frá bendingum stjórnenda. Þrír hljómsveitarstjórar stjórna verkinu, Ilan Volkov, aðalhljómsveitarstjóri Sinfóníuhljómsveitarinnar, Áki Ásgeirsson og Guðmundur Steinn Gunnarsson.

Tectonics-hátíðin verður haldin 18.-20. apríl.



**SJÓN** Rökkurbýsnir þykir í hópi bestu sagna sem þýddar voru á síðasta ári yfir á ensku.

## Sjón berst við Houllebecq

Rökkurbýsnir eftir Sjón er á meðal tíu bóka sem etja kappi um hin virtu IMPAC DUBLIN-verðlaun. Sagt var frá því fyrir jól að bókin, sem á ensku heitir From the Mouth of the Whale, væri á langa listanum yfir bækur tilnefndar til verðlaunanna. Nú er búið að stytta hann niður í tíu bækur og eru Rökkurbýsnir enn þá inni.

IMPAC DUBLIN-verðlaunin eru veitt árlega fyrir skáldverk þýtt á ensku. Meðal sterkra keppinauta Sjóns í ár eru Michel Houellebecq, sem er tilnefndur fyrir Kortið og landið, og Haruki Murakami, sem er tilnefndur fyrir doðrantinn 1Q84.

Það er Vicky Cribb sem þýðir Rökkurbýsnir á ensku og hefur bókin fengið þrjóilegar viðtökur í Bretlandi. Úrslit verða tilkynnt 6. júní nk.




# 15 ára og raka af sér hárið í góðgerðaviku

Elísabet og Elín María í Hagaskóla ætla að raka af sér hárið á góðgerðadegi skólans. Elísabet missti föður sinn úr krabbameini fyrir einu og hálfu ári og þær vilja safna peningum fyrir hópinn Ungir aðstandendur hjá Ljósinu.

„Við vorum fyrst að grínast með þetta en svo fannst okkur þetta bara svo frábær hugmynd,“ segir Elísabet Huld Þorbergsdóttir, nemi í Hagaskóla, sem ásamt vinkonu sinni, Elínu Maríu Árnadóttur, ætlar að raka af sér hárið á góðgerðadegi skólans.

Góðgerðadagur Hagaskóla er árlegur en í ár eru það Amnesty International og hópurinn Ungir aðstandendur hjá Ljósinu, stuðningshópur fyrir börn og unglinga sem eiga foreldra sem hafa greinst með krabbamein, sem njóta góðs af því sem safnast. Ljósið stendur einmitt þeim vinkonunum nærri en Elísabet missti föður sinn fyrir einu og hálfu ári og þekkir því vel til starfssemi Ljóssins. „Við bróðir minn fengum mikla hjálp og stuðning þaðan þegar pabbi dó. Það var þess vegna sem mig langaði að gera eitthvað alveg sérstakt þessa þemavikuna til að safna sem mestum peningum,“ segir Elísabet og bætir við að hún geti hugsað sér að gefa hárið sem fær að fjúka til hárkollugerðar í framhaldinu.

Elísabet og Elín María ætla að gera athöfn úr því þegar þær raka af sér hárið en það fær að fjúka uppi á sviði fyrir framan alla í skólanum á góðgerðadeginum, þann 17. apríl næstkomandi. Móðir vinkonu þeirra er hárgreiðslukona og ætlar að munda rakvélina. „Ég hef verið með sítt hár síðan ég man eftir mér en það er svo gott að gera góðverk að okkur líður bara vel með þessa ákvörðun. Ég á samt alveg eins von á því að við förum að hágráta þarna upp á sviði fyrir framan allan skólann á meðan á rakstrinum stendur en við verðum að harka af okkur.“

Elísabet og Elín María hvetja sem flesta til að leggja málefninu lið og fyrir áhugasama er reikningsnúmer 0137-05-060713 og kennitala 210597-2399.

alfrun@frettabladid.is



**LÁTA HÁRIÐ FJÚKA** Vinkonurnar Elísabet Huld Þorbergsdóttir og Elín María Árnadóttir láta raka af sér hárið fyrir framan alla í skólanum á góðgerðadegi skólans 17. apríl næstkomandi. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

## Söfnuðu 1,8 milljónum í fyrra

- Gott mál er góðgerðadagur þar sem nemendur og starfsmenn leggja sitt af mörkum til góðgerðamála og er þessi dagur orðinn árlegur viðburður í Hagaskóla.
- Í fyrra söfnuðust um 1,8 milljónir og voru þá SPES, sem rekur heimili fyrir munaðarlaus börn í Tógó í Afríku og SKB, Styrktarfélag krabbameinssjúkra barna sem styður við krabbameinssjúk börn og fjölskyldur þeirra, styrkt.
- Undirbúningur og framkvæmd dagsins er í höndum nemenda.
- Góðgerðafélögin sem fá styrki eru valin með því að hver bekkur kemur með hugmyndir um félög og svo velur ákveðin framkvæmdanefnd unglinga tvö samtök sem hún vill styrkja.



**ZOLA JESUS** Bandaríska söngkonan Zola Jesus mætir á Airwaves. NORDICPHOTOS/GETTY

# Zola Jesus á Airwaves

**Fjöldi listamanna hefur bæst við tónlistarhátíðina Iceland Airwaves sem verður haldin í fimmtánda sinn í haust. Í erlendu deildinni eru það breski R&B elektródúettinn Aluna George, bandaríska iðnaðarelektródívan Zola Jesus, Robert Forster úr The Go-Betweens, hin sænskættaða Mariam The Believer, sem spilar blöndu af blús, poppi og rokki undir persneskum áhrifum, bandaríska indípopptríóið On An On, kanadíska elektrósveitin DIANA og bresku vúdúpoppararnir í Stealing Sheep. Í íslensku deildinni hafa bæst við Mammút, Vök, Grísalappalísa og fleiri flytjendur.**

# Fallon tekur við af Leno

Jimmy Fallon mun taka við af Jay Leno sem kynnir The Tonight Show á NBC-sjónvarpsstöðinni í febrúar á næsta ári. Þátturinn verður jafnframt færður frá Los Angeles til New York.

Lorne Michaels, sem hefur stjórnað upptökum á grínþættinum Saturday Night Live, mun taka við The Tonight Show. Jimmy Fallon hefur undanfarið stjórnað þættinum Late Night with Jimmy Fallon við góðar undirtektir. „Jimmy Fallon er einstakur hæfileikamaður og hans stund er runnin upp,“ sagði Steve Burke, forstjóri NBC.



**Í SÆTI LENOS** Jimmy Fallon tekur við af Jay Leno á næsta ári.




| SMÁRABÍÓ | GLERAUGU SELD SÉR | 5% |
|---|---|---|
| G.I. JOE RETALATION 3D | KL. 5.30 - 8 - 10.30 | 12 |
| G.I. JOE RETALATION 3D LÚXUS | KL. 5.30 - 8 - 10.30 | 12 |
| ADMISSION | KL. 5.40 - 8 - 10.20 | L |
| I GIVE IT A YEAR | KL. 8 - 10.15 | 12 |
| SAFE HAVEN | KL. 8 | 12 |
| THE CROODS 3D ÍSL. TAL | KL. 3.30 - 5.45 | L |
| THE CROODS 2D ÍSL.TAL | KL. 3.40 - 5.45 | L |
| 21 AND OVER | KL. 10.30 | 14 |
| FLÓTTINN FRÁ JÖRÐU 2D | KL. 3.30 | L |

| HÁSKÓLABÍÓ | NÁNAR Á MIÐI.IS | 5% |
|---|---|---|
| ADMISSION | KL. 5.30 - 8 - 10.30 | L |
| ON THE ROAD | KL. 8 | 16 |
| THE CROODS 2D ÍSL.TAL | KL. 5.45 | L |
| SAFE HAVEN | KL. 8 - 10.30 | 12 |
| SNITCH | KL. 10.40 | 16 |
| JAGTEN | KL. 5.30 - 8 -10.30 | 12 |

| BORGARBÍÓ | NÁNAR Á MIÐI.IS | |
|---|---|---|
| GI JOE | KL. 8 - 10.15 | 16 |
| ADMISSION | KL. 8 - 10.15 | L |
| I GIVE IT A YEAR | KL. 5.50 | L |
| SAFE HAVEN | KL. 5.50 | 12 |

facebook/smarabio • facebook/haskolabio

midi.is Miðasala og nánari upplýsingar
LAUGARÁS BÍÓ
www.laugarasbio.is -bara lúxus sími 553 2075
5%



| LAUGARÁSBÍÓ | Sýningartímar | |
|---|---|---|
| G.I. JOE RETALIATION 3D | 5.50, 8, 10.15 | 12 |
| I GIVE IT A YEAR | 10.20 | 12 |
| SNITCH | 8 | 12 |
| THE CROODS 3D - ÍSL TAL | 5.50 | L |
| THE CROODS 2D - ÍSL TAL | 6 | L |

SAMBÍÓIN
KVIKMYNDAÚRVALIÐ ER Í SAMBÍÓUNUM
SAMBÍÓIN Á TOPPNUM Í 30 ÁR
KYNNTU ÞÉR MÁLIÐ Á SAMbio.is



| SAMBÍÓIN ÁLFABAKKA | | |
|---|---|---|
| G.I. JOE: RETALIATION 3D | KL. 5:40 - 8 - 10:20 | 12 |
| G.I. JOE: RETALIATION VIP | KL. 5:40 - 8 - 10:20 | VIP |
| SIDE EFFECTS | KL. 8 - 10:30 | 12 |
| ÓFEIGUR GENGUR AFTUR | KL. 5:50 - 8 - 10:10 | L |
| JACK THE GIANT SLAYER 3D | KL. 8 - 10:30 | 12 |
| THE CROODS ÍSLTAL3D | KL. 5:50 | L |
| THE CROODS ÍSLTAL | KL. 5:50 | L |
| DEAD MAN DOWN | KL. 8 - 10:20 | 16 |
| OZ: GREAT AND POWERFUL | KL. 5:20 | 10 |

| SAMBÍÓIN KEFLAVÍK | | |
|---|---|---|
| G.I. JOE: RETALIATION VIP | KL. 8 | 12 |
| SIDE EFFECTS | KL. 10:20 | 12 |
| ÓFEIGUR GENGUR AFTUR | KL. 8 - 10:10 | L |

| SAMBÍÓIN EGILSHÖLL | | |
|---|---|---|
| G.I. JOE: RETALIATION 3D | KL. 5:30 - 8 - 10:30 | 12 |
| SIDE EFFECTS | KL. 8 - 10:20 | 12 |
| ÓFEIGUR GENGUR AFTUR | KL. 5:50 - 8 | L |
| JACK THE GIANT SLAYER | KL. 3D: 8 2D: 10:10 | 12 |
| DEAD MAN DOWN | KL. 10:30 | 16 |
| OZ: GREAT AND POWERFUL 3D | KL. 5:30 | 10 |
| THE CROODS ÍSLTAL2D | KL. 5:50 | L |

| SAMBÍÓIN KRINGLUNNI NÚMERUÐ SÆTI | | |
|---|---|---|
| SIDE EFFECTS | KL. 5:40 - 8 - 10:20 | 12 |
| ÓFEIGUR GENGUR AFTUR | KL. 5:50 - 8 - 10:10 | L |
| JACK THE GIANT SLAYER 3D | KL. 10:40 | 12 |
| OZ: GREAT AND POWERFUL 3D | KL. 5:20 - 8 | 10 |

| SAMBÍÓIN AKUREYRI | | |
|---|---|---|
| SIDE EFFECTS | KL. 8 - 10:10 | 12 |
| ÓFEIGUR GENGUR AFTUR | KL. 8 - 10:10 | L |

MEÐ STUÐNINGI REYKJAVÍKURBORGAR OG KVIKMYNDAMIÐSTÖÐVAR ÍSLANDS ■ Miðasala: 412 7711 ■ Hverfisgata 54 Rvík ■ www.bioparadis.is ■ Hluti af Europa Cinemas



BÍÓ PARADÍS

| | | |
|---|---|---|
| ON THE ROAD | (16) | 17:40, 20:00, 22:20 |
| CHASING ICE | (L) | 18:00 |
| HANNAH ARENDT | (12) | 17:50, 20:00 |
| THE HUNT (JAGTEN) | (12) | 22:00 |
| DÁVALDURINN | (16) | 22:10 |
| SEQUENCES: PASSION HYMNS: BOOTLEG | (L) | 19:30 (ÓKEYPIS) |
| DRAWING RESTRAINT 17 + BLOOD OF TWO | (L) | 20:00 |

# Fimm ára afmæli á Kúbu

Tónlistarhjónin Beyonce og Jay-Z vöktu mikla athygli á Kúbu þar sem þau héldu upp á fimm ára brúðkaupsafmælið sitt.

Tugir aðdáenda söfnuðust í kringum þau á hinum þekkta veitingastað La Guardia og þurfti lögreglan að halda múgnum í skefjum. Beyonce notaði tækifærið og skoðaði ljósmyndir sem héngu uppi á veggjum staðarins af öðrum stjörnum sem hafa snætt þar. Þar á meðal eru Jack Nicholson, Jodie Foster, Danny Glover, Will Smith og James Belushi. Beyonce lét einnig mynda sig með skólakrökkum á meðan Jay-Z reykti stóran Havanavindil.



**FÓRU TIL KÚBU** Beyonce og Jay-Z vöktu mikla athygli á Kúbu. NORDICPHOTOS/GETTY



**EKKERT BRÚÐKAUP** Adam Levine segist ekki hafa áhuga á því að ganga í hjónaband. NORDICPHOTOS/GETTY

## Vill ekki giftast

Söngvarinn Adam Levine segist ekki vilja gifta sig í nýju viðtali við tímaritið Nylon Guys.

„Ég hef það fínt. Ef maður giftist ekki, þá getur maður ekki skilið heldur. Af hverju getum við ekki lært af hinum sorglega fáu hamingjusömu hjónaböndum sem fyrri kynslóðin gekk í gegnum?“ spyr söngvarinn sem var með rússnesku fyrirsætunni Önnu Vyalitsyna til byrjunar ársins 2012. Hann tók saman við fyrirsætuna Behati Prinsloo í október sama ár.

## Black Sabbath í tónleikaferð

Rokkararnir í Black Sabbath hafa auglýst tónleikaferð um Bretland í desember. Fyrstu tónleikarnir verða í O2-höllinni í London 10. desember. Þeir síðustu verða í gamla heimabæ sveitarinnar, Birmingham, tíu dögum síðar.



**OZZY OSBOURNE**

Hljómsveitin fornfræga gefur út plötuna 13 hinn 10. júní og stjórnaði Rick Rubin upptökum. Hún er fyrsta hljóðversplata Black Sabbath síðan Forbidden kom út 1995 og sú fyrsta með söngvaranum Ozzy Osbourne í 35 ár, eða síðan Never Say Die! kom út árið 1978.

## Vill ekki stórt brúðkaup

Leikkonan Keira Knightley hefur ekki áhuga á stóru brúðkaupi. Hún er sögð hafa keypt rándýrt hús í hverfinu East End í London með unnusta sínum James Righton, hljómborðsleikara Klaxons.



**KEIRA KNIGHTLEY**

Í viðtali við tímaritið Marie Claire segist hún ekki eiga neina dýra hluti því hún vill ekki láta mæla sig út frá dauðum hlutum. Spurð út í brúðkaupið sagði hún: „Við erum ekki týpurnar sem halda stórt brúðkaup. Ég hef enga þörf fyrir það. Ég ætla bara að reyna að njóta trúlofunarinnar í smá stund.“

BYGGIÐN
Félag byggingamanna

AÐALFUNDUR BYGGIÐNAR

Fimmtudaginn 11 apríl 2013 kl. 18:00

Hefðbundin aðalfundarstörf. Kosning fulltrúa á ársfund Sameinaða lífeyrissjóðsins, ársfund Stapa lífeyrissjóðs og þing Samiðnar.

Fundurinn er í haldinn samtímis í **Reykjavík á Grand Hóteli við Sigtún** (Hvammi) og á **Akureyri í Skipagötu 14, 2. hæð.**

VERT

Borgartúni 30 / 105 Reykjavík / Skipagötu 14 / 600 Akureyri
sími 535 6000 / www.byggidn.is

Kauptu betri sumardekk hjá Max1

Margverðlaunuð gæðadekk sem veita öryggi

Nokian er leiðandi í framleiðslu dekkja sem eru sérstaklega hönnuð fyrir krefjandi aðstæður norðlægra slóða. Nokian er þekkt fyrir nýjungar og framþróun á dekkjum sem veita öryggi, stuðla að auknum eldsneytissparnaði vegna lítils vegviðnáms og veita mýkt og þægindi í akstri. Nokian dekk eru margverðlaunuð gæðadekk.

Nokian býður gott úrval sumar- og heilsársdekkja. Þar á meðal er nýtt sumardekk, Nokian eLine, sem hefur fengið toppeinkunn helstu prófunaraðila heims svo sem Auto bild, ADAC og NAF.

Mundu að grip dekkjana er aðeins fjórir lófastórir fletir.
Ekki fórna örygginu í sumar. Veldu gæðadekk frá Nokian.

Nýttu þér vaxtalaus lán í allt að 12 mánuði frá Visa eða Mastercard

Renndu við!
Fáðu ráðgjöf frá sérfræðingum.
Komdu á Max1 Bílavaktina.





Nokian i3
Nokian i3 heldur góðu gripi bæði við lágt hitastig og í rigningu, reynist frábærlega við flot í bleytu og veitir framúrskarandi akstureiginleika fyrir litla og meðalstóra fólksbíla.

Nokian WR D3
Nokian WR er margverðlaunað heilsársdekk, sem hefur sannað gildi sitt við íslenskar aðstæður. Valið besta dekkið af Automotor 2012 með 99 stig af 100 mögulegum.

Nokian Line
Nokian Line sumardekkið er framúrskarandi. Það gefur besta mögulega gripið ,frábæra akstursupplifun og er sérstaklega gott í bleytu.

Nokian Rotiiva AT
Jeppadekk sem tryggir rásfestu, mýkt í akstri og mjög gott grip.

Max1 bílavaktin og Nokian uppfylla ESB reglur um hjólbarðamerkingar. Fáðu ráðgjöf.



Nokian eLine
Nýja Nokian eLine sumardekkið hefur fengið toppeinkunn helstu prófunaraðila.

Það er hannað með nútímatækni og grænum áherslu sem stuðla að betri eldsneytisnýtingu og minni mengun. Mjúkir og öryggir akstureiginleikar þess færa þér hugarró.

Eldsneytisnýting og veggrip í bleytu er afdráttarlaust það besta sem þekkist. Nokian eLine fær hæstu einkunn samræmdu Evrópustaðlanna og skorar A bæði fyrir eldsneytisnýtingu og veggrip við blautar aðstæður.

**Reykjavík:** Bíldshöfði 5a og 8 , Jafnasel 6, Knarrarvogur 2, sími 515 7190
**Hafnarfjörður:** Dalshraun 5, sími 515 7190
**Akureyri:** Tryggvabraut 5, sími 515 7050

Allar stöðvar opnar virka daga milli kl. 8:00-17:00
Laugardaga opið á Bíldshöfða 5a milli kl. 9:00-13:00

MAX1 BÍLAVAKTIN

## Dramatískt hjá Dortmund

**FÓTBOLTI** Dortmund og Real Madrid tryggðu sér í gær sæti í undanúrslitum Meistaradeildar Evrópu en fyrrnefnda liðið komst áfram eftir 3-2 sigur á spænska liðinu Malaga eftir dramatískar lokamínútur.

Malaga var yfir, 2-1, þegar venjulegur leiktími rann út en Dortmund skoraði tvívegis í uppbótartíma og tryggði sér þar með samanlagðan 3-2 sigur. 2-2 hefði ekki dugað þar sem Malaga hefði þá komist áfram á útivallamarkareglunni.

Marco Reus og Felipe Santana skoruðu mörk Dortmund í uppbótartímanum en líklega hefði átt að dæma sigurmarkið af vegna rangstæðu. Það var þó ekki gert og fögnuðu Þjóðverjarnir vel og innilega í leikslok. - esá



## Ég er ekki í sama klassa og Tiger

**GOLF** Fyrsta stórmót ársins, Masters-mótið, hefst á Augusta-vellinum á morgun. Mikil spenna er líkt og venjulega fyrir mótinu. Flestra augu beinast að Nike-félögunum Tiger Woods og Rory McIlroy.

Fjölmiðlar hafa reynt að stilla þeim upp sem helstu keppinautum fyrir mótið en Norður-Írinn McIlroy hefur reynt að draga úr öllu slíku tali.

„Ég lít ekki á mig sem einhvern aðalkeppinaut Tiger Woods eða nokkurs annars kylfings. Ég held að Tiger sé búinn vera atvinnumaður tólf árum lengur en ég,“ sagði McIlroy.

„Þegar talað er um einhverja keppinauta er rétt að bera saman árangur manna. Tiger hefur unnið 77 PGA-mót en ég sex. Hann hefur unnið fjórtán risamót en ég tvö. Ef ég væri að bera mig saman við hann væri ég að tala hann niður.“

Rory hefur átt erfiða síðustu mánuði en lék vel á móti í síðustu viku þar sem hann varð í öðru sæti. Hann virðist því vera að detta í gírinn á réttum tíma.

„Mér líður vel og finnst ég vera tilbúinn. Ég er búinn að venjast nýju kylfunum og hef ekki yfir neinu að kvarta.“ - hbg



**FÉLAGAR** Rory og Tiger eru mikið í umræðunni. NORDICPHOTOS/GETTY

## ÚRSLIT

### DOMINOS-DEILD KVENNA

**UNDANÚRSLIT, 3. LEIKUR**

**KEFLAVÍK - VALUR 68-75 (30-36)**

**Keflavík:** Birna Ingibjörg Valgarðsdóttir 17/6 fráköst, Pálína Gunnlaugsdóttir 15/4 fráköst/5 stolnir, Jessica Ann Jenkins 10/5 fráköst/5 stoðsendingar, Bryndís Guðmundsdóttir 10/5 fráköst, Ingunn Embla Kristínardóttir 8/8 fráköst, Sara Rún Hinriksdóttir 8/7 fráköst.

**Valur:** Kristrún Sigurjónsdóttir 24/9 fráköst, Jaleesa Butler 15/15 fráköst/8 stoðsendingar, Hallveig Jónsdóttir 11, Unnur Lára Ásgeirsdóttir 10, Þórunn Bjarnadóttir 7, Ragna Margrét Brynjarsdóttir 6/6 fráköst, Ragnheiður Benónísdóttir 2.

**Staðan í einvíginu er 2-1, Val í vil.**

### N1-DEILD KARLA, UMSPIL

**UNDANÚRSLIT, 1. LEIKUR**

**STJARNAN - VÍKINGUR 16-19**
**VALUR - GRÓTTA 25-19**

### MEISTARADEILD EVRÓPU

**8-LIÐA ÚRSLIT, SEINNI LEIKIR**

**DORTMUND - MALAGA 3-2**

0-1 Joaquin (25.), 1-1 Robert Lewandowski (40.), 1-2 Eliseu (82.), 2-2 Marco Reus (91.), 3-2 Felipe Santana (92.).

**Dortmund komst áfram, 3-2 samanlagt.**

**GALATASARAY - REAL MADRID 3-2**

0-1 Cristiano Ronaldo (8.), 1-1 Emmanuel Eboue (57.), 2-1 Wesley Sneijder (70.), 3-1 Didier Drogba (72.), 3-2 Cristiano Ronaldo (92.).

**Real Madrid komst áfram, 5-3 samanlagt.**

### ENSKA B-DEILDIN

**CARDIFF - BARNSLEY 1-1**

**Aron Einar Gunnarsson** lék allan leikinn í liði Cardiff og Heiðar Helguson kom inn á sem varamaður á 58. mínútu. Cardiff er í efsta sæti deildarinnar með 80 stig.

# Teljum uppsögnina ólögmæta

Kári Kristján Kristjánsson ætlaði að mæta á æfingu hjá Wetzlar í gær en var vísað frá, þar sem honum hafði verið sagt upp störfum. Stephen Pfeiffer, lögfræðingur Kára, telur hins vegar að uppsögnin sé ólögmæt.

**HANDBOLTI** Ekki sér enn fyrir endann á máli landsliðsmannsins Kára Kristjáns Kristjánssonar og Wetzlar, félagsliðs hans í Þýskalandi. Kári lét á það reyna í gær að mæta á æfingu eins og hann átti upphaflega að gera en Björn Seipp, framkvæmdastjóri félagsins, vísaði honum frá. Kári vildi ekki tjá sig um málið við Fréttablaðið en vísaði á lögfræðing sinn, Stephen Pfeiffer.

Forsaga málsins er sú að Kári Kristján lék með íslenska landsliðinu gegn Slóveníu ytra í síðustu viku. Ísland vann leikinn og spilaði Kári stórt hlutverk á lokamínútunum, er Ísland tryggði sér sigur.

> Við vonum fyrst og fremst að hægt verði að finna lausn á þessu máli sem verði bæði íþróttinni og Kára sjálfum til heilla.
>
> *Stephen Pfeiffer, lögfræðingur Kára Kristjáns*

### Sakaði Kára um blekkingar

Daginn eftir leikinn bárust fregnir af því í gegnum þýska fjölmiðla að Kára Kristjáni hefði verið sagt upp hjá Wetzlar, þar sem hann hefði gerst sekur um samningsbrot. Kári hefði verið skráður á sjúkralista félagsins til 4. apríl og mætti samkvæmt læknisráði ekki keppa fyrr en í fyrsta lagi 2-3 vikum síðar.

HSÍ og Kári svöruðu með yfirlýsingu um að leikmaðurinn hefði fengið leyfi frá tveimur læknum Wetzlar til að taka sig af sjúkralistanum, svo hann gæti spilað með íslenska landsliðinu. Seipp segir það ósatt og sakaði í fyrradag Kára um að hafa blekkt sig, þjálfara og lækna félagsins. Þetta gerði hann í langri yfirlýsingu sem birtist á heimasíðu félagsins en Seipp gekk mjög hart fram og staðhæfði til að mynda að Kári hefði stofnað lífi sínu í hættu með því að spila umræddan landsleik.

### Viljum finna lausn á málinu

Pfeiffer sagði í samtali við Fréttablaðið í gær að málið væri enn á viðkvæmu stigi. „Við göngum út frá því að um misskilning hafi verið að ræða. Við teljum enn fremur að uppsögnin muni ekki standast lög og sé því ógild,“ segir Pfeiffer og sagðist ekki vilja veita frekari upplýsingar um næstu skref í málinu að svo stöddu.

„Við vonum fyrst og fremst að hægt verði að finna lausn á þessu máli sem verði bæði íþróttinni og Kára sjálfum til heilla. Ef þetta verður að dómsmáli munum við skýra frá málstað okkar í dómsalnum,“ segir Pfeiffer.



**MEÐ WETZLAR** Óvíst er hvort Kári muni aftur klæðast hinum græna búningi Wetzlar í Þýskalandi. NORDICPHOTOS/GETTY

Kári Kristján var samningsbundinn Wetzlar til loka þessa tímabils en fyrr í vetur gekk hann frá samningi við danska liðið Bjerringbro/Silkeborg og mun hann halda til Danmerkur í sumar.

Hann hefur ekkert spilað með Wetzlar síðan í febrúar en þá gekkst hann undir aðgerð á baki þar sem góðkynja æxli var fjarlægt. eirikur@frettabladid.is




**VERÐUR HANN MEÐ?** Messi fagnar í fyrri leiknum. Óvissa er með þátttöku hans í kvöld. NORDICPHOTOS/GETTY

# Verk að vinna hjá PSG og Juventus

Átta liða úrslit Meistaradeildarinnar klárast í kvöld.

**FÓTBOLTI** Síðustu farmiðarnir í undanúrslit Meistaradeildar Evrópu verða gefnir út í kvöld. Þá tekur Barcelona á móti PSG og Bayern München sækir Juventus heim.

Bayern er í fínum málum eftir 2-0 sigur á heimavelli gegn Juventus. Barcelona nældi í 2-2 jafntefli gegn PSG í Frakklandi og stendur því vel að vígi fyrir leikinn á heimavelli sínum í kvöld.

Helsta áhyggjuefni Barcelona er þó hugsanleg fjarvera besta knattspyrnumanns heims, Lionels Messi. Hann meiddist í fyrri leik liðanna og gat ekki leikið með Barcelona um helgina. Það er því óvíst hvort hann getur spilað í kvöld.

„Það kemur bara í ljós er nær dregur leik hvort Messi getur spilað. Það veltur allt á því hvernig honum líður,“ sagði miðjumaður liðsins, Andres Iniesta, en hann segir að liðið eigi að geta klárað PSG án Messi.

„Messi er að sjálfsögðu gríðarlega mikilvægur fyrir okkur. Við erum samt ekki háðir honum. Við erum með gott lið og það geta margir menn skorað mörk fyrir okkur. Leo er vissulega númer eitt hjá okkur og við þurfum á honum að halda til þess að vinna titla.“

Jupp Heynckes, þjálfari Bayern, er bjartsýnn fyrir hönd sinna manna. Hann má það vel enda er hans lið í góðri stöðu.

„Juventus er frábært lið og hefur ítrekað sannað það í vetur. Liðið mun reyna að afreka hið ómögulega gegn okkur,“ sagði Heynckes kokhraustur en hans lið varð þýskur meistari um helgina.

Markvörður Juventus, Gianluigi Buffon, hefði getað gert betur í báðum mörkunum í fyrri leiknum og Franz Beckenbauer kallaði hann ellilífeyrisþega eftir leikinn. Heynckes ber meiri virðingu fyrir honum en Beckenbauer.

„Fyrir mér er Buffon einn besti markvörður sögunnar. Hann er goðsögn í mínum augum. Frábær maður og markvörður.“

Leikirnir hefjast klukkan 18.45 og eru í beinni útsendingu á sportstöðvum Stöðvar 2. **- hbg**

VIKUTILBOÐ
GORENJE OFN
30% AFSLÁTTUR
TILBOÐ KR: 69.900,-
ÁÐUR KR: 99.900,-



BO7110AW
Orkuflokkur A-20%
Ofnstærð 65 lítra
Undir og yfirhiti
Heitur blástur
Pizza kerfi
Afþýðingarkerfi
Þrefalt gler í hurð
Aqua Clean hreinsibúnaður
Takmarkað magn

5 ÁRA ÁBYRGÐ
Reykjavík • Skútuvogi 1 • Sími: 562 4011
Akureyri • Draupnisgata 2 • Sími: 4600 800
Reyðarfjörður • Nesbraut 9 • Sími: 470 2020
RÖNNING

FORD EXPLORER Limited 7 manna lúxusjeppi

Útlit Ford Explorer fangar athygli manns strax. Heillandi og mikilfenglegt svo hann ber af. Hágæða leðurinnrétting og voldugar álfelgur auka enn glæsileikann. Þægindin verða vart meiri með lúxusbúnaði á við SYNC samskiptakerfi, fjarstart fyrir kalda morgna, bakkmyndavél og öflugt Sony hljómkerfi. Komdu og prófaðu.



FORD EXPLORER LIMITED
FRÁ
10.650.000 KR.

brimborg
Öruggur staður til að vera á

Brimborg Reykjavík
Bíldshöfða 6
Sími 515 7000

Brimborg Akureyri
Tryggvabraut 5
Sími 515 7050

ford.is

Nýir og notaðir bílar: Söludeildir eru opnar alla virka daga kl. 9-17 og laugardaga kl. 12-16
Aukin þjónusta Bíldshöfða 6: Varahlutaverslun og verkstæðismóttaka er einnig opin laugardaga kl. 12-16

Ford Explorer Limited 7 manna 3,5 TiVCT V6 bensín, 290 hö, sjálfskiptur. Eldsneytisnotkun í blönduðum akstri 12,4 l/100 km. Tökum allar tegundir bíla uppí nýja.
Brimborg og Ford áskilja sér rétt til að breyta verði og búnaði án fyrirvara. Útbúnaður og gerð getur verið frábrugðin mynd í auglýsingu.

# DAGSKRÁ

**STÖÐ 2 kl. 20.30**

## Kalli Berndsen – í nýju ljósi

Hárgreiðslu- og förðunarmeistarinn Karl Berndsen mætir á Stöð 2 í kvöld og aðstoðar fólk við að finna fegurðina sem það býr yfir. Að þessu sinni hjálpar hann konu sem langar í nýtt útlit. Hún er fertugur bóndi, gift og þriggja barna móðir. Auk þess að aðstoða hana við fataval, hárgreiðslu og förðun þá gefur Kalli áhorfendum góð ráð í þessum skemmtilegu þáttum.



## Á HVAÐ ERTU AÐ HORFA?

**EVA ÍSLEIFSDÓTTIR** MYNDLISTARMAÐUR

**Bara RÚV**

Ég horfi bara á RÚV því ég næ ekki öðrum stöðvum á gamla túbusjónvarpinu mínu. Djöflaeyjan er í miklu uppáhaldi hjá mér þessa dagana ásamt norrænu sjónvarpsþáttunum sem eru í gangi.



**RÚV 19.00**



1 **Fréttir** „Ég reyni alltaf að ná fréttum, þó ég hafi þegar náð þeim á Rás 1."

**RÚV 19.35**



2 **Kastljós** „Mér finnst Kastljósið skemmtilegt sjónvarpsefni þegar maður vill taka púlsinn á þjóðfélaginu."

**STÖÐ 2 22.30**



3 **Girls** „Þessir þættir eru mjög skemmtilegir. Þeir eru að einhverju leyti nokkuð eðlilegir þrátt fyrir að vera týpískir sjónvarpsþættir."

## RÁS 1 — FM 92,4/93,5

**06.36** Bæn **06.39** Morgunþáttur Rásar **1** **06**.40 Veðurfregnir **07.00** Fréttir **07.30** Fréttayfirlit **08.00** Morgunfréttir **08.05** Morgunstund með KK **08.30** Fréttayfirlit **09.00** Fréttir **09.05** Okkar á milli **09.45** Morgunleikfimi **10.00** Fréttir **10.03** Veðurfregnir **10.13** Raddir Afríku **11.00** Fréttir **11.03** Samfélagið í nærmynd **12.00** Fréttir **12.02** Hádegisútvarp **12.20** Hádegisfréttir **12.45** Veðurfregnir **13.00** Flakk **14.00** Fréttir **14.03** Matur er fyrir öllu **15.00** Fréttir **15.03** Útvarpssagan: Hlustarinn **15.25** Ariasman **16.00** Síðdegisfréttir **16.05** Gullfiskurinn **17.00** Fréttir **17.03** Víðsjá **18.00** Spegillinn **18.50** Veðurfregnir **19.00** Endurómur úr Evrópu **20.00** Leynifélagið **20.30** Okkar á milli **21.10** Út um græna grundu **22.00** Fréttir **22.05** Veðurfregnir **22.10** Orð kvöldsins **22.15** Bak við stjörnurnar **23.05** Raddir og þöggun: Staðbundinn og hnattrænn margbreytileiki **00.00** Fréttir **00.05** Næturútvarp Rásar 1

## RÚV

**15.00 Alþingiskosningar 2013**
**15.30 Sjónvarpsleikhúsið: Nellie og Melba**
**15.55 Skólahreysti**
**16.40 Læknamiðstöðin** *(3:22)*
**17.25 Franklín** *(52:65)*
**17.50 Geymslan**
**18.15 Táknmálsfréttir**
**18.25 Brúnsósulandið** *(4:8)*
**18.54 Víkingalottó**
**19.00 Fréttir**
**19.30 Veðurfréttir**
**19.35 Kastljós**
**20.00 Martin læknir** *(3:8) (Doc Martin 5)* Breskur gamanmyndaflokkur um lækninn Martin Ellingham sem býr og starfar í smábæ á Cornwall-skaga og þykir með afbrigðum óháttvís og hranalegur.
**20.50 Meistaradeildin í hestaíþróttum 2013** *(10:10)*
**21.05 Kiljan** Bókaþáttur í umsjón Egils Helgasonar.
**22.00 Tíufréttir**
**22.15 Veðurfréttir**
**22.20 Alþingiskosningar 2013 – Forystusætið** *(Framsóknarflokkurinn)* Sigmundur Davíð Gunnlaugsson situr fyrir svörum um stefnumál Framsóknarflokksins.
**22.55 Matur morgundagsins – Klónuð fæða**
**23.40 Kastljós**
**00.00 Fréttir**
**00.10 Dagskrárlok**

## STÖÐ 2 BÍÓ

**11.50 Gray Matters**
**13.25 Flicka 2**
**15.00 The King's Speech**
**16.55 Gray Matters**
**18.30 Flicka 2**
**20.05 The King's Speech**
**22.00 Tenderness**
**23.40 The Contract**
**01.15 Delta**
**02.55 Tenderness**

## STÖÐ 2

**07.00 Barnatími**
**08.05 Malcolm In The Middle**
**08.30 Ellen** *(120:170)*
**09.35 Doctors** *(56:175)*
**10.15 Hank** *(6:10)*
**10.40 Cougar Town** *(12:22)*
**11.05 Privileged** *(13:18)*
**11.50 Grey's Anatomy**
**13.00 Suits** *(5:12)*
**13.45 Chuck** *(4:13)*
**14.30 Gossip Girl** *(9:10)*
**15.15 Big Time Rush**
**16.05 Nornafélagið**
**16.30 Tommi og Jenni**
**16.50 Bold and the Beautiful**
**17.10 Nágrannar**
**17.35 Ellen** *(121:170)*
**18.23 Veður** Ítarlegt veðurfréttayfirlit.
**18.30 Fréttir Stöðvar 2**
**18.47 Íþróttir**
**18.54 Ísland í dag**
**19.11 Veður**
**19.20 The Big Bang Theory**
**19.40 New Girl** *(4:24)* Gamanþættir um Jess sem neyðist til að endurskoða líf sitt þegar hún kemst að því að kærastinn hennar er ekki við eina fjölina felldur.
**20.05 Go On** *(12:22)* Gamanþáttaröð með vininum Matthew Perry í hlutverki Ryans King, íþróttafréttamanns sem missir konuna sína.
**20.30 Kalli Berndsen – Í nýju ljósi** *(4:8)* Önnur þáttaröðin með Kalla Berndsen þáttaröð þar sem bæði karlar og konur fá yfirhalningu.
**21.00 Grey's Anatomy**
**21.45 Red Widow** *(3:8)*
**22.30 Girls** *(9:10)*
**22.55 NCIS**
**23.40 Person of Interest**
**00.25 Sons of Anarchy**
**01.10 The Closer** *(15:21)*
**02.40 Southland** *(2:6)*
**03.25 Fringe** *(2:22)*
**04.10 Dark Relic**
**05.35 Fréttir og Ísland í dag**

## STÖÐ 2 SPORT *besta sætið*

**07.00 Þorsteinn J. og gestir**
**15.20 Meistaradeild Evrópu**
**17.00 Þorsteinn J. og gestir - meistaramörkin**
**17.30 Meistaradeild Evrópu - fréttaþáttur**
**18.00 Þorsteinn J. og gestir - upphitun**
**18.30 Meistaradeild Evrópu. Juventus - Bayern** Bein útsending frá leik Juventus og Bayern Munchen í átta liða úrslitum Meistaradeildar Evrópu. Þetta er síðari viðureign liðanna.
**20.45 Þorsteinn J. og gestir - meistaramörkin**
**21.15 Meistaradeild Evrópu. Barcelona - PSG**
**23.05 2013 Augusta Masters**
**01.05 Meistaradeild Evrópu. Juventus - Bayern**
**02.55 Þorsteinn J. og gestir - meistaramörkin**

## STÖÐ 2 SPORT 2 *enski boltinn*

**14.25 QPR - Wigan**
**16.05 Football League Show**
**16.35 Newcastle - Fulham**
**19.55 Premier League Review Show**
**20.50 Sunnudagsmessan**
**22.05 Man. Utd. - Man. City**
**23.45 Liverpool - West Ham**

## STÖÐ 2 krakkar

**07.00 Harry og Toto**
**07.20 Áfram Diego, áfram!**
**07.45 Waybuloo**
**08.05 Svampur Sveinsson**
**08.25 Latibær** *(17:18)*
**08.50 Dóra könnuður**
**09.25 UKI**
**09.55 Histeria!**
**10.15 Ofurhundurinn Krypto**
**10.35 Ævintýri Tinna**
**11.00 Stöð 2 Krakkar**
**17.05 Tommi og Jenni**
**17.30 Ofurhetjusérsveitin**
**17.55 iCarly** *(27:45)*

## POPP TÍVÍ

**17.00 Simpson-fjölskyldan**
**17.25 Íslenski listinn**
**17.50 Sjáðu**
**18.15 Gossip Girl**
**19.00 Friends**
**19.25 How I Met Your Mother**
**19.45 Simpson-fjölskyldan**
**20.10 American Dad**
**20.35 Funny or Die**
**21.00 FM 95BLÖ**
**21.25 Arrow** *(13:23)* Bandarísk þáttaröð um ungan milljónamæring og glaumgosa sem snýr aftur eftir að hafa verið strandaglópur á eyðieyju í fimm ár og var talinn af.
**22.10 Dollhouse**
**22.55 American Dad**
**23.15 Funny or Die**
**23.45 FM 95BLÖ**
**00.10 Arrow**
**00.55 Dollhouse**
**01.40 Tónlistarmyndbönd**

## STÖÐ 2 GULL

**18.20 Doctors** *(8:175)*
**19.00 Ellen** *(121:170)*
**19.40 Hæðin** *(9:9)*
**20.30 Örlagadagurinn**
**21.05 Krøniken** *(11:22)*
**22.05 Ørnen** *(11:24)*
**23.05 Hæðin** *(9:9)*
**23.55 Örlagadagurinn**
**00.30 Krøniken** *(11:22)*
**01.30 Ørnen** *(11:24)*
**02.30 Tónlistarmyndbönd**

## SKJÁREINN

**06:00 Pepsi MAX tónlist**
**08:00 Dr. Phil**
**08:45 Dynasty** *(12:22)*
**09:30 Pepsi MAX tónlist**
**16:25 Design Star** *(2:10)*
**18:00 Once Upon A Time** *(14:22)*
**18:45 Everybody Loves Raymond**
**19:10 Will & Grace** *(9:24)*
**19:35 America's Funniest Home Videos** *(2:44)*
**20:00 Megatíminn - BEINT** *(3:7)* Einn galnasti þáttur landsins þar sem áhorfendur geta unnið allt milli himins og jarðar í beinni útsendingu með því aðeins að senda sms. Þáttastjórnandi er hinn geðþekki Sóli Hólm.
**21:00 Solsidan** *(3:10)* Alex og Anna snúa loks aftur í þessum þáttum sem slógu í gegn meðal áskrifenda SkjásEins. Það er allt í hers höndum á heimilinu hjá Alex og Önnu þar sem er verið að taka allt í gegn. Álögin um skilnaðarhúsið vofa yfir.
**21:25 Blue Bloods** *(7:22)*
**22:10 Law & Order UK** *(9:13)*
**23:00 Falling Skies** *(7:10)*
**23:45 The Walking Dead** *(9:16)*
**00:35 XIII** *(11:13)*
**01:20 Lost Girl** *(2:22)*
**02:05 Excused**
**02:30 Blue Bloods** *(7:22)*
**03:15Pepsi MAX tónlist**

## SKJÁRGOLF

**06:00** ESPN America **07:10** Valero Texas Open **2013** *(3:4)* **12:10** Golfing World **13:00** Valero Texas Open **2013** *(3:4)* **18:00** Golfing World **18:50** Inside the PGA Tour *(14:47)* **19:15** Ryder Cup Official Film **2012** *(1:1)* **20:30** Ryder Cup Official Film **2010** **21**:45 Inside the PGA Tour *(15:47)* **22:10** Golfing World **23:00** PGA Tour - Highlights *(14:45)* **23:55** ESPN America

## ÍNN

**20.00** Björn Bjarna: Sjálfstæðismenn fylgjast vandlega með sínum gamla ráðherra **20.30** Tölvur tækni og vísindi: Ólafur vísinda- og tölvuheimurinn **21.00** Fiskikóngurinn: Hann er snillingur í sjávarréttum **21.30** Á ferð og flugi: Guðný, Þóra og Þórunn er hagnaðarrekstur ferðaþjónustunnar í augsýn?

## ÚTVARP

**FM 88,5** XA-Radíó
**FM 90,1** Rás 2
**FM 90,9** Gullbylgjan
**FM 93,5** Rás 1
**FM 95,7** FM957
**FM 96,3** FM Suðurland
**FM 96,7** Létt Bylgjan
**FM 97,7** X-ið
**FM 98,9** Bylgjan
**FM 99,4** Útvarp Saga
**FM 100,5** Kaninn
**FM 102,2** Útvarp Latibær
**FM 102,9** Lindin
**FM 105,5** Útvarp Boðun




# ERT ÞÚ ALVEG MILLJÓN?

Við hjá 10-11 erum stolt af því að árlega versla rúmlega 5 milljónir viðskiptavina hjá okkur.

Við ætlum að verðlauna milljónasta hvern viðskiptavin okkar með veglegum gjöfum.

## Við förum í milljón í apríl!




Milljónasti viðskiptavinurinn vinnur flug og gistingu fyrir tvo til London eða Kaupmannahafnar með WOW air...



...og glæsilega veislumatarkörfu að verðmæti 30.000 kr.

10-11

*Fljótlegt og þægilegt*

FÍTON / SÍA F1045540

**VORBOÐINN**



**„Það er þegar það kemur sérstakur skærblár ljómi í loftið í ljósaskiptunum sem mér finnst vera komið vor.“**

Áslaug Rún Magnúsdóttir, klarínettuleikari í hljómsveitinni Samaris.

# Allt sem er norrænt er vinsælt í New York

Rut Hermannsdóttir opnar búð, kaffihús, hanastélsbar og sýningarrými í New York.

„Við sjáum fram á að opna í haust í Brooklyn,“ segir Rut Hermannsdóttir en hún er að opna verslun, kaffihús, hanastélsbar og sýningarrými með áherslu á Norðurlöndin í New York.

Rut byrjaði að leggja drög að búðinni í New York ásamt Crystal Pei, kanadískri vinkonu sinni, og Elliot Rayman fyrir ári síðan. „Allt norrænt virðist vera mjög vinsælt í Bandaríkjunum núna. Þemað er norrænt með fókus á íslenska, norska og finnska hönnun auk hönnunar frá Færeyjum, Grænlandi og Álandseyjum,“ segir Rut en vöruúrvalið verður allt frá smærri húsbúnaði yfir í skartgripi, bækur og tónlist með áherslu á endurvinnslu og lífræna framleiðslu. „Í búðinni viljum við gjarnan að fólki líði eins og það sé að koma í heimsókn á Norðurlöndin.“

Einnig verður sýningarrými fyrir norræna listamenn tengt versluninni sem og kaffihús sem breytist í hanastélsbar á kvöldin. „Við verðum með norrænan mat og áfengi og erum meðal annars komin í samstarf við Kaffismiðjuna á Kárastíg sem ætlar að brenna fyrir okkur kaffi.“ Rut er að leita að fleiri hönnuðum og hvetur áhugasama til að hafa samband við sig á póstfanginu rut.hermannsdottir@budin-nyc.com. - áp

## Íslensk hönnun í búðinni



**VEKJA ÁHUGA Á NORRÆNNI HÖNNUN** Rut Hermannsdóttir undirbýr stofnun norrænnar verslun í New York. MYND/BRYNDÍS GUÐMUNDSDÓTTIR

Vík Prjónsdóttir
Færið
Rat design
Forynja
Dóttir og Sonur
Feldur
Hring eftir hring
María Kristín Jónsdóttir
Twin Within, Bility.
Auk þess verður bjór fra Ölvisholti á boðstólum á barnum.

MIKIÐ ÚRVAL
... af notuðum fötum ...
Fatabúð Hjálpræðishersins
Garðastræti 6, Reykjavík
Nytjamarkaður
á Eyjarslóð 7 út á Granda
Opið alla virka daga
kl. 13.00 – 18.00

FUDGE
Þú kemst fljótt að!
...en þú getur líka pantað tíma
Rakarastofan Klapparstíg
S: 5513010

VIÐ VILJUM VITA
MÖGULEG INNGANGA ÍSLANDS Í EVRÓPUSAMBANDIÐ SNÝST UM HAGSMUNI ALMENNINGS – UM LÍFSKJÖR – UM FRAMTÍÐ.
KLÁRUM VIÐRÆÐURNAR OG SJÁUM SAMNINGINN.
JAISLAND.IS
Já! ÍSLAND

# XXX Rottweiler snýr aftur með nýja plötu

Rappsveitin XXX Rottweiler er að undirbúa sína fyrstu plötu í rúman áratug.

Fyrsta plata rappsveitarinnar XXX Rottweiler í rúman áratug er í undirbúningi.

„Við erum komnir með tvö ný lög sem við vorum að klára um daginn sem eru „illuð“,“ segir Erpur Eyvindarson, öðru nafni BlazRoca. Annað lagið nefnist Þú veist og er á leiðinni í útvarpsspilun. „Lúlli, ég og Bent fórum út á land og lágum yfir þessu. Þetta er eins og Rottweiler á að vera, mjög hart og mjög „dirty“. Engin miskunn.“

Rottweiler hefur á ferli sínum gefið út tvær stórar plötur, XXX Rottweiler hundar sem kom út 2001 og Þú skuldar sem kom árið eftir. Sú fyrrnefnda hafði að geyma lögin Þér er ekki boðið, Bent nálgast og Sönn íslensk sakamál, sem öll slógu í gegn.

Á þessum rúma áratug sem er liðinn hafa bæði Bent og Erpur gefið út sólóplötur, auk þess sem Erpur gerði plötu með Hæstu hendinni. Meðfram þessu hafa komið út stöku lög með Rottweiler, þar á meðal Gemmér og Klárum allt í kvöld.

Aðspurður segir Erpur óvíst hvenær nýja platan kemur út. „Útgáfumál breytast rosalega hratt. Ég seldi gull af Kópacabana [sólóplötunni] en það er rosalega mikil vinna á bak við það að selja plötu. Auðvitað er plötusala ekki búin eins og Mugison og Ásgeir Trausti vita. Hér áður fyrr tóku menn áhættu en núna held ég að plata þurfi að seljast í fimm til tíu þúsund eintökum til að fólk treysti sér til að kaupi hana. Það er mjög ferskt sánd á þessari plötu og við viljum að allt við hana verði ferskt.“

Erpur segir XXX Rottweiler í góðu formi þrátt fyrir að hafa ekki gefið út lengi. „Við erum mjög graðir í þetta núna. Það er rosalega mikil stemning fyrir þessu,“ segir hann og telur rappsveitina enn eiga fullt erindi á markaðinn. „Þetta hefur ekki breyst neitt. Við eigum þetta „shit“.“

freyr@frettabladid.is



**XXX ROTTWEILER** Erpur, Lúlli og Bent eru að undirbúa glænýja Rottweiler-plötu. FRÉTTABLAÐIÐ/ARNÞÓR



## ➜ Ánægður með ákæruna

Rapparinn Móri hefur verið ákærður fyrir að hafa elt Erp um útvarpssvið 365 vopnaður hnífi og rafbyssu. Þrjú ár eru liðin frá atvikinu. Erpur segist ekkert hafa tjáð sig um málið hingað til og ætli ekki að gera það fyrr en því lýkur. Hann tekur þó fram að hann sé ánægður með að málið sé komið fyrir rétt.

## Hvítir skór á næstu sólóplötu



Auk þess að vinna í nýrri plötu XXX Rottweiler er Erpur að undirbúa aðra sólóplötu sína. Á meðal laga á henni verður hið vinsæla Hvítir skór sem hann samdi með Ásgeiri Trausta. Annað lag af plötunni er að verða tilbúið en það kemur út síðar. Óvíst er hvort platan kemur út á þessu ári. Erpur er einnig að aðstoða bróður sinn, rapparann Sesar A, við að taka upp efni með nokkrum ungum og efnilegum röppurum.





Vorferð til Mið-Evrópu
18. - 26. maí
228.300 KR.-
Mjög mikið innifalið
á mann miðað við 2 fullorðna í tvíbýli. Gist er í **Tírol** frá 18.-21.maí, við **Bodenvatn** 21.-24.maí og í **München** 24.-26.maí.
Um ferðina:
Í þessari fallegu og rómantísku vorferð sem hefst um hvítasunnuna er dvalið á undurfögrum stöðum í Austurríki og Þýskalandi og ferðast, fræðst og rölt um í mestu makindum.
**Fararstjóri:** Ása María Valdimarsdóttir.
LÁGMÚLI 4 108 RVK | S. 585 4000 | URVALUTSYN.IS

Vissir þú að...
börn eiga rétt á læknisaðstoð og heilbrigðisþjónustu.
Barnaheill
Save the Children á Íslandi

# Átta klukkustundir á dag í kajak

Guðni Páll Viktorsson rær hringinn í kringum landið í sumar til styrktar Samhjálp.

„Ætli þetta hafi ekki verið draumur og ævintýraþrá sem runnu saman og úr varð þetta verkefni,“ segir Guðni Páll Viktorsson, sem ætlar að róa einn síns liðs á kajak í kringum landið í sumar til styrktar Samhjálp. Guðni Páll leggur af stað frá Höfn þann 1. maí og mun ferðalagið taka um tvo mánuði.

Guðni Páll hefur stundað kajakróður af miklum krafti í nokkur ár og er með leiðsögumannaréttindi í íþróttinni frá Bretlandi. Þar fyrir utan starfar hann hjá stoðtækjaframleiðandanum Össuri.

Guðni Páll mun róa í um átta klukkustundir dag hvern á meðan á ferðalaginu stendur. Þegar hann er spurður nánar út í nestis- og hvíldarstopp segir hann: „Nestispásur eru raunhæfar, en pissustoppin eru aðeins flóknari. Ég verð aldrei rosalega langt frá landi og gæti því farið í land til að leysa þessi mál, annars verður flaskan bara að duga.“

Guðni Páll viðurkennir að án stuðnings frá sínum nánustu hefði ferðalagið reynst ómögulegt. „Þetta eru tveir mánuðir af einangrun og ég gæti þetta ekki ef ég nyti ekki stuðnings kærustu minnar, fjölskyldu og vinnuveitanda.“ - sm

**7000** hitaeiningum mun Guðni Páll brenna daglega á ferðalagi sínu.



**Í KRINGUM LANDIÐ** Guðni Páll Viktorsson mun róa í kringum landið á kajak í sumar. Ferðalagið tekur tvo mánuði og er til styrktar Samhjálp.

*Performer*
*JS Watch co. Reykjavik*
*og Gilbert úrsmiður kynna*



**JETHRO TULL'S**
**IAN ANDERSON FLYTUR**

# BEST OF JETHRO TULL



**Þekktustu lögin úr 45 ára sögu Jethro Tull verða flutt. Aqualung, Locomotive Breath, Bouree, Budapest, Living in the Past og fleiri perlur munu fá að hljóma í þessari einstöku tónleikaferð um landið.**

**MIÐASALA HEFST Í DAG KL: 12:00**
**Á MIDI.IS , HARPA.IS OG MENNINGARHUS.IS**
**TRYGGÐU ÞÉR MIÐA Í TÍMA!**
**SÍÐAST SELDIST UPP Á 7 MÍNÚTUM**

**Föstudag 7. júní - Hof, Akureyri**
**Laugardag 8. júní - Höllin, Vestmannaeyjum**
**Sunnudag 9. júní - Eldborg, Harpa Reykjavík**

JS Watch co. REYKJAVIK
performer
GILBERT ÚRSMIÐUR

Miðasala á midi.is, menningarhus.is og harpa.is. Miðasölusími Hörpu er 528 5050 og á Hof 450 1000.

# FRÉTTABLAÐIÐ

**VIÐ SEGJUM FRÉTTIR** • SMÁAUGLÝSINGASÍMINN OG SKIPTIBORÐ: 512 5000 **VÍSIR**

**RITSTJÓRN** 512 5313, Fax: 512 5301, ritstjorn@frettabladid.is **AUGLÝSINGADEILD** auglysingar@frettabladid.is **PRENTUN** Ísafoldarprentsmiðja

Póst dreifing

**DREIFING:** dreifing@postdreifing.is
**EF BLAÐIÐ BERST EKKI:** 512 5060



FRÉTTIR VIÐSKIPTI ÍÞRÓTTIR LÍFIÐ UMRÆÐAN

vísir

Meiri Vísir.


## FRÉTTIR AF FÓLKI

### Hemmi hættir á Bylgjunni

Það stendur mikið til hjá gleðigjafanum **Hermanni Gunnarssyni** um þessar mundir. Hann hefur boðað starfslok á Bylgjunni um næstu mánaðamót og leggst nú í að skrifa æviminningar sínar í félagi við blaðamanninn Orra Pál Ormarsson. Bókin kemur út hjá Senu í haust og verður eflaust fjörug lesning, enda er óhætt að segja að lífshlaup Hemma hafi verið fjölskrúðugt og skrautlegt. „Það er búið að biðja mig um þetta í fjörutíu ár, en ég sá aldrei tilefni til þess fyrr en nýlega," segir Hemmi. „Þetta verður beint frá hjartanu, en engin fyllerísbók eða frægðarbók, heldur Hemmi í blíðu og stríðu," segir Hemmi, sem segist munu kveðja samstarfsfólk sitt á Bylgjunni með miklum söknuði. **- thj**



### Söng í beinni

Söngkonan **Jóhanna Guðrún Jónsdóttir** söng lagið Fields Of Gold í beinni útsendingu í Artist Galla á norsku sjónvarpsstöðinni TV2 um helgina. **Davíð Sigurgeirsson,** kærasti Jóhönnu Guðrúnar, og Eurovision-farinn Alexander Rybak spiluðu undir fyrir söngkonuna. TV2 er ein stærsta sjónvarpsstöð Noregs og Artist Galla er eins konar uppskeruhátíð norskra listamanna. Jóhanna Guðrún flutti til Noregs ásamt Davíð og hundinum Bjarti fyrir rúmu ári. Fyrst um sinn bjuggu þau í Ósló en fluttu svo til bæjarins Kongsvinger þar sem þau tóku þátt í verkefni sem fól í sér að lokka hæfileikafólk til bæjarins. **- sm**



### Mest lesið vísir

1. Púðluhundur reyndist mörður á sterum
2. Birtir Húsavíkurlistann í heild sinni: „Víti til varnaðar"
3. Stendur ekki á bak við ungliðahreyfingu
4. Presturinn biðst afsökunar
5. Rapparastríð leiðir til ákæru gegn Móra







